

**ÍSLENSKAR KONUR**

*Ganga saman í New York*

• Heilsa • Heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**KRISTÍN ÞÖLL ÞÓRSDÓTTIR**

*Saumar brúðarkjóla úr þæfðri ull og silki*

Sérblað um Norðurland

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

**HLJÓMSVEITIN GUS GUS**

*Tónleikastaður rýmdur vegna sprengjuhótunar*

Hótunin reyndist vera gabb

FÓLK 34




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. júlí 2007 — 178. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR



**Sýning í Friðriksborgarhöll**

Mannamyndir Sigurjóns Ólafssonar sýndar í Danmörku.

MENNING 22



**Fluttur til Danmerkur**

Fatahönnuðurinn og stílistinn Ásgrímur Már Friðriksson er lagður í útrás og hyggur á landvinninga í Baunalandi.

FÓLK 34

**Raforka á álverstaxta**

„Það er skýlaus krafa sjávarbyggðanna og hreint sanngirnismál að fiskvinnslan fái rafmagn á álverstaxta!“ segir Jón Bjarnason.

Í DAG 16



**Heiðar í viðræður við WBA**

Heiðar Helguson mun í dag hefja viðræður við 1. deildarfélagið WBA um hugsanleg skipti frá Fulham.

ÍÞRÓTTIR 28

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÁFRAM HLÝTT -** Í dag verður yfirleitt norðaustan 3-10 m/s, stífast við suðaustur- og austurströndina. Bjart með köflum vestan til, annars fremur skýjað. Síðdegisskúrir í uppsveitum sunnan til. Hiti 12-20 stig, hlýjast til landsins syðra og vestra.

VEÐUR 4





*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007


# Talið að ráðherra fari að tillögu Hafró

**Sjávarútvegsráðherra kynnir ákvörðun um veiðiheimildir næsta fiskveiðiárs í dag. Búist er við að hann fari að tillögu Hafrannsóknastofnunar. Samhliða verða kynntar aðgerðir til að mæta erfiðleikum í atvinnumálum sjávarbyggða.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Útlit er fyrir að heimilt verði að veiða 130 þúsund tonn af þorski á næsta fiskveiðiári, líkt og Hafrannsóknastofnunin lagði til í byrjun síðasta mánaðar.

Ákvörðunin er sjávarútvegsráðherra sem hefur síðustu daga og vikur gaumgæft forsendur stofnunarinnar og metið ætluð áhrif samdráttar í þorskveiðum á þjóðarbúið og einstaka sjávarbyggðir.

Til hliðsjónar hefur ráðherra haft nýja skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um efnahagsleg áhrif samdráttar á heildarafla og breytingu aflareglunnar.

Heimildir Fréttablaðsins herma að ráðherra hallist að því að fara að tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar eða í öllu falli nálgast þær mjög.

Málið er á dagskrá fundar ríkisstjórnarinnar fyrir hádegi í dag og er búist við að upplýst verði um ákvörðunina í kjölfar hans.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis heyrði sjónarmið hagsmunaaðila í sjávarútvegi í gær og þingflokkur Sjálfstæðisflokksins fundaði um málið síðdegis. Þá hittust formenn stjórnarflokkanna í gærkvöldi til skrafs og ráðagerða.

Samhliða því að aflaheimildir næsta fiskveiðiárs verða opinberaðar mun ríkisstjórnin kynna aðgerðir til að mæta skakkaföllum í atvinnulífi sjávarbyggða sem hljótast af samdrætti í þorskveiðum.

Á yfirstandandi fiskveiðiári er heimilt að veiða 193 þúsund tonn af þorski. Nýtt fiskveiðiár hefst 1. september.

Ríkisstjórnin einsetti sér að kynna ákvörðun um veiðiheimildir fyrir fimmtudaginn 5. júlí en þá er vaxtaákvörðunardagur Seðlabankans.

Landssamband útvegsmanna vill að veidd verði 155-160 þúsund tonn af þorski á næsta fiskveiðiári. Sambandið kynnti tillögur sínar í gær sem að auki innihalda umfangsmiklar breytingar á stjórn fiskveiða.

- bþs / sjá síðu 6



**HEIMTUR ÚR HELJU** Kötturinn Doddi í fangi eiganda síns, Diljár Guðmundardóttur, sem var að vonum ánægð að fá kisu aftur eftir eins og hálfs árs fjarveru. Litli bróðir hennar, Breki Guðmundsson, er við hlið hennar ásamt hundinum Megasi. Dodda og Megasi semur ekki allt of vel en Diljá segir þá vera að venjast hvor öðrum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kötturinn Doddi fannst heill á húfi eftir að hafa verið týndur í eitt og hálft ár:

# Doddi gamli kominn heim á ný

**DÝRAHALD** „Það var æðislegt að heyra að hann væri enn á lífi,“ segir Diljá Guðmundardóttir, fjórtán ára stúlka, sem heimti köttinn Dodda úr helju fyrir skömmu en hann hafði hún átt frá því hún var þriggja ára. Doddi hafði ekki komið heim til sín í eitt og hálft ár og var talinn af. María Dóra Björnsdóttir, móðir Diljár, segir alla hafa verið undrandi yfir hvarfi Dodda, sérstaklega vegna þess að hann var alveg hættur að treysta sér langt frá húsinu sakir aldurs. „Það var því skrýtið að heyra að hann hefði fundist í Seljahverfi, lengst frá heimili sínu í Holtunum,“ segir María.

Dodda virðist ekki hafa orðið meint af útivistinni þótt hann sé nokkuð kominn við aldur. Diljá segir skýringuna á því vera þá að kona nokkur hafi miskunnað sig yfir hann. „Hún hélt að þetta væri köttur nágranna hennar en þótti ekkert mál að leyfa honum að gista og éta af og til. Þegar hún áttaði sig á því að nágranninn átti ekkert í honum hafði hún samband við Kattholt,“ segir hún.

Diljá segir alla hafa tekið kettinum vel fyrir utan hundinn Megas sem fluttist inn á heimilið eftir hvarf Dodda. „Þeir eru nú samt að venjast hvor öðrum,“ segir Diljá og bendir á að allir fjölskyldumeðlimir, hafi unað sáttir við sitt í útilegu sem farin var fljótlega eftir heimkomuna. Doddi hafi þó ekki farið út úr tjaldvagninum heldur safnað kröftum í makindum.

- kdk



**FRJÓ Í LOFTI** Grasfrjó eru snemma á ferðinni í Reykjavík í ár vegna hlýinda.

Mikið af frjókornum í loftinu:

# Grasfrjóin snemma á ferð

**NÁTTÚRA „Það er mikið af frjókornum í loftinu núna. Það er ekki í takt við árstímann en það er hins vegar alveg í takt við veðrið því það hefur verið hlýtt og þurrt undanfarið,“ segir Margrét Hallsdóttir jarðfræðingur sem hefur umsjón með frjókornamælingum Náttúrufræðistofnunar Íslands.**

**Grasfrjó eru fyrr á ferðinni í ár en vanalega og tölurnar eru háar. Aðaltímabil grasfrjóa er yfirleitt frá 10. júlí og fram að mánaðamótum júlí/ágúst en í ár voru tölurnar orðnar háar í Reykjavík síðustu dagana í júní.**

**Það eru gras- og súrufrjó sem eru á ferðinni núna og geta verið ofnæmissjúklingum til ama.** - þo

Þjófar á ferð í Hveragerði:

# Leitar að stolinni kirkju

**LÖGREGLUMÁL** „Ég skil ekki hver hefur áhuga á að stilla upp stolinni kirkju í garðinum sínum,“ segir Erla Pálsdóttir, íbúi við Kjarrheiði í Hveragerði, sem varð fyrir því óláni að skrautkirkju var stolið úr garði hennar aðfaranótt sunnudags. „Við sáum spor í blómabeðinu sem benda til þess að þetta hafi verið fullorðinn karlmaður,“ segir Erla.

Kirkjan er stór, 70 sentímetrar á lengd og 80 cm há með turninum. Hún er hvít með rauðu þaki og haganlega gerð af eiginmanni Erlu.

Erla hvetur fólk til þess að hafa augun opin og láta lögregluna á Selfossi vita sjái það kirkjulíkan sem lýsingin passar við spretta upp í garði nágrannans. - þo


**Blöndunartæki**

MORA INXX



Höfum mikið úrval blöndunartækja

TENGI

Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000 tengi.is

Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

## SPURNING DAGSINS



*Lísbet, voru þeir ekki bara sjóveikir?*

„Erum við ekki öll svolítið sjóveik?“

Lísbet Harðardóttir, sjávardýragarðsstjóri á Ísafirði, þurfti að sleppa gjörvöllu fiskasafni sínu úr búrinu á dögunum eftir að fiskarnir fengu sýkingu í augun.

Til umræðu er að lækka lánsfjárhlutfall Íbúðalánasjóðs til að mæta verðbólgu:

# Lánshlutfall lækki í 80 prósent

**STJÓRNMÁL** Lækkun lánsfjárhlutfalls almennra íbúðalána Íbúðalánasjóðs úr 90 prósentum í 80 prósent er til umræðu innan ríkisstjórnarinnar.

Eitt af höfuðviðfangsefnum stjórnarinnar, samkvæmt stefnuyfirlýsingu hennar, er að tryggja lága verðbólgu en undanfarna þrjá mánuði hefur verðbólga aukist um tvö prósent. Aukningin jafngildir 8,2 prósenta verðbólgu á ári.

Vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað um rúm tíu prósent á síðustu tólf mánuðum og vísitala neysluverðs án húsnæðis hefur hækkað um 1,7 prósent.

Ákvarðanir Seðlabanka um stöðu stýrivaxta eru teknar á grundvelli verðbólgunnar.

Fyrri ríkisstjórn greip til sérstakra aðgerða um mitt síðasta ár til að draga úr þenslu og var þar efst á blaði lækkun lánsfjárhlutfalls Íbúðalánasjóðs úr 90 prósentum í 80 prósent. Að auki voru hámarkslán sjóðsins lækkuð úr átján milljónum í sautján.



**RÍKISSTJÓRNIN** hefur til athugunar að lækka lánshlutfall Íbúðalánasjóðs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sú ráðstöfun varði í átta mánuði en þáverandi félagsmálaráðherra, sem fer með málefni Íbúðalánasjóðs, ákvað 1. mars að hækka lánshlutfallið á ný í 90 prósent. - bþs

SÞ-ráðstefna í Taílandi:

## Alþjóðlegar tóbaksvarnir

**BANGKOK, AP** Fulltrúar fjölda landa og Heilbrigðisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (WTO) skoruðu í gær á Bandaríkin, Rússland og fleiri lönd að ganga til liðs við alþjóðlegan tóbaksvarnasáttmála.

Hingað til hafa 148 ríki fullgilt sáttmálann, sem gerður var árið 2003, en nú fer fram ráðstefna um fullgildingu hans í Bangkok í Taílandi. Dr. Haik Nikogosian, talsmaður sáttmálans sagði það myndu hafa „hnattræn áhrif“ ef Bandaríkin og Rússland bættust við, ekki bara vegna mikillar neyslu tóbaks í þessum löndum heldur ekki síður fyrir þær sakir að þau flytja mikið tóbak út. - aa



**UMFERÐARSLYS** Þótt ökutækjum fjölgi fjölgar alvarlegum umferðaróhöppum í höfuðborginni lítið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óhöpp í umferðinni:

## Færri slasast alvarlega

**SLYS Þeim sem slasast alvarlega í umferðarslysum á höfuðborgarsvæðinu hefur fækkað frá árinu 2002. Slysum á höfuðborgarsvæðinu hefur einnig fækkað sé tekið tillit til fjölda ökutækja.**

**Á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2002 slösuðust 17 manns alvarlega í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu. Í ár voru þeir 15 og hefur fækkað um 12 prósent. Það segir þó aðeins hálfa söguna því á þessu tímabili hefur ökutækjum á svæðinu fjölgað um nær 50.000. Fjöldi alvarlegra slasaðra miðað við 10.000 ökutæki hefur farið úr 1,4 á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2002 í tæplega 0,9 árið 2007.**

**Banaslysum í umferðinni fjölgar ekki.** - þo

### BRETLAND

**Konungsfjölskyldan stækkar**

Breska konungsfjölskyldan mun stækka í desember næstkomandi, þegar eiginkona Eðvarðs prins, Sophie, verður léttari. Hirðin upplýsti í gær að hún gengi með annað barn þeirra hjóna. Eðvarð prins er yngsti sonur Elísabetar Englandsdrottningar.

# Þörf eftir líffæragjöfum hefur aukist

**Úrbætur á löggjöf um líffæragjafir eru mikilvægar að mati Runólfs Pálssonar, yfirlæknis á Landspítalanum. Hann segir að þeir sem þarfnast líffæraígræðslu muni fjölga á næstunni. Aðstoðarlandlæknir segir líffæragjafakort skila litlum árangri.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Þörf fyrir líffæragjafir á eftir að vaxa á næstu árum að sögn Runólfs Pálssonar, yfirlæknis nýrnalækninga Landspítalans. Hann segir þörf á úrbótum á löggjöf um líffæragjafir mikilvæga til lengri tíma litið.



**RUNÓLFUR PÁLSSON**

Kristján Oddsson aðstoðarlandlæknir segir svokölluð líffæragjafakort, sem fólk getur notað til að samþykkja líffæragjöf, ekki hafa neitt lagalegt gildi og mjög takmörkuð gögn til um þau. Reynsla annarra þjóða sýni að slíkt fyrirkomulag skili litlum árangri.

Runólfur segir að fáir skrái sig sem mögulega líffæragjafa og því sé alltaf leitað til aðstandenda fyrir frekara samþykki beri slys að höndum og geti þeir neitað líffæragjöfinni.

„Hér á landi er gengið út frá því sem kallað er ætluð neitun, það er að fólk vilji ekki gefa líffæri sín nema annað hafi komið fram. Víða í Evrópu er hins vegar svokallað ætlað samþykki þar sem gengið er að því vísu að fólk vilji að líffæri sín nýtist öðru fólki nema hið gagnstæða hafi verið látið í ljós,“ segir Runólfur. Hann segir að þó vel hafi gengið að ráða bót á þörf þeirra sem þurfi á líffæragjöf að halda hér á landi, sé ljóst að þörfin fyrir líffæragjafir eigi eftir að aukast. Ástæður þess eru meðal annars þær að með framförum í læknavísindum gangist fleiri undir líffæraígræðslu. Líffæraþegar þurfi svo oft að gangast undir aðra líffæragjöf síðar meir.



**LÍFFÆRAÍGRÆÐSLA** Svokölluð líffæragjafakort hafa ekkert lagalegt gildi og ekki er haldið utan um skráninguna. Ávallt er leitað til ættingja eftir samþykki á líffæragjöf jafnvel þótt viðkomandi líffæragjafi hafi undirritað samþykkt um hana.

Runólfur bendir á að þær þjóðir sem sjaldnast skorti líffæri séu Spánverjar, Austurríkismenn og Belgar. Þar sé ætlað samþykki við líffæragjöf við lýði. „Helst myndi ég þó vilja að Íslendingar myndu líta til þess sem gert hefur verið á Spáni. Þar var fræðsla um líffæragjafir efld og þótt litið sé á að fólk vilji gefa líffæri er samþykkis ættingja ávallt leitað,“ segir Runólfur. Hann segir það skynsamlegri leið heldur en farin er í Belgíu og Austurríki þar sem líffæri úr látnu fólki eru fjarlægð án nokkurs samráðs við aðstandendur.

Samkvæmt upplýsingum frá Landlæknisembætti gangast að meðaltali um tíu Íslendingar undir líffæragjöf á ári. Flestir fá nýru en þau eru yfirleitt úr lifandi aðstandendum sjúklinganna. Runólfur segir að nú séu um tíu manns á biðlista eftir nýra og einhverjir bíði eftir líffærum sem aðeins er unnt að flytja úr látnu fólki. Það sé viðráðanlegur fjöldi en hann spái því að fjöldinn eigi enn eftir að aukast. Markvissari umræða um þessi mál sé því nauðsynleg. karen@frettabladid.is

Á slysadeild eftir launadeilur:

## Segja bareflum hafa verið beitt

**LÖGREGLUMÁL Pólskur karlmaður á fimmtugsaldri þurfti að leita á slysadeild í gærmorgun eftir átök hans og samlanda hans við íslenska samstarfsmenn sína.**

**Átökin áttu sér stað í nýbyggingu í Mosfellsbæ snemma í gærmorgun. Mennirnir sögðu að Íslendingarnir hefðu verið vopnaðir sleggjum og spýtum í átökunum. Mennirnir vinna allir hjá fyrirtækinu pappi.is.**

**Þeir áttu að fara í verk til Vestmannaeyja í gær en neituðu að fara nema þeir fengju launahækkun, að sögn Gunnars Magnússonar eiganda. Hann gat ekki orðið við þeirri kröfu og mennirnir sögðu upp. Í kjölfarið brustu út átök.**

**Gunnar segir að annar mannanna hafi slegið til sonar síns með spýtu og þá hafi málin farið úr böndunum. Hann segir hins vegar af og frá að barefli á borð við sleggjur hafi verið notuð í slagsmálunum. Áverkar slasaða Pólverjans reyndust minniháttar.**

**Lögregla ræddi við Íslendingana í gær og verður málið rannsakað frekar á næstu dögum.** - sh/þo

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Eldur í mosa við Bláfjöll**

Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu slökkti eld í mosa skammt frá Bláfjallaskálanum síðdegis í gær. Eldurinn kviknaði út frá tækjabúnaði frá Norræna eldfjallamiðstöðinni. Slökkviliðið hvetur menn til að fara varlega með eld enda er gróður víða afar þurr.

**Ók ölvaður á ljósastaur**

Ekið var á ljósastaur og rafmagnskassa á Skagabraut í Garði síðdegis í gær. Ökumaðurinn kvaðst hafa blindast af sólinni en er grunaður um ölvun við akstur.


**BÍLL DAGSINS**
**GMC SIERRA DENALI K1500**
Nýskr. 02.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 104 þús. km.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.


Fundur forseta Rússlands og Bandaríkjanna í sumarhúsi Bush-fjölskyldunnar í Maine:

# Stilla saman strengi gegn Íran

**KENNEBUNKPORT Í MAINE, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti og Vladimír Pútín Rússlandsforseti sneru í gær bökum saman gagnvart meintri kjarnorkuvígvæðingaráætlun Íransstjórnar.

„Þegar Rússland og Bandaríkin leggjast á eitt hefur það yfirleitt sín áhrif og þess vegna kann ég að meta afstöðu Rússa í Sameinuðu þjóðunum,“ sagði Bush á blaðamannafundi eftir fund forsetanna í sumarhúsi Bush-fjölskyldunnar við Atlantshafsströndina í Kennebunkport í Maine. „Við erum nærri því að viðurkenna að við verðum að vinna saman til að koma sameiginlegum boðskap á framfæri,“ sagði hann.

Pútín spáði því að „við munum halda áfram að ná árangri“ innan öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Aðrir fulltrúar í öryggisráðinu eru byrjaðir að ræða tillögu Bandaríkjastjórnar um hertar þvingunaraðgerðir gegn Íran vegna þess að Íransstjórn neitar að stöðva auðgun úrans.

Meðal annarra mála sem Bush og Pútín greinir á um eru lýðræði og eldflaugavarnir, stækkun NATO og sjálfstæði Kosovo. Lítilla framfara varð vart í þeim á fundi forsetanna. Pútín stakk upp á fleiri valkostum að breytingum á eldflaugavarnaáætlun Bandaríkjamanna, en Bush sagðist eftir sem áður vilja byggja upp aðstöðu fyrir eldflaugavarnakerfið í Póllandi og Tékklandi, sem Rússar eru mjög mótfallnir. - aa



**MÁTAR** Forsetarnir voru hinir kumpánlegustu er þeir stigu fram fyrir ljósmyndarana við Atlantshafsströndina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

www.toyota.is

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA BETRI EN AÐRIR



**Toyota RAV4 4WD**
2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 05/05 Ekinn: 68.000 km
Verð: 2.390.000 kr. Skr.nr. EE-072



**Lexus LS430**
4300 Bensín sjsk.
Á götuna: 03/04 Ekinn: 45.000 km
Verð: 600.000 kr. Skr.nr. KI-222



**Lexus RX300 EXE**
3000 Bensín sjsk.
Á götuna: 09/05 Ekinn: 25.000 km
Verð: 4.890.000 kr. Skr.nr. KO-817



**Toyota Corolla S/D Terra**
1400 Bensín sjsk.
Á götuna: 07/05 Ekinn: 73.000 km
Verð: 1.370.000 kr. Skr.nr. MI-543



**Toyota Hilux D/C 2.5 SR 35"**
breyttur með öllu, flottur bíll
2500 Dísel 5 gíra
Á götuna: 11.04 Ekinn: 72.000 km
Verð: 2.990.000 kr. Skr.nr. YH-159



**Toyota Corolla H/B Terra**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 08.03 Ekinn: 38.000 km
Verð: 1.290.000 kr. Skr.nr. MD-221



**Toyota Avensis S/D Terra**
1800 Bensín 5 gíra.
Á götuna: 03.03 Ekinn: 90.000 km
Verð: 1.230.000 kr. Skr.nr. MJ-818



**Toyota RAV4 4WD**
2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 03.05 Ekinn: 84.000 km
Verð: 2.190.000 kr. Skr.nr. NT-004



**Toyota Avensis W/G Sol**
1800 Bensín sjsk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 60.000 km
Verð: 2.090.000 kr. Skr.nr. OD-715



**Toyota Avensis S/D Terra**
1800 Bensín sjsk.
Á götuna: 06.02 Ekinn: 94.000 km
Verð: 1.190.000 kr. Skr.nr. UH-921



**Toyota Avensis S/D Sol**
1800 Bensín 5 gíra.
Á götuna: 11.05 Ekinn: 34.000 km
Verð: 2.170.000 kr. Skr.nr. SD-338



**Toyota Avensis W/G Sol**
1800 Bensín sjsk.
Á götuna: 05.04 Ekinn: 42.000 km
Verð: 1.870.000 kr. Skr.nr. VS-295

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 38269 07.2007

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Núna bjóðum við 12 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum.**

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

**GENGIÐ 02.07.2007**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,53 | 61,83 |
| Sterlingspund | 123,7 | 124,3 |
| Evra | 83,55 | 84,01 |
| Dönsk króna | 11,226 | 11,292 |
| Norsk króna | 10,491 | 10,553 |
| Sænsk króna | 9,031 | 9,083 |
| Japanskt jen | 0,5017 | 0,5047 |
| SDR | 93,51 | 94,07 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
113,4758
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vísbendingar um reynslu grunnskólabarna af ofbeldi í rannsókn Barnaverndarstofu:

# Fimmti hver nemandi hefur sætt ofbeldi

**FÉLAGSMÁL** Um fimmti hver nemandi í 7. og 9. bekk sem svaraði spurningalistum Barnaverndarstofu sagðist hafa sætt líkamlegu ofbeldi á heimili sínu. Svipað hlutfall sagðist hafa sætt ofbeldi í skóla. Um þriðjungur barnanna sögðust hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi í einhverri mynd.

Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsóknar Barnaverndarstofu sem birtar voru í gær. Um forprófun á spurningarlistum var að ræða og úrtakið því aðeins rúmlega 100 börn. Af þeim orsökum bendir Barnaverndarstofa á að varhugavert sé að alhæfa út frá niðurstöðunum, en þær gefi vísbendingar um reynslu barna af ofbeldi. Rannsóknin var gerð fyrir Alþjóðasamtök gegn ofbeldi og vanrækslu á börnum (ISPCAN).

Í könnuninni voru börnin spurð um hvort einhver á heimilinu hafi barið þau, löðrungað eða flengt með lófanum. Tæplega átta prósent sögðu það gerast stundum, og um tíu prósent sögðu það hafa gerst, en ekki á síðasta ári. Börnin sögðu að í um helmingi tilfella hafi það verið fullorðnir einstaklingar sem beittu ofbeldinu.

Einnig var spurt um kynferðislegt ofbeldi. Tæplega einn af hverjum tíu greindi frá því að viðkomandi hafi sætt kynferðislegu ofbeldi í einhverri mynd. Til dæmis sögðu um fimm prósent barnanna að einhver á heimili þeirra hafi reynt að neyða þau til að hafa við sig samfarir. - bj



**OFBELDI** Um tíunda hvert barn sagðist hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi í einhverri mynd. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ATKVÆÐI TALIN** Evrópusambandið segir kosningarnar hafa farið vel fram. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningar á Austur-Tímor:

## Marka friðvænlegri tíma

**AUSTUR-TÍMOR, AP** **Talning er hafin í þingkosningunum í Austur-Tímor en þær eru taldar marka friðvænlegri tíma eftir ofbeldishrinu síðasta árs.**

**Eftir að nær þriðjungur atkvæða hafði verið talinn var flokkur Mari Alkatir forsætisráðherra með naumt forskot á flokk Xanana Gusmao.**

**Fyrir rúmu ári brutust út átök milli lögreglu og hersins á Austur-Tímor sem urðu til þess að 37 manns dóu og 155.000 flúðu heimili sín en á Austur-Tímor býr tæp ein milljón manna.**

**Mikið atvinnuleysi og fátækt hrjáir þjóðina og hafa 10 prósent uppflosnaðra enn ekki þorað að snúa til síns heima.** - pal

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fjórir handteknir í Grafarvogi

Fjórir voru handteknir í íbúð í Grafarvogi á föstudagskvöld eftir að lögregla fann þar lítilræði af fíkniefnum. Öllum hefur verið sleppt og telst málið að fullu upplýst.

## ÁRÉTTING

Maður sem missti meðvitund í bíl sínum með þeim afleiðingum að hann rann stjórnlaust yfir gatnamót Kringlumýrar- og Miklubrautar síðastliðinn föstudag er látinn. Maðurinn fékk heilablóðfall en var ekki ölvaður eins og lögreglan sagði við Fréttablaðið að hefði verið mögulegt.

# Skilningur og vellíðan barna verði efld

**Forvarnarnámsefni fyrir sex til sjö ára gömul börn á sviði geðræktar verður tekið í notkun næsta haust í fjölmörgum grunnskólum. Tilgangur þess er að styrkja ung börn sem einstaklinga um leið og þau byrja í grunnskóla.**

**MENNTUN** „Þarna leggjum við grunninn að velferð barnanna um leið og þau koma inn í grunnskóla og á þeim tímapunkti skiptir miklu máli að styrkja þau sem einstaklinga,“ segir Guðrún Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnisstjóri hjá Geðrækt.

Vinir Zippýs heitir námsefni sem byggt er í kringum samnefndar sögur og er forvarnarnámsefni á sviði geðræktar fyrir börn á aldrinum sex til sjö ára. Grundvallarhugmyndafræðin á bak við námsefnið er einföld og snýst um að ef hægt sé að kenna ungum börnum að takast á við erfiðleika þá ættu þau að vera betur í stakk búin að takast á við vandamál og erfiðleika sem þau standa frammi fyrir á unglingsárunum og síðar á lífsleiðinni.





Námsefnið var kennt í ellefu grunnskólum í fyrra og ákveðið hefur verið að innleiða námsefnið í fleiri grunnskóla næsta vetur.

„Það sem er sérstakt við verkefnið er að það er fyrir öll börn á aldrinum sex til sjö ára. Námsefnið er ekki meðferð í sjálfu sér og ekki er verið að taka á neinum sérstökum vandamálum en ef þau koma upp í kennslunni er að sjálfsögðu tekið á þeim.“ Guðrún segir að lögð sé áhersla á að börnin sjálf finni út hvernig best sé að taka á til dæmis einelti á skólalóðinni, rifrildi og öðru sem börnin þekkja úr sínu daglegu lífi. „Námsefnið er þróað í því skyni að gera börn færari í að takast á við ýmis ágreiningsmál og gert er ráð fyrir að þetta hafi varanleg áhrif á þau og endist þeim fram á unglingsár.“

Námsefnið hefur verið prófað í Danmörku og Litháen og Guðrún segir árangurinn góðan í báðum löndunum þótt um tvo ólíka menningarheima sé að ræða. Hún segir kennara þar nefna mun á félagsfærni barna og einnig var minna um hegðunarerfiðleika þar sem námsefnið var prófað.

„Námsefnið á að efla tilfinningaþroska og vellíðan barnanna með sama sniði og önnur lífsleiknisnámsefni þar sem lögð er áhersla á samkennd og að koma í veg fyrir árásargirni eða ofbeldisfulla hegðun,“ segir Guðrún.

larab@frettabladid.is



**GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR** Guðrún segir námsefnið kenna börnum að virða skoðanir annarra og hvetja til samkenndar á milli barna. FRETTABLAÐIÐ/RÓSA

Piltur um tvítugt:

## Fangelsi og ökuleyfissvipting

**DÓMSMÁL** Piltur um tvítugt hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands eystra, til fangelsisvistar fyrir þjófnað, fjársvik, akstur án ökuréttinda undir áhrifum fíkniefna, vörslur fíkniefna og vörslur ólöglegra hnífa.

Umræddur piltur var meðal annars ákærður fyrir hraðakstur um götur Kópavogs. Hann var þá undir svo miklum áhrifum fíkniefna og deyfandi lyfja, að hann gat ekki stjórnað bílnum örugglega. Þá var pilturinn ákærður fyrir að hafa verið með í fórum sínum amfetamín, kókaín, e-töflur, LSD og hass. Pilturinn var dæmdur í 15 mánaða fangelsi og sviptur ökuleyfi í 18 mánuði. - jss

Ný sjálfstæð lyfjaverslun:

## Nýtt apótek á Akranesi

**NEYTENDUR** **Nýtt apótek, Apótek Vesturlands, var opnað á Akranesi á laugardaginn. Það er í eigu Ólafs Adolfssonar lyfjafræðings.**



**ÓLAFUR ADOLFSSON**

**Nýtt sjálfstætt apótek sætir tíðindum því Lyfja og Lyf og heilsa ráða bróðurpartinum af lyfjaverslunum í dag. Aðeins eitt annað apótek er á Vesturlandi sem ekki er í eigu Lyfju eða Lyfja og heilsu. Það er í Ólafsvík.**

**Ólafur segir að apótekið hafi farið mjög vel af stað en opið verður alla daga vikunnar sem er nýjung á Akranesi. Stór búð verður rekin samhliða apótekinu þar sem seldar verða hollustu- og heilsuvörur.** - pal







## VEÐURSPÁ





**ÁFRAM GÓÐVIÐRI**

Segja má að áfram verði góðviðri víðast hvar á landinu. Mest er að reiknast af skýjum við suður- og austurströndina auk þess sem vindurinn er hvað stífastur þar einkum þó við austurströndina. Ég geri áfram ráð fyrir 20 stiga hita til landsins sunnan til og vestan en þó eru töluverðar líkur á síðdegisskúrum í uppsveitum á Suðurlandi. Bjartast verður á vestanverðu landinu.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Hæg norðvestlæg átt. Hálfskýjað eða léttskýjað. Hiti 13-16 stig.





um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C skúrir | London | 18°C rigning | Friedrichshafen | 20°C léttskýjað |
| Billund | 19°C skúrir | París | 16°C rigning | Basel | 22°C skýjað |
| Osló | 16°C skúrir | Eindhoven | 18°C rigning | Alicante | 30°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 20°C rigning | Frankfurt | 17°C rigning | Algarve | 26°C léttskýjað |
| Gautaborg | 16°C rigning | Berlín | 22°C rigning | Las Palmas | 25°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# GRÆNT LJÓS!

## Sumarveislan sem beðið hefur verið eftir er byrjuð.


SUZUKI GRAND VIT. DG 308
Nýskráður sept. 2000 ek. 82 þús. Kr. 850 þús.
**Á mánuði kr. 18.417**


SUZUKI VITARA V6 TM 199
Nýskráður nóv. 97 ek. 124 þús. Kr. 560 þús.
**Á mánuði kr. 12.133**


KIA SPORTAGE KP 572
Nýskráður júl. 2000 ek. 88 þús. Kr. 725 þús.
**Á mánuði kr. 15.708**


SUZUKI VITARA V6 SJ 766
Nýskráður ág. 96 ek. 197 þús. Kr. 360 þús.
**Á mánuði kr.7.800**

MEIRA EN 100 BÍLAR Í BOÐI

**100%**
**vaxtalausir dagar**
**hjá Suzuki notuðum bílum**
**í Skeifunni**

- Engin útborgun
- 100% lán
- Vaxtalaust í 4 ár
- Aðeins í 3 daga


MERC. BENZ LN 199
Nýskráður ág. 2000 ek. 113 þús. Kr. 1.390 þús.
**Á mánuði kr. 30.177**


OPEL VECTRA NB 494
Nýskráður maí 99 ek. 124 þús. Kr. 590 þús.
**Á mánuði kr. 12.783**


RENAULT MEGANE KH 206
Nýskráður jún. 2000 ek. 142 þús. Kr. 450 þús.
**Á mánuði kr. 9.750**


SUZUKI VITARA JLX RY 930
Nýskráður júl. 99 ek. 133 þús. Kr. 695 þús.
**Á mánuði kr. 15.058**


VW PASSAT LL 042
Nýskráður okt. 2000 ek. 100 þús. Kr. 890 þús.
**Á mánuði kr. 19.283**


KIA PICANTO LG 600
Nýskráður ág. 04 ek. 31 þús. Kr. 820 þús.
**Á mánuði kr. 17.767**


TOYOTA AVENSIS LD 003
Nýskráður júl. 02 ek. 100 þús. Kr. 1.150 þús.
**Á mánuði kr. 24.917**


NISSAN MICRA SZ 816
Nýskráður jún. 04 ek. 59 þús. Kr. 890 þús.
**Á mánuði kr. 19.283**


TOYOTA YARIS ND 096
Nýskráður jún. 04 ek. 82 þús. Kr. 825 þús.
**Á mánuði kr. 17.875**


SUZUKI LIANA SE 769
Nýskráður jún. 03 ek. 44 þús. Kr. 975 þús.
**Á mánuði kr. 21.125**

# Fyrstur kemur - fyrstur fær...

# OPIÐ: 9-19

Lán miðast við jafnar greiðslur í 48. mánuði, lántökukostnaður innifalinn.

# Suzuki notaðir bílar Skeifunni 17

## KJÖRKASSINN



*Ætti að stofna göngudeild fyrir spilafíkla?*

| | |
|---|---|
| Já | 60,1 % |
| Nei | 39,9 % |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú farið í útilegu í sumar?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

LÍÚ leggur til að veidd verði 155 til 160 þúsund tonn af þorski næstu tvö árin:

# Vilja breytingar á fiskveiðistjórn

**SJÁVARÚTVEGUR** Landssamband íslenskra útgerðarmanna (LÍÚ) gerir að tillögu sinni að aflamark í þorski verði 155 til 160 þúsund tonn af þorski á næstu tveimur fiskveiðiárum. Einnig vill sambandið að gerðar verði umfangsmiklar breytingar á stjórn fiskveiða; byggðakvóti verði lagður niður sem og veiðigjald. Einnig er vilji LÍÚ að hvalveiðar verði stórauknar.



FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir að ekki sé farið fram á sértækar aðgerðir fyrir sjávarútveginn en áhersla sé lögð á að allri mismunun innan greinarinnar verði hætt og horfið frá handstýrðri hágengisstefnu Seðlabankans.

„Þetta er kannski óháð tillögum okkar að öðru leyti. Gengið þarf að vera með þeim hætti að hægt sé að reka hér iðnað, sjávarútveg eða hvað annað. Það er einfaldlega óskynsamlegt að koma því þannig fyrir að við getum ekki framleitt neitt í þessu landi.“

LÍÚ segir í greinargerð að ekki sé deilt við Hafrannsóknastofnunina um að þorskstofninn sé of lítill, og að nauðsynlegt sé að byggja hann upp. „Þrátt fyrir það getum við ekki mælt með að farið verði eins hratt og Hafró mælir með,“ segir Friðrik.

Tillögur LÍÚ eru að línuívilnun verði lögð niður og slægingastuðlar leiðréttir og að það sem verður tekið af kvóta vegna aflabrests og byggðakvóta verði tekið af öllum útgerðum með aflahlutdeild. **- shá**

Dómar drógust of lengi:

# Síbrotamenn lausir úr haldi

**DÓMSMÁL Tveir síbrotamenn eru lausir úr gæsluvarðhaldi vegna þess að dregist hefur að dæma í málum þeirra. Mennirnir hafa verið í varðhaldi frá því í byrjun árs fyrir auðgunarbrot, ofbeldi, rán og aðra glæpi.**

**Í úrskurði Héraðsdóms Reykjaness frá 27. júní síðastliðnum segir að það sé mat lögreglustjóra að mennirnir muni halda áfram brotum verði þeir látnir lausir.**

**Hæstiréttur hafnaði því í gær að gæsluvarðhald yrði framlengt og vísaði til þess að kveða skuli upp dóm í opinberum málum svo fljótt sem unnt er en mennirnir hafa beðið dóms síðan 23. maí. - þo**


www.oryggi.is

**Prófaðu Heimaöryggi í tvo mánuði í sumar – ókeypis!**

Engin krafa er gerð um framhaldsviðskipti, gríptu því tækifærið núna. Tilboðið gildir til 15. júlí og er í boði á þeim þéttbýlisstöðum landsins þar sem Öryggismiðstöðin hefur þjónustuaðila og sinnir útkallsþjónustu.

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

Himinn og haf / SÍA

**Hringdu í 530 2400 og kynntu þér málið!**


# Vilja að staðið verði við gerðan samning

**Geysir Green Energy mun leita réttar síns ef Grindavíkurbær stendur ekki við gerðan samning um sölu eignarhluta sveitarfélagsins í Hitaveitu Suðurnesja. Grindavík samdi við Orkuveitu Reykjavíkur þrátt fyrir töluvert lægra söluverð.**

**ORKUMÁL** „Við lítum svo á að samningurinn sem gerður var við Grindavíkurbæ sé í gildi og munum leita réttar okkar ef ekki verður staðið við hann,“ segir Ásgeir Margeirsson, forstjóri Geysir Green Energy (GGE). „Við tökum að sjálfsögðu mark á formanni bæjarráðs þegar hann skrifaði undir samning við okkur. Við spyrjum hvað manninum gekk til þegar hann skrifaði undir tvo samninga.“ Grindavíkurbær ákvað í gær að selja Orkuveitu Reykjavíkur (OR) hlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja (HS) þrátt fyrir að hafa skrifað undir hagstæðari samning við GGE 29. júní síðastliðinn.



**SVARTSENGI** Geysir Green Energy æltar að leita réttar síns ef Grindavíkurbær stendur ekki við samning sem skrifað var undir 29. júní síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Við spyrjum hvað manninum gekk til þegar hann skrifaði undir tvo samninga.
>
> **ÁSGEIR MARGEIRSSON**
> FORSTJÓRI

Jóna Kristín Þorvaldsdóttir, forseti bæjarstjórnar Grindavíkur, segist líta svo á að samningurinn við GGE sé ekki í gildi þar sem hann hafði ekki verið samþykktur í bæjarstjórn. „Það getur enginn einn maður gert samning fyrir hönd allrar bæjarstjórnarinnar, hún verður að fjalla um málið og samþykkja samninginn.“ Aðspurð hvort Sigmar Eðvaldsson, formaður bæjarstjórnar, hafi ekki haft umboð til samningsgerðarinnar við GGE segir Jóna Kristín hann hafa haft vilyrði til að spila úr þeim aðstæðum sem komu upp þegar GGE bauð betur en OR, þar sem Grindavíkurbær óttaðist að missa af samningi við GGE ef ekki yrði skrifað undir samning. „Síðan breyttust forsendur OR fyrir samningunum og þar með brustu forsendur fyrir að bera samning GGE undir bæjarstjórnina.“ Jóna Kristín segir að forsendur OR við kaup á eignarhluta bæjarins hafi verið að þeir tryggðu sér ákveðinn eignarhluta í HS. Hún telur að Grindavíkurbær tapi ekki á því að taka tilboði OR þrátt fyrir að það sé lægra en tilboð GGE og hag bæjarbúa sé vel borgið. Hún segir ástæðuna vera að fleira hafi haft áhrif á niðurstöðu bæjarstjórnar en verðið, en kýs að ræða ekki í hverju það felst.

Reykjanesbær og Hafnarfjarðarbær ákváðu í gær að nýta forkaupsrétt sinn á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja. Hafnfirðingar ákváðu að hluturinn verði seldur OR. Viðskiptin milli OR, Grindavíkur og Hafnarfjarðar ná ekki að ganga eftir nema að hluthafar HS ákveði að neyta ekki forkaupsréttar. Nýr forkaupsréttur myndast alltaf við sölu til annars aðila og Reykjanesbær getur því keypt hlut Hafnarfjarðar og Grindavíkur sem bæjarfélögin hyggjast selja til OR.

**svavar@frettabladid.is**

### ATBURÐARÁSIN Í HITAVEITUMÁLINU

- Orkuveita Reykjavíkur gerir sveitarfélögum tilboð um kaup á eignarhluta á genginu 7. Grindavíkurbær hafði frumkvæði að sölunni.
- Sveitarfélög semja við Geysir Green Energy eftir að fyrirtækið yfirbauð Orkuveitu Reykjavíkur á genginu 7,1.
- Reykjanesbær og Hafnarfjarðarbær lýsa yfir að þeir muni nýta forkaupsrétt sinn til að tryggja hagsmuni sína innan fyrirtækisins.
- Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar var samþykkt að beita forkaupsrétti gagnvart öllum fölum hlutum sem Hafnarfjarðarbær á rétt á.
- Stjórn OR ákveður á fundi kaup á hlutum Hafnarfjarðar og Grindavíkur í HS. Samkvæmt samningunum nýta sveitarfélögin forkaupsrétt sinn á 15 prósenta hlut ríkisins og selja OR þá hluti. OR skuldbindur sig til að kaupa 15,4 prósenta hlut Hafnarfjarðar til viðbótar.
- Grindavík selur Orkuveitunni einnig 8 prósent af 8,51 prósents hlut sínum í HS á genginu 7.
- Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkir að nýta sér forkaupsrétt á 15,2 prósenta hlut ríkisins í OR.





**Lórítín®**

*– Kröftugt ofnæmislyf*

**Notkun:** Lórítín er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofsakláða af óþekktum toga. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn (>12 ára): 1 tafla á dag. Börn 2-12 ára (<30 kg): ½ tafla (5 mg) á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Töfluna má taka hvenær sem er, án tillits til matmálstíma. Hefja ætti meðferð hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi með minni skammti. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efninu eða hjálparefnum. **Varúðarreglur:** Gæta skal varúðar ef Lórítín er gefið sjúklingum með mikið skerta lifrarstarfsemi. Lyfið inniheldur laktósa. Langvarandi notkun getur leitt til aukinnar hættu á tannskemmdum vegna munnþurrks. Notkun Lórítíns á meðgöngu og við brjóstagjöf er ekki ráðlögð nema í samráði við lækni. Í einstaka tilfellum finnur fólk fyrir syfju sem getur haft áhrif á hæfni þeirra til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Lórítín þolist almennt vel en algengustu aukaverkanirnar hjá börnum á aldrinum 2-12 ára eru höfuðverkur, taugaveiklun og þreyta. Algengustu aukaverkanirnar hjá 12 ára og eldri eru svefnhöfgi, höfuðverkur, aukin matarlyst og svefnleysi. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Desember 2005.

LYFJA - Lifið heil

actavis hagur í heilsu


Mikið að gera hjá ferðaskrifstofunum þrátt fyrir hlýindi hér á landi:

# Ferðum út fjölgar í blíðviðri

**FÓLK** Gott veður hér á landi verður til þess að fleiri skella sér í sólarlandaferðir. Þetta segir Þorsteinn Guðjónsson, forstjóri Úrvals/Útsýnar, og jákvæðar sölutölur fyrirtækisins sýni það. Hann segir að þegar gott veður sé veki það upp minningar um sólarstrandir.

„Einnig fer fólk meira að tala um veðrið þegar það er gott sem leiðir oft til þess að pantaðar eru ferðir,“ segir Þorsteinn. „Þetta er því eins og þegar slæmt veður er. Fólk fer að tala um það og pantar sér ferð út.“ Sala aukist því hvort tveggja í góðu veðri og slæmu. „Það er helst þegar ekkert veður er, hvorki gott né slæmt, að þá fer fólk að tala um eitthvað annað en veðrið og þá eykst salan ekki.“



**FJÖLMENNI Á SÓLARSTRÖND** Góðviðri hér kveikir í fólki og verður til þess að landinn vill komast í alvöru hita.

„Hér fer hitinn ekkert mikið yfir fimmtán gráður og þegar fólk sér heiðskíran himin og fer léttklætt út í sólina þá verður það fyrir vonbrigðum og vill komast út í alvöru hita,“ segir Þorsteinn.

Þorvarður Guðlaugsson, sölustjóri hjá Icelandair, tekur í sama streng. „Gott veður kveikir í fólki,“ segir hann. Nóg sé að gera hjá Icelandair og bókanir frá Íslandi eru 40 prósentum fleiri í ár en á sama tíma í fyrra. **- pal**


**Auglýsingasími**

**512 50 50**

FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið

# Hjólaútsala

## sparið allt að 20.000 kr.

Prostyle
13 ár á Íslandi

### 26" City Racer




ÞÚ SPARAR 10.000 kr

TILBOÐ 19.999 kr
Verð áður 29.999-




**20" Nitro**




**20" Rider**




**20" Free Style**




**24" White Pearl**




**24" Extreme**




**28" Gentleman**




**26" Infinity**




**26" City Cruiser**




**26" Cross Rider**

Gildir til 9. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Í hvaða leikhúsi í London verður Latabæjar-leiksýning sett upp á næsta ári?
2. Hvaða tegund krabbameins veldur flestum dauðsföllum á Vesturlöndum, fyrir utan lungnakrabbamein?
3. Fyrir hvað fékk stoðtækjafyrirtækið Össur alþjóðleg verðlaun nýlega?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 34

Víða pottur brotinn í þróunaraðstoð samkvæmt skýrslu Sameinuðu þjóðanna:

# Þúsaldarmarkmiðin í hættu

**UTANRÍKISMÁL** „Það er lífsnauðsynlegt að allir hlutaðeigandi standi fyllilega við þær skuldbindingar sem þeir hafa gengist undir,“ segir Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, í formála skýrslu um Þúsaldarmarkmið um þróun sem Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna fyrir Vestur-Evrópu (UNRIC) kynnti í gær.

Skýrslan er gefin út í tilefni þess að nú er sá frestur hálfnaður sem leiðtogar settu sér árið 2000 til að ná átta Þúsaldarmarkmiðum fyrir árið 2015. Í skýrslunni kemur fram að aðeins fimm ríki hafa náð eða farið fram úr því gamla takmarki Sameinuðu þjóðanna að 0,7 prósent þjóðarframleiðslu renni til þróunaraðstoðar.

Markmiðin lúta að mælanlegum árangri í tilteknum tíma í að uppræta algjöra örbirgð og hungur, sjá öllum börnum í heiminum fyrir grunnmenntun, stuðla að jafnrétti kynjanna, draga úr ungbarnadauða, bæta heilsufar mæðra, berjast gegn HIV/alnæmi, malaríu og öðrum farsjúkdómum, stefna að sjálfbæru umhverfi og efla alþjóðlega samstöðu um þróun á heimsvísu. - lbb



**ÞRÓUNARAÐSTOÐ** Skýrslan var kynnt samtímis í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York, Genf og ýmsum höfuðborgum, þar á meðal Reykjavík.

Virkjun í Þjórsá:

# Landsvirkjun ósvífin

**VIRKJANIR Gylliboð Landsvirkjunar til hreppsnefndar Flóahrepps um að bæta almannaþjónustu fyrir virkjun er fáheyrð ósvífni af fyrirtæki í eigu ríkisins, segir í fréttatilkynningu frá Náttúruverndarsamtökum Suðurlands. Segja samtökin afskipti Landsvirkjunar af málinu í hæsta máta óeðlileg.**

**Hreppsnefnd Flóahrepps samþykkti hinn 13. júní að hafa Urriðafossvirkjun ekki inni á tillögu að aðalskipulagi sveitarfélagsins. Nú er þó svo komið að skipulagstillögurnar eru orðnar tvær, önnur með virkjun og hin án virkjunar.** - þeb


Sumartilboð Vildarþjónustunnar

50%

afsláttur af flugi hjá Flugfélagi Íslands í sumar. Nánar á spar.is

www.spar.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

SPARISJÓÐURINN Vildarþjónusta


**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Stökk af lyftara og slasaðist**

Vinnuslys varð við Skarðsmýrarfjall í gærmorgun. Maður var að aka gaffallyftara niður bratta brekku og fannst sem hemlar lyftarans væru bilaðir. Hann brá á það ráð að stökkva út og hlaut við það handleggsbrot.



**SLÖKKVIBÍLLINN** Hér er bíllinn í vegarkantinum þar sem hann bilaði.

Slökkvibíll á Kirkjubæjarklaustri:

# Bilaði í útkalli

**BRUNI Slökkvibíllinn á Kirkjubæjarklaustri bilaði á leið í útkall í síðustu viku. Bíllinn, sem er frá tímum seinni heimsstyrjaldar, var á leiðinni að slökkva eld í mosa í Skaftárhreppi þegar óhappið varð.**

**Guðmundur Ingi Ingason, varðstjóri á Kirkjubæjarklaustri, segir að bíllinn hafi þjónað vel hingað til en sé auðvitað kominn til ára sinna.**

**Vatni var dælt af bænum þar sem eldurinn kom upp og þannig náðist að slökkva eldinn.**

**Von er á nýjum bíl innan skamms.** - þeb



**FUGLAFLENSA** Í stöðuskýrslu um áætlanagerð vegna heimsfaraldurs inflúensu kemur fram að ekkert lát er á fuglaflensu. Því lengur sem þessi inflúensustofn er til staðar þeim mun meiri hætta er á stökkbreytingu. Við það aukast líkur á heimsfaraldri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Viðbúnaður við heimsfaraldri

**Ekkert lát er á fuglaflensunni að sögn Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis. Frá sóttvarnalækni og almannavörnum er nú komin út stöðuskýrsla um áætlunargerð sem á að nýtast þjóðinni verði heimsfaraldur.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þó það hafi ekki farið hátt þá hefur þessi faraldur haldið áfram að grassera og er að koma upp á nýjum stöðum,“ segir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir um fuglaflensuna. Stýrihópur ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknis skilaði nýlega af sér stöðuskýrslu um áætlunargerð sem á að nýtast þjóðinni verði fuglaflensan að heimsfaraldri.

Undir forystu sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra hafa verið myndaðir 26 vinnuhópar sem fjalla um verkefni þau sem viðbragðsáætlunin byggir á en stefnt er að því að ljúka henni um næstu áramót. Öll sveitarfélög eiga þá að hafa tilbúna áætlun sem er samhljóða áætlun vinnuhópanna.

„Þetta er að breiðast út eins og maður vissi að myndi gerast og hvergi að linna. Veiran hefur þó ekki enn breytt sér þannig að hún sé mikið að breiðast út á milli manna. En það má segja að því lengur sem þessi stofn er í gangi og dreifir sér þeim mun meiri hætta er á að stökkbreytingar verði sem auðveldar flensunni að berast til manna og valda heimsfaraldri,“ segir Þórólfur.

Í áætluninni er litið þeirra atburða sem áttu sér stað 1918 þegar spænska veikin barst um veröldina. „Það hefur gríðarlega mikil vinna verið lögð í viðbragðaáætlun síðasta ár en hún miðar að því að koma í veg fyrir algera upplausn, fari veiran að dreifa sér meðal manna,“ segir Þórólfur. Hann segir að unnið hafi verið út frá þeirri hugmynd að hægt sé að nýta áætlunina gegn fleiri voveiflegum atburðum en stafa af fuglaflensunni.



**ÞÓRÓLFUR GUÐNASON**

Stefnt er að því að æfa hluta áætlunarinnar 14. september. Í grundvallaratriðum skiptast aðgerðirnar í þrennt: Að reyna að koma í veg fyrir að sjúkdómurinn dreifist, áætlun til að líkna og lækna og aðgerðir til að treysta allar stoðir þjóðfélagsins.

„Það er ekkert lát á þessari fuglaflensu þótt hún hafi ekki verið mikið umræðunni að undanförnu. Fólk er að deyja úr henni. Hún er ekki bráðsmitandi eins og hún er nú en dánarhlutfall þeirra sem sýkjast af henni er mjög hátt, eða um sextíu prósent. Verði hún að faraldri er því nauðsynlegt að viðbúnaður sé góður,“ segir Þórólfur.

karen@frettabladid.is


Má bjóða þér upp á ýsu í kvöld?




Fullbúin máltíð á innan við 5 mínútum

# HEILIRSTURTU KLEFAR







**Rúnaður**

6mm hert öryggisgler allan hringinn

80x80 og 90x90

**Innifalið:**

- Ömmustöng
- Stór handsturta
- Hitastýrð blöndunartæki

**Kanntaður**

heilopnun

8mm hert öryggisgler allan hringinn

80x80

CCC
E000479

Öryggisgler skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



**HÝRIR Í MEDELLIN** Frá réttindagöngu samkynhneigðra í Medellin í Kólumbíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samtökin Saving Iceland halda ráðstefnu um áhrif stóriðju um komandi helgi:

# Boða andþyrnusumar á Íslandi

**MÓTMÆLI** Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin Saving Iceland boða „andspyrnusumar“ á Íslandi í ár. Andspyrnan hefst með ráðstefnu hérlendis um næstu helgi undir yfirskriftinni Hnattrænar afleiðingar stóriðju og stórstíflna.

Ræðumenn á ráðstefnunni verða fulltrúar grasrótarhreyfinga frá Afríku, Asíu, Evrópu, Norður- og Suður-Ameríku. Meðal íslenskra fyrirlesara verða Ómar Ragnarsson, Guðbergur Bergsson og Andri Snær Magnason.

Ráðstefnan fer fram að Hótel Hlíð í Ölfusi en daginn áður en hún hefst, á föstudag, verður slegið upp mótmælabúðum sem standa eiga í tvo mánuði. Staðsetning búðanna hefur enn ekki verið gefin upp og ekki liggur fyrir hvort þær verða í námunda við ráðstefnustaðinn eða ekki.



**MÓTMÆLENDUR Á KÁRAHNJÚKUM** Skipuleggjendur mótmælanna segja að áhuginn fyrir þeim sé afar mikill. FRÉTTABLAÐIÐ / ÖRLYGUR HNEFILL

Á vef samtakanna, savingiceland.org, eru mótmælendur sem hafa reynslu af beinum aðgerðum, svo sem að hlekkja sig við vinnuvélar, boðnir sérstaklega velkomnir. Þá er fólki ráðlagt að segja lögreglu ósatt um tilgang ferðar sinnar til landsins ef fjarlægja á af þeim búnað á borð við málningu og pensla eða hjólalása.

Ólafur Páll Sigurðsson, einn skipuleggjenda ráðstefnunnar og mótmælanna, hefur sagt að áhugi fyrir mótmælum hérlendis hafi sjaldan eða aldrei verið meiri. - sh

Vinstri grænir í Hafnarfirði:

## Vilja nýta forkaupsréttinn

**BYGGÐAMÁL Stjórn Vinstri grænna í Hafnarfirði vill að bærinn neyti forkaupsréttar síns í Hitaveitu Suðurnesja og skorar á ríkisstjórnina að endurheimta sinn hlut.**

**Í ályktun sem stjórnin sendi frá sér í gær segir að það sé stefna Vinstri grænna að veitustofnanir á borð við Hitaveitu Suðurnesja séu í almannaeigu enda beri þeim að þjóna almenningi án þess að gróðahagsmunir spilli þar fyrir.**

**„Einkavæðing veitufyrirtækja bitnar fyrst og fremst á neytendum, sem munu greiða fyrir hækkað markaðsverð orkufyrirtækja með hærri gjöldum fyrir þjónustuna,“ segir í ályktuninni.** - þo


Stækkaðu við þig!

Fortjöld fyrir hjólhýsi og fellihýsi

Pyramid



PDQ fortjöldin pakkast í poka í rennu utaná vagninum. Mjög fljótlegt að tjalda.

Verð frá: 49.900 kr.

Pyramid

Fortjöld fyrir hjólhýsi



Verð frá: 109.900 kr.

Útilegumaðurinn er ný sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, útifatnað, fylgihluti og margt fleira. Kíktu við og skoðaðu úrvalið

Fosshals 5-7 | Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is

Opið laugardag 10-17 og sunnudag 12-16

Útilegu maðurinn®

ENNEMM/SÍA/NM27778


Ránið á Alan Johnston:

## Talsmaður mannræningja handtekinn

**GAZA-STRÖND, AP** Hamas-samtökin handtóku í gær talsmann hópsins sem heldur fréttamanninum Alan Johnston í gíslingu. Vonast er til að nú verði auðveldara að fá Johnston lausan úr haldi með fangaskiptum.

Her islam, sem er hópurinn sem hefur Johnston í haldi, hefur hins vegar hótað því að gera opinber skjöl sem myndu komu sér illa fyrir Hamas, ef talsmanni þeirra, Abu Khatab al-Maqdisi, yrði ekki sleppt.

Hamas-liðar segjast vita hvar Johnston er í haldi en þeir hafi ekki reynt að frelsa hann af ótta við að það ylli Johnston skaða. - pal

**SKAGAFJÖRÐUR**

### Vandræðatófur

Hálfétið lambshræ fannst á Minni Ökrum í Skagafirði á dögunum og stóð bóndinn á bænum refstófu að því að bíta annað lamb stuttu síðar. Tófur hafa verið að færa sig nær mannabyggðum í Skagafirði undanfarið.



**FLÓTTAMANNABÚÐIR Í DARFÚR-HÉRAÐI** „Mikilvægt er að fá stjórnvöld um allan heim til að líta á menntun sem sjálfsögð mannréttindi,“ segir Rudolph von Bernuth. NORDICPHOTOS/AP

# 50 milljónir barna án menntunar

Meðaldvöl flóttamanns í flóttamannabúðum í dag er sjö ár. Menntun barna í flóttamannabúðum er lykilatriði að mati Barnaheilla. Alþjóðlegt neyðarteymi samtakanna Barnaheilla fundaði í Reykjavík.

**FÓLK** „Í dag eru fimmtíu milljónir barna án menntunar vegna stríðsátaka. Markmið okkar hjá Barnaheillum á næstu fimm árum er að ná til átta milljóna af þessum börnum og veita þeim menntun. Við hvetjum um leið stjórnvöld um allan heim til að einblína á allan hópinn þannig að sem flestir njóti aðstoðar,“ segir Rudolph von Bernuth, varaforseti Barnaheilla í Bandaríkjunum.

Alþjóðlegt neyðarteymi Barnaheilla fundaði í Reykjavík á dögunum. Á fundinum var lögð megináhersla á menntun barna í flóttamannabúðum og að fá viðurkenningu stjórnvalda á mikilvægi menntunar. Einnig var skilvirk neyðaraðstoð rædd og hvernig Barnaheill geta unnið að því að bæta aðstæður barna í neyð, meðal annars í Darfúr-héraði í Súdan, í Chad og meðal landflótta barna frá Írak.

Fundinn sóttu ellefu fulltrúar frá alþjóðaskrifstofu Barnaheilla og frá Barnaheillum í Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Rudolph segir þörfina mikla í dag. „Í Darfúr-héraði eru tvær milljónir manna á vergangi og tugir þúsunda hafa verið myrt. Þar aðstoðum við 500 þúsund manns á hverju ári með matargjöfum, læknisþjónustu, menntun, vernd og ráðgjöf fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis. Í dag er þetta viðamesta verkefni Barnaheilla.“ Rudolph segir einnig þörf á aðstoð í Chad, nágrannaríki Súdan, þar sem flóttamenn frá Súdan hafast við í flóttamannabúðum og búa við mikinn skort.



**NÆG VERKEFNI** Rudolph von Bernuth, varaforseti Barnaheilla og Drífa Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í dag eru 750 þúsund flóttamenn frá Írak í Jórdaníu og 1,25 milljónir eru í Sýrlandi. Barnaheill hafa undirbúið verkefni sem taka á sérstaklega á menntun þessara barna.

Toby Porter, framkvæmdastjóri neyðarmála Barnaheilla í Bretlandi, segir samtökin reyna eftir fremsta megni að skapa viðunandi aðstæður fyrir börn í flóttamannabúðum og þar er menntunin á oddinum: „Ef ég nota hafið sem myndlíkingu þá er eins og fiskur sé tekinn úr hafinu og settur í fiskabúr með kranavatni þar sem hann syndir hring eftir hring. Við hjá Barnaheillum reynum að láta kranavatnið líkjast sjónum sem mest með áherslu á leik og menntun. Þetta er það sem gefur lífi þessara barna gildi á meðan þau búa við hörmulegar aðstæður. Við reynum að gefa þeim eitthvað sem líkist þeirra eigin heimi.“

Samtökin Barnaheill starfa í meira en hundrað löndum um allan heim.

larab@frettabladid.is


Nú er rétti tíminn til að kaupa SENTINEL garðtraktor

Á BETRA VERÐI!



12,5 ha Briggs & Stratton mótor
102 cm sláttubreidd, hliðarfrákast
5 hraða skipting.
169.000,-



15,5 ha Briggs & Stratton mótor
102 cm sláttubreidd, hliðarfrákast
vökvaskipting.
209.000,-



17 ha Briggs & Stratton mótor,
107 cm sláttubreidd, hliðarfrákast.
vökvaskipting
239.000,-



18 ha Briggs & Stratton mótor
107 cm sláttubreidd, hliðarfrákast
vökvaskipting.
279.000,-



18 ha garðtraktorinn
er með stýri á öllum
hjólum.



12,5 ha Briggs & Stratton mótor
76 cm sláttubreidd, afturkast
5 hraða skipting, grassafnari.
199.000,-

BRIGGS & STRATTON

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

SENTINEL

ÞÓR HF | REYKJAVÍK: Ármúla 11 | Sími 568-1500 | AKUREYRI: Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

Innbrot í sumarbústaði:

## Vöknuðu við innbrotsþjófa

**LÖGREGLUMÁL Innbrotsþjófar gerðu um helgina tilraun til að brjótast inn í tvo sumarbústaði í Húsafelli á meðan húsráðendur sváfu. Þegar þjófarnir urðu varir við fólk í bústöðunum létu þeir sig hverfa að sögn lögreglunnar í Borgarnesi sem vinnur að rannsókn málanna. Einnig var brotist inn í tvo bústaði í Svínadal og verðmætum stolið. Málin eru öll óupplýst.**

**Mikil umferð var í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi um helgina og gekk slysalaust fyrir sig. Að sögn lögreglunnar var umferðin mikil í allar áttir.** - aví

Lifandi vegvísar á ferðinni í miðbæ Reykjavíkur:

# Unglingar vísa til vegar

**ATVINNA** „Við förum um bæinn og finnum túrista, spyrjum hvað þeir hafi áhuga á að gera og vísum þeim til vegar. Þess vegna heitir verkefnið lifandi vegvísir," segja Sigríður Ólafsdóttir, Tinna Karen Sveinbjarnardóttir og Gyrðir Viktorsson.

Lifandi vegvísir er hópur unglinga á vegum Vinnuskóla Reykjavíkur sem ganga um miðbæinn og vísa ferðamönnum til vegar.

„Þetta er annað árið sem við erum með þetta verkefni," segir Grétar Halldór Gunnarsson, hóparáðgjafi hjá Vinnuskóla Reykjavíkur. „Þau fara meðal annars niður á bryggju þegar skemmtiferðaskipin leggjast að og leiðbeina ferðamönnunum þegar þeir koma í land og segja þeim hvað sé í boði," segir Grétar.

Í upphafi sumars settu ungmennin sig í hlutverk ferðamanna í eina viku. Sóttu söfn og sýningar og reyndu að upplifa hvernig það er að vera ferðamaður í Reykjavík, hvað þeim þætti hugsanlega áhugavert að skoða.

Að sögn Grétars er þetta á meðal margra verkefna sem Vinnuskólinn stendur að utan hefðbundinna vinnuskólastarfa. „Kröfur atvinnulífsins eru aðrar í framtíðinni. Við reynum að hafa skapandi verkefni fyrir krakkana, að nýta frumkvæði þeirra og sköpunargáfur." - aví




**LIFANDI VEGVÍSAR** Sigríður Ólafsdóttir, Tinna Karen Sveinbjarnardóttir og Gyrðir Viktorsson ásamt Köru Lind sem fékk að rölta með þeim um bæinn. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**SIGURVEGARAR** Haninn Póló Prinsson og hænan Doppa voru valin fallegustu hænsnin á Landnámssýningu. Þau eru hér í fangi eigenda sinna.

Landnámshænsn í Laugardal:

## Póló og Doppa eru fallegust

**DÝRAHALD** Á sjötta tug landnámshæsna voru sýnd í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum á laugardag. Það var Eigenda- og ræktendafélag landnámshænsna sem stóð fyrir sýningunni. Einnig var þar hitakassi með ungum sem voru að skríða úr eggjum sínum.

Gestir voru fengnir til að velja fallegustu hana og hænu sýningarinnar og voru það haninn Póló Prinsson og hænan Doppa sem hrepptu verðlaunin að þessu sinni. Eigendur þeirra, Erlen Óladóttir og Júlíus Baldursson, fengu hvort sinn farandbikarinn til varðveislu fram að næstu sýningu. - þeb

Ekki fyrir Evrópubúa:

## iPhone í sölu í Bandaríkjunum

**TÆKNI iPhone-síminn frá Apple er kominn á markað í Bandaríkjunum. Eftirvæntingin eftir símanum hefur verið gríðarleg, en hann er blanda af iPod-spilara, farsíma og lófatölvu með stórum snertiskjá.**



**Evrópubúar fá þó ekki tækifæri til að nota símann fyrr en seint á þessu ári, eða í byrjun þess næsta. Ástæðan er að síminn er læstur við farsímakerfi AT&T í Bandaríkjunum, og aðeins seldur gegn tveggja ára samningi. Einnig þarf að virkja símann í gegnum verslun iTunes, og aðeins ef viðkomandi er með bandarískt heimilisfang.** - sþs

**SVEITARSTJÓRNARMÁL**

### Strætó aki ekki um Baugakór

Bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkti á fundi sínum á fimmtudag að beina þeim tilmælum til Strætó bs. að hætta akstri um götuna Baugakór. Talsvert hafði borið á kvörtunum vegna aksturs vagnanna um götuna.



VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




vilborga@centrum.is

Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótor
Verð áður kr. 24.600

Tilboð:
Kr. 15.990

Fáanlegir fylgihlutir t.d.:
- **Hebafilter** sem hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
- **Kolafilter** sem hreinsar óæskilega lykt. Hentar vel fyrri þá sem eru með gæludýr.
- **Parketbursti** sem skilar parketinu glansandi.

Miele ryksugur
á einstöku tilboðsverði

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele heimilistækin.

35% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is




Vegir landsins skoðaðir af EuroRap:

# Öryggismati áframhaldið

**SAMGÖNGUMÁL** Framhald verður á EuroRap, sem er verkefni um öryggismat á vegum landsins og hófst á síðasta ári. Umferðarstofa og Félag íslenskra bifreiðaeigenda undirrituðu samning þess efnis að viðstöddum samgönguráðherra í gær. Vegir landsins fá stjörnur á grundvelli öryggismatsins og hefur fyrsta skýrslan um þessi mál þegar verið birt.

Á fundinum fékk FÍB afhentan nýjan Mercedes Benz bíl sem nýtast á í verkefnið. Bifreiðaumboðið Askja lætur bílinn í té. Fjöldi fyrirtækja gerði Umferðarstofu og FÍB kleift að koma þessu verkefni á fót. - þeb



**BÍLLINN PRÓFAÐUR** Kristján L. Möller samgönguráðherra skoðar bílinn sem FÍB fékk afhentan til framkvæmdar verkefnisins EuroRap. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**KÁRAHNJÚKAVIRKJUN** Meðal þess sem farið hefur fram úr upphaflegri kostnaðaráætlun er frágangur stíflunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Gangsetningu véla seinkar

**Aflvélar Kárahnjúkavirkjunar fara seinna í gang en ráð var fyrir gert. Næsta vél verður gangsett seint í september en ekki í júlí. Allt fé sem fara átti í ófyrirséðan kostnað vegna virkjunarinnar er uppurið.**

**STÓRIÐJA** Seinkun verður á gangsetningu þeirra fimm aflvéla Kárahnjúkavirkjunar sem ekki eru komnar í gang. Næsta vél átti að komast í gang í júlí en í dag er reiknað með að hún fari í gang seint í september, segir Sigurður St. Arnalds, talsmaður Kárahnjúkavirkjunar.

Ein vél af sex er var gangsett í lok mars síðastliðinn, en hún er ekki knúin með vatni heldur afgangs rafmagni af landsnetinu. Síðasta vélin átti að komast í gagnið í október, en nú er reiknað með að það verði ekki fyrr en seint í nóvember, segir Sigurður.

Hann segir að þessi einn til einn og hálfi mánuður sem verkinu hefur seinkað teljist vart tiltökumál í svo stóru verki. Alcan Reyðarfirði, sem kaupir orkuna, geri ekki athugasemdir, og Landsvirkjun reikni ekki með að verða fyrir kostnaði vegna þessa.

Búið er að ráðstafa öllu því fé sem eyrnamerkt var ófyrirséðum kostnaði í upphaflegri fjárhagsáætlun vegna Kárahnjúkavirkjunar, segir Sigurður. Upphafleg fjárhagsáætlun hljóðaði upp á um 85 milljarða króna, á verðlagi haustsins 2002, sem jafngildir um 104 milljörðum í dag sé miðað við verðbólguþróun. Af þeirri upphæð voru um 9 milljarðar króna, sem jafngilda 11 milljörðum á verðlagi dagsins í dag, teknir til hliðar til að mæta ófyrirséðum kostnaði.

Þær framkvæmdir sem eftir eru þurfa því að vera á áætlun ef verkið á ekki að fara fram úr kostnaðaráætlun, segir Sigurður. Hann vildi ekki gefa upp nákvæmlega hversu mikið Landsvirkjun hefur þegar greitt vegna virkjunarinnar, og sagði fyrirtækið verða að gæta að trúnaði við verktaka.

Kostnaður sem fallið hefur undir ófyrirséðan kostnað hefur einkum orðið til vegna tveggja verkþátta, segir Sigurður. Annars vegar frágangi á stíflunni sjálfri, sem hafi verið viðameiri en ráð var fyrir gert, og hins vegar vegna jarðfræðilegra erfiðleika við borun aðrennslisgangana.

brjann@frettabladid.is

**GANGSETNING 2007**

| | Upphafleg áætlun | Staðan í dag |
|---|---|---|
| Vél 1 | Apríl | Mars* |
| Vél 2 | Júlí | September |
| Vél 3 | September | Október |
| Vél 4 | September | Október |
| Vél 5 | Október | Nóvember |
| Vél 6 | Október | Nóvember |

*Vélin var gangsett með raforku af landsnetinu í stað vatnsafls.

Norður-kóreska stjórnin:

# Lokun kjarnaofna í sjónmáli

**SUÐUR-KÓREA, AP** Norður-Kóreumenn munu líklega loka aðalkjarnaofni sínum þegar skipsfarmur af olíu berst til þeirra. Fulltrúi Suður-Kóreustjórnar segir að Norður-Kóreumenn hafi greint frá þessu í viðræðum landanna tveggja.

Þetta þýðir að hinar margfrestuðu lokanir á kjarnaofnunum eru innan seilingar því áformað er að senda farminn innan tveggja vikna. Olíusendingin er hluti af aðstoð sem Norður-Kóreumenn fá gegn því að loka kjarnaofnum sínum sem geta framleitt efni í kjarnorkuvopn.

Norður-Kóreustjórn hefur opinberlega ekki nefnt hvenær hún hyggst loka kjarnaofnunum. - pal

Umræða um innflytjendur:

## Rauk upp í nóvember

**FJÖLMIÐLAR Fjölmiðlaumfjallanir þar sem Alþjóðahúsið kom við sögu voru 43 í nóvember á síðasta ári. Í mánuðunum á undan og eftir var hins vegar minnst 20 sinnum á húsið í fjölmiðlum.**

Þetta kemur fram í könnun Fjölmiðlavaktarinnar fyrir Alþjóðahúsið.

Í nóvember var mikil umræða og átök innan Frjálslynda flokksins um málefni innflytjenda. Þáverandi framkvæmdastjóri flokksins gaf til kynna að henni hugnuðust ekki áherslur flokksins í innflytjendamálum og nokkrir flokksmenn gagnrýndu hana fyrir það. - kóþ

Framlög til bandarískra háskóla 241 prósenti hærri en hér:

# Minnstu framlögin á Íslandi

**MENNTUN** Heildarframlög til háskóla miðað við hvern fullskráðan nemenda á árunum 1999 til 2003 jukust í öllum þeim ríkjum sem Ríkisendurskoðun hefur til viðmiðunar í nýrri skýrslu sinni, nema á Íslandi.

Að auki eru framlögin minni á Íslandi en gengur og gerist. Norsk framlög voru þannig 37 prósentum hærri, sænsk 60 prósentum og bandarísk framlög voru 241 prósenti hærri.

Lönd eins og Bretland, Noregur og Bandaríkin, ásamt fimmtán löndum Evrópusambandsins, juku á árabilinu 1999 til 2003 framlög sín til háskóla um ellefu til 24 prósent. Framlög á Íslandi minnkuðu hins vegar á sama tíma um tólf prósent.

Tölur eru ekki til um framlög fyrir fullskráða nemendur árin 2004 til 2006, en kostnaður á hvern skráðan nemenda jókst um 5,4 prósent milli 2003 og 2005. Kostnaður á hvern ársnemanda er um 2,7 prósent.

Á árinu 2005 virðist því enn hafa vantað töluvert upp á til að framlög Íslands standi í stað fremur en minnki milli ára. - kóþ



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Heildarframlög til háskóla miðað við nemendafjölda eru lægri hér en í nágrannalöndum. FRÉTTABLAÐ-

### FRAMLÖG TIL MENNTAMÁLA:

| Land | Framlög 2003 | Breyting frá 1999 |
|---|---|---|
| Bretland | 10.123 | 24 % |
| Noregur | 11.754 | 15 % |
| Svíþjóð | 13.717 | 07 % |
| ESB (15 lönd) | 8.868 | 14 % |
| Bandaríkin | 20.649 | 11 % |
| Ísland | 8.552 | **-12 %** |

Upphæðir eru í evrum og samræmdar miðað við mismunandi kaupmátt í löndunum. Hér eru talin framlög opinberra aðila sem og einkaaðila.



**BRUNI** Efnt hefur verið til hugmyndaleitar um uppbyggingu Kvosarinnar í kjölfars bruna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hugmyndaleit hafin:

## Uppbygging Kvosarinnar

**SAMSKEPPNI Reykjavíkurborg hefur efnt til hugmyndaleitar um uppbygginguí Kvosinni, í framhaldi af húsbrunanum sem varð að Austurstræti 22 og Lækjargötu 2.**

Markmiðið er fá tillögur um hvernig megi styrkja svæðið. Sex arkitektastofur hafa þegar verið valdar til að leggja fram tillögur, en öllum er frjálst að koma hugmyndum sínum á framfæri.

Tillögum ber að skila í síðasta lagi fimmtudaginn 9. ágúst 2007 inn á skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur, Borgartúni 3, og hugmyndum helst samdægurs.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar, www.skipbygg.is - rve

Fjölskylda Brasilíufangans:

## Er í sambandi við ráðuneytið

**LÖGREGLUMÁL Aðstandendur Íslendingsins sem handtekinn var í Brasilíu 6. júní síðastliðinn með sex kíló af kókaíni í fórum sínum hafa sett sig í samband við utanríkisráðuneytið vegna málsins, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.**

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins vilja ekkert segja um málið, og ekki liggur fyrir hvort óskað hafi verið formlega eftir aðstoð ráðuneytisins við að leysa úr máli mannsins.

Maðurinn er 28 ára gamall og var á leið úr landi til Lissabon þegar hann var handtekinn á Guarulhos-alþjóðaflugvellinum við São Paulo við reglubundið eftirlit fyrir tæpum mánuði. - sh

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Tólf stútar við stýri**

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók tólf ökumenn grunaða um ölvun við akstur um helgina. Einn var sviptur ökuleyfi á staðnum þegar hann mældist á 137 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði var 60.


Fáðu meira fyrir ferðina

Velkomin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar



Aukið rými og bætt þjónusta í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Umfangsmiklar breytingar hafa staðið yfir á Flugstöð Leifs Eiríkssonar síðustu misserin. Verslunar- og þjónusturýmið hefur ríflega tvöfaldast og fjölmargir nýir rekstraraðilar bæst í hópinn. Veitingastöðum fjölgar jafnt og þétt og úrval verslana og vöruframboð hefur aldrei verið glæsilegra.

Fáðu meira – mættu fyrr!

Við hvetjum alla farþega til þess að mæta tímanlega og njóta alls þess sem Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur upp á að bjóða. Hægt er að nálgast upplýsingar um þjónustu flugstöðvarinnar á airport.is.

Munið! Innritun hefst 2 tímum fyrir brottför!

ferð til fjár

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

ÍSLENSKA SIA.IS FLE 37703 06/07

## Svona erum við

Milljónum eytt í áfengi á árunum 1996 og 2006.




# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** FRÍDAGUR VERSLUNARMANNA

## *Fyrsta launaða sumarfríið á Íslandi*

Tilkynnt var á félagsfundi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur (VR) að allir kaupmenn og verslunarstjórar stærri verslana í Reykjavík hefðu boðist til að gefa starfsmönnnum sínum frídag til að þeir gætu skemmt sér. Stuttu síðar var fyrsti frídagur verslunarmanna haldinn hátíðlegur fimmtudaginn 13. september 1894.

**Hvaðan kemur hugmyndin að frídeginum?**
Hugmyndin kemur frá Danmörku og er fyrsti vísirinn að orlofi launafólks á Íslandi en fram að þessum degi hafði ekki tíðkast að veita launafólki sumarfrí. VR samþykkti að skipuleggja daginn til að tryggja að hann yrði nýttur eins og til hans var stofnað.



**Hvernig fóru hátíðahöldin fram á fyrri hluta aldarinnar?**
Flestir verslunarmenn í Reykjavík tóku þátt í hátíðahöldunum ásamt fjölda gesta. Safnast var saman á Lækjartorgi og gengið undir fánum og lúðraþyt að Ártúnum. Þegar þangað var komið var boðið upp á hressingu, haldnar ræður og skemmtiatriði. Fyrstu þrjú árin var dagurinn með þessu sniði. Árið 1935 var hann haldinn hátíðlegur á Þingvöllum og er talið að allt að fimm þúsund manns hafi sótt hátíðina. Engin hátíðahöld fóru fram á árunum 1940-1943. Fyrstu árin eftir síðari heimsstyrjöldina hélt VR ball á Hótel Borg en árið 1947 hófust útisamkomur í tilefni frídags verslunarmanna aftur og þá í Tívolí. Frídagur verslunarmanna varð almennur frídagur upp úr miðri síðustu öld.

## SPURT & SVARAÐ
PYNTINGAR



**ÞÓRIR GUNNARSSON** Amnesty-félagi.

### *Fannst ég vera að drukkna*

Hópur ungra Amnesty-félaga stóð fyrir uppákomu á Austurvelli síðasta laugardag þar sem vakin var athygli á aðferðum sem notaðar eru í „stríðinu gegn hryðjuverkum“.

**Hvað var gert á Austurvelli?**
„Við sýndum meðal annars yfirheyrsluaðferðir sem Bandaríkjamenn hafa notað í Guantánamo, til dæmis Vatnsplankann. Aðferðin er sú að fanginn er látinn liggja á hallandi planka með höfuð í átt að jörðu, hann er með tusku yfir andliti og hellt er vatni yfir það. Fólki var boðið að láta gera þetta á sér og það hélt út í fimm sekúndur. Ég fór í þetta og það er alveg eins og maður sé að drukkna. Þetta hefur verið gert við fanga í Guantánamo stanslaust í tvær mínútur.“

**Af hverju teljast þessar aðferðir ekki vera pyntingar?**
„Dick Cheney [varaforseti Bandaríkjanna] sagði að það að hella vatni yfir fólk væru ekki pyntingar. Skilgreining hjá Bandaríkjamönnum er annars sú að ef enginn varanlegur líffræðilegur skaði hlýst af yfirheyrsluaðferðunum eru þær ekki pyntingar.“

# Sjö í haldi vegna hryðjuverkanna

**Sjö hafa verið handtekin í Bretlandi eftir að tvær bílsprengjur fundust í miðborg Lundúna á föstudag og árás á flugvöllinn í Glasgow í Skotlandi á laugardag. Efsta stigi viðbúnaðar var lýst yfir í Bretlandi í kjölfarið, sem þýðir að búist var við fleiri árásum. Gordon Brown, forsætisráðherra Englands, sagði fólkið tengjast al Kaída-samtökunum. Það er allt fætt í Mið-Austurlöndum samkvæmt vef BBC.**



**BEÐIÐ EFTIR HRYÐJUVERKAÁRÁSINA** Fjölskylda situr og bíður fyrir utan flugvöllinn í Glasgow á laugardag eftir að tveir hryðjuverkamenn höfðu keyrt logandi jeppa á flugstöðvarbygginguna. Hættuástand ríkir enn í Bretlandi þrátt fyrir að lögreglan hafi handtekið sjö hryðjuverkamenn í tengslum við árásina og tvö sprengjutilræði í London á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Á föstudag aftengdi lögreglan í London sprengjur sem komið hafði verið fyrir í tveimur Mercedes Benz-bifreiðum skammt frá Hyde-garðinum og Piccadilly Circus. Bílarnir voru fullir af bensíni, própangasi og nöglum og voru nægilega öflugar til að valda verulegu manntjóni að sögn Peters Clarkes, yfirmanns bresku hryðjuverkalögreglunnar.

Jeppinn sem notaður var til að fremja árásina á flugvöllinn í Glasgow var fullur af þessari sömu blöndu. Tveir menn voru í bílnum, sem var alelda, og keyrðu hann á flugstöðvarbygginguna. Mikill eldur kviknaði í byggingunni í kjölfarið og þykir mildi að enginn hafi slasast í árásinni annar en ökumaður bílsins sem hlaut alvarlega brunaáverka.

Clarke segir að rannsóknir sem hafi verið gerðar á vettvangi og á bílunum þremur bendi til þess að sömu mennirnir standi á bak við tilræðin tvö í London og árásina í Glasgow.

**Handtekin víða um Bretland**
Um helgina handtók lögreglan fjóra menn og eina konu í tengslum við árásirnar. Fólkið var handtekið á þremur mismunandi stöðum í Bretlandi.

Óbreyttir borgarar aðstoðuðu lögregluna við að handtaka mennina tvo sem voru í bílnum sem keyrði á flugstöðvarbygginguna í Glasgow.

Á sunnudag handtók breska hryðjuverkalögreglan mann og konu í Cheshire í Norðvestur-Englandi og einn maður var handtekinn sama dag í Liverpool eftir að lögreglan hafði stöðvað bíl hans.

Á sunnudagskvöld voru svo tveir menn handteknir í bænum Paisley, sem er tæpa þrettán kílómetra frá Glasgow, eftir víðtæka rannsókn lögreglunnar.

**Frá Mið-Austurlöndum?**
Gordon Brown hefur sagt að það sé ljóst að hin handteknu tengist al Kaída-samtökunum og samkvæmt fréttavef BBC eru þau öll frá Mið-Austurlöndum.

Lögreglan í Bretlandi hefur staðfest að einn mannanna heiti Mohammed Asha og sé læknir frá Jórdaníu, og að annar þeirra sé íraskur læknir að nafni Bilal Abdullah. Jacqui Smith, innanríkisráðherra Bretlands, sagði hins vegar að orð fjölmiðla um að hinir grunuðu væru frá Mið-Austurlöndum væru ekki annað en getgátur. Það telst því óstaðfest eins og er.

**Hert öryggisgæsla í Bretlandi**
Öryggisgæsla hefur verið hert í Bretlandi í kjölfar árásanna, meðal annars á flugvöllum og lestarstöðvum.

Lögreglan í Lundúnum var með mikinn viðbúnað í borginni í gær vegna hættu á frekari hryðjuverkaárásum, setti meðal annars upp vegatálma á Lundúnabrúnni og myndaðust langar raðir bíla við þá. Auk þess var öryggisgæsla á Wimbledon-tennismótinu hert. Jacqui Smith sagði í gær að lögreglan hefði gert húsleit á að minnsta kosti nítján heimilum í tengslum við rannsókn málsins.

**Ekki ný hryðjuverkalög**
Talsmaður Gordons Browns sagði um helgina að þrátt fyrir að efsta stigi viðbúnaðar hefði verið lýst yfir þá myndu lögum um hryðjuverk ekki verða breytt þrátt fyrir tilræðin og árásina.

Alex Salmond, forsætisráðherra í heimastjórn Skotlands, segir að atburðir síðustu daga ættu ekki að vera notaðir til að réttlæta lagabreytingar sem myndu heimila lögreglunni að halda meintum hryðjuverkamönnum í hámark níutíu daga án þess að ákæra þá, í stað 28 í gildandi lögum.

Ólíklegt verður því að teljast að árásin í Glasgow og tilræðin í London leiði enn um sinn til þess að sett verði harðari lög til að glíma við hryðjuverkaógnina sem steðjar að íbúum þess.

Og miðað við snör handtök lögreglunnar við að finna þá sem stóðu á bak við tilræðin og árásina virðist þess ekki þurfa en Smith innanríkisráðherra segir að ríkisstjórnin ætli að leita leiða til að „ráðast gegn þeirri hugmyndafræði sem fær fólk til að fremja hryðjuverk“ og útilokaði ekki herta löggjöf í framtíðinni. - ifv

### TVÍSÝNT HÆTTUSTIG

Í kjölfar þess að tvær bílsprengjur fundust í miðborg Lundúna á föstudaginn og gerð var árás á flugstöðvarbyggingu Glasgow-flugvallar ákvað sjálfstæð nefnd sem kennd er við JTAC (Joint Terrorism Analysis Centre), sem starfar á vegum bresku leyniþjónustunnar, að auka ætti viðbúnað í landinu upp í það sem kallast tvísýnt hættustig (critical threat level). Þetta þýðir að búist er við hryðjuverkaárás hvenær sem er og er þetta efsta stig viðbúnaðar yfirvalda til að verjast hryðjuverkaárásum.

Nefndin getur metið hættuna út frá fimm stigum, allt frá fyrsta stiginu þegar árás er talin vera mjög ólíkleg til þessa fimmta stigs. Aðgerðirnar til að bregðast við hættustigunum fimm eru þrjár og er öryggisgæsla í Bretlandi nú í hámarki. Til þess að breyta þessu hættustigi þarf nefndin að ákveða, út frá þeim upplýsingum sem hún hefur, að hættan á hryðjuverkaárásum sé liðin hjá. Þetta hefur nefndin ekki gert enn og er því tvísýnt hættustig í landinu: enn er búist við hryðjuverkaárásum.

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

# FANGAÐU AUGNABLIKIÐ
## með OLYMPUS®

OLYMPUS 3ja ára ábyrgð ORMSSON



**OLYMPUS E-510**
10.0 milljón pixlar
Live View á 2,5" skjá
Hristivörn í vél
"Dust Reduction System"
- rykfríar myndir
***Með 14–42 mm linsu***
**Verð: 79.900 kr.**



**OLYMPUS E-410**
**Double Zoom kit**
10.0 milljón pixlar
Live View á 2,5" skjá
"Dust Reduction System"
- rykfríar myndir
***Með 14–42 mm og 40–150 mm linsum***
**Verð: 79.900 kr.**

Lesið umfjöllun og dóma fagmanna og notenda á:
www.dpreview.com



**OLYMPUS Mju 760**
7,1 milljón pixlar
Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár
3x aðráttarlinsa (37-111mm)
Nett og veðurvarið málmhús
Dual hristivörn
og aukin ljósnæmni
512 MB KORT FYLGIR MEÐ
**Verð: 26.900 kr.**



**OLYMPUS FE-230**
7,1 milljón pixlar
3x aðráttarlinsa (38-114mm)
Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár
18 handhægar tökustillingar
Nett málmhús (aðeins 16,5mm)
Videoupptaka með hljóði
Sérlega einföld og þægileg í notkun
Taska, hleðslutæki og Lithium-Ion rafhlaða fylgja
TASKA FYLGIR MEÐ
**Verð: 19.900 kr.**



**OLYMPUS FE-210**
7,1 milljón pixlar
3x aðráttarlinsa (38-114mm)
Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár
15 handhægar tökustillingar
Notar AA rafhlöður
**Verð: 14.900 kr.**

KVIKA

Nikon At the heart of the image

# Frábærar myndavélar
## *sem fara sigurför um heiminn*



**NIKON D80**
10,2 milljón pixla CCD myndflaga
3 rammar á sekúndu
Hraður 11 punkta sjálfvirkur fókus
ISO 100-1600 (3200 með boost)
18-135mm linsa fylgir
**Verð: 134.900 kr.**

Í FÓKUS



**NIKON D40x**
10.2 milljón pixla CCD myndflaga
3 rammar á sekúndu
2,5" LCD skjár
Hraður 3 punkta sjálfvirkur fókus
ISO 100-1600
Lokara hraði 30–1/4000
18-135mm Nikon DX linsa fylgir
**Verð: 104.800 kr.**
ÍSLENSKAR LEIÐBEININGAR



**NIKON S500**
7.1 milljón pixlar
Mjög fljót að kveikja á sér,
eintaklega fljót að smella af
3 x aðdráttur í linsu
(tilsvarandi 35-105mm á filmuvél)
VR hristivörn
2,5" LCD skjár
Hús úr ryðfríu stáli
ÍSLENSKAR LEIÐBEININGAR
**Verð: 35.900 kr.**



**NIKON L12**
7.1 milljón pixlar
3 x aðdráttur í linsu (35 - 105mm)
VR hristivörn í linsu
Video upptaka með hljóði
D - lighting, hugbúnaður til að leiðrétta lýsingu í vélinni
Notar AA rafhlöður (Alkaline duga í um 150 myndir)
**Verð: 24.900 kr.**



**NIKON S200**
ÍSLENSKAR LEIÐBEININGAR
7.1 milljón pixlar
3 x aðdráttur í linsu
(tilsvarandi 38-114mm á filmuvél)
VR hristivörn
2,5" LCD skjár
Rafhlaðan endist í um 230 myndir
**Verð: 29.900 kr.**

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT · WWW.ORMSSON.IS



**Nikon OG OLYMPUS®**
ERU ÁN EFA TVEIR AF VIRTUSTU
MYNDAVÉLAFRAMLEIÐENDUM HEIMS.

# ORMSSON

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON RADIONAUST-AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK SÍMI 480 1160 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 |

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Staða Bandaríkjanna á 231. sjálfstæðisafmælinu.

## Risaveldi í kreppu

**AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR**

Bandaríkjamenn, voldugasta þjóð heims, halda upp á þjóðhátíð sína á morgun, 4. júlí, er rétt 231 ár verða liðin frá því Bandaríkin lýstu yfir sjálfstæði.

Á þessum tímamótum er staða Bandaríkjanna sem eina risaveldisins í heiminum að mörgu leyti í uppnámi. Enginn vafi leikur á því, að Bandaríki dagsins í dag eru mun áhrifaminni í heimsmálunum en þau voru um aldamótin.

Nærri sex árum eftir hryðjuverkárásirnar 11. september 2001 situr öflugasti her heims fastur, liðs- og bandamannafár, í Írak og Afganistan. Augljóst er orðið að eina risaveldi heims hefur reynzt ófært um að þvinga vilja sinn upp á þessi fjarlægu og fátæku lönd. Í augum margra er sú staðreynd til merkis um að veldi Bandaríkjanna sé í alvarlegri kreppu.

Vissulega hefur Bandaríkjunum tekizt áður að ná vopnum sínum á ný eftir fyrri skelli, svo sem Víetnam-stríðið. En hernaðarófarir þeirra nú eiga sér stað á tímum þegar svo virðist sem hið hnattræna valdajafnvægi sé að sveiflast Bandaríkjunum í óhag, eins og brezka tímaritið The Economist bendir á í úttekt og forystugrein í nýjasta hefti sínu.

Íranar eru að fylla út í valdatómarúmið sem ástandið í Írak hefur skapað á Persaflóasvæðinu, og hafa sett aukinn kraft í kjarnorkuáætlun sína. Hernaðarmáttur Kína vex jafnhröðum skrefum og efnahagsmáttur þess. Hið gas- og olíuríka Rússland er æ meir upp á kant við Vesturlönd, ekki sízt forysturíki þeirra. Litlir kærleikar eru í Atlantshafssamstarfinu – Evrópuríkin eru óviljug til þátttöku í „stríði“ Bush Bandaríkjaforseta gegn hryðjuverkum. Í „bakgarði Bandaríkjanna“ fer Hugo Chavez í Venesúela fyrir uppreisn gegn bandarískum kapítalisma. Úti um allan heim hefur andúð og tortryggni í garð Bandaríkjanna vaxið hröðum skrefum, upp að því marki að þau eru af ýmsum álitin meiri ógnvaldur við heimsfriðinn en vörður hans.

Ýmislegt grefur einnig undan „mjúku valdi“ Bandaríkjanna: hneykslanleg mannréttindabrot í fangelsunum í Abu Ghraib í Írak og við Guantanamo-flóa á Kúbu og tregða Bandaríkjastjórnar til að taka þátt í að vinna gegn hnattrænum loftslagsbreytingum eru dæmi um þetta. Zbigniew Brzezinski, sem var þjóðaröryggisráðgjafi í forsetatíð Jimmy Carters, orðar það þannig í nýlegri bók að Frelsisstyttan í New York sé ekki lengur öflugasta tákn Bandaríkjanna, heldur Guantanamo-fangabúðirnar. Brzezinski telur að grípi arftaki Bush ekki til róttækra ráðstafana til að endurreisa pólitíska og siðferðislega reisn Bandaríkjanna muni „kreppa Bandaríkjanna sem risaveldis verða varanleg“ og drottnunarskeið þeirra líða fyrr undir lok en ella.

The Economist telur að þessi kreppueinkenni á veldi Bandaríkjanna séu villandi. Bæði bandamenn og fjendur túlki, ranglega, klúður núverandi ríkisstjórnar vestra sem merki um djúpstæðari veikleika. Hvorki „hart“ né „mjúkt“ vald Bandaríkjanna sé í raun að minnka. Öllu heldur sé því eins og sakir standa ekki beitt eins vel og unnt væri.

Þessi túlkun á ástandinu ber vott um bjartsýni fyrir hönd Bandaríkjanna. Hún ber jafnvel vott um vanmat á langtíma-áhrifum stefnu og gerða Bush-stjórnarinnar. Að minnsta kosti er ljóst að arftakar hennar munu eiga ærið verk fyrir höndum að skapa þá sátt um forystuhlutverk eina risaveldisins sem er forsenda fyrir því að hægt sé að beita því Bandaríkjunum sjálfum, bandamönnum þeirra og heimsbyggðinni allri til framdráttar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Skráðu þig til keppni

Frisbígolf

laugardaginn 7. júlí kl. 14

Velkomin á Landsmót

- frábær fjölskylduhátíð fyrir alla

http://landsmot.kopavogur.is

2007 LANDSMÓT UMFÍ

KÓPAVOGI 5.–8. JÚLÍ

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Opinber væðing

Nú þegar ríkisvaldið gerir tilraun til að koma hluta af Hitaveitu Suðurnesja í hendur einkaaðila keppast sveitarfélögin við að halda því áfram í opinberri eigu. Ekki nóg með að sveitarfélögin nýti forkaupsrétt sinn heldur leggur Orkuveita Reykjavíkur sitt lóð á vogarskálarnar svo þetta endi nú ekki úti á hinum bandbrjálaða frjálsa markaði. Og ekki er hægt að réttlæta þá opinbera væðingu orkufyrirtækis með því að segja vinstri menn við völd í Reykjavík. Kannski fara sjálfstæðismenn í borgarstjórn og í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að hugsa meira um hagsmuni hins opinbera en einstaklinganna þegar þeir komast þar í stjórn?



### Þolinmótt fólk

Þessi afstaða er ef til vill ekki skrýtin þegar Gunnar Svavarsson, krati í Hafnarfirði, á í hlut. Hann talar um að hafa þolinmótt fé undir höndum. Um þetta skrifar Gísli Freyr Valdórsson á heimasíðu sína: „Þegar Gunnar talar um þolinmótt fé talar hann auðvitað um það fé sem íbúar í Hafnarfirði vinna sér inn hluta hvers dags og greiða sveitarfélaginu í skatt. Þannig að allir launþegar þurfa nú að leggja til pening til að Gunnar og félagar geti farið að fjárfesta. Það er jú auðvitað miklu skemmtilegra og auðveldara að fjárfesta með fjármagn sem maður á ekki sjálfur. Mikið hlýtur láglaunafólk í Hafnarfirði að vera ánægt.“



### Þétt dagskrá

Mörg mál biðu afgreiðslu hjá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra þegar hún kom heim frá Gana í gær. Þar hefur hún dvalið undanfarna daga á leiðtogafundi Afríkusambandsins. Í gærkvöldi átti hún fund með Geir H. Haarde forsætisráðherra. Stór mál biðu afgreiðslu. Formennirnir þurftu að ganga frá tillögum um leyfilegan heildarafla á næsta fiskveiðiári og aðgerðaáætlun til að draga úr mestu óþægindunum fyrir dreifðari byggðir landsins.

bjorgvin@frettabladid.is

# Raforka á álverstaxta

Svo virðist sem ný tegund lýðræðis sé nú að ryðja sér til rúms í bæjum og sveitum landsins um þessar mundir. „Íbúakosning“ kallast hún og snýst um sjálftökurétt einstakra sveitarfélaga á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar. Síst er ég á móti íbúalýðræði og auknum rétti fólks til að ákvarða eigin mál. Þvert á móti. En hve lýðræðislegar eru ákvarðanir sem þessar þegar íbúar viðkomandi sveitarfélags eru settir upp við vegg af íslenskum stjórnvöldum í erindagjörðum fyrir erlend stórfyrirtæki? Jafnvel er gengið svo langt að íbúum sveitarfélagsins er gefið til kynna að eina leiðin til þess að bæta almannaþjónustu er að fara að vilja Landsvirkjunar eins og gerst hefur í Flóahrepp í tengslum við áform um virkjun Urriðafoss. Það er einnig grátbroslegt að heyra fréttir af kapphlaupi milli sveitarfélaga um að fá til sín álver. En þarf heimurinn að vera svona svarthvítur? Af hverju mega aðrar atvinnugreinar en álbræðsla ekki fá raforku á lágu verði?



**JÓN BJARNASON**

**Í DAG** | Byggðamál

### Orkan er sameign þjóðarinnar

Orkan er sameiginleg auðlind þjóðarinnar, reyndar framtíðarinnar, og hún er auk þess takmörkuð, hvort sem um er að ræða í fallvötnum eða jarðhita. Það er því býsna skondið að sjá sveitarfélögin í skiptast í hópa og metast á um hvort þau ætli að hafa íbúakosningu eða ekki um álversdrauma sína. Verum minnug þess að álver krefst bæði rýmis í íslensku hagkerfi og ekki síst ráðstöfun á umtalsverðum hluta sameiginlegra orkuauðlinda landsmanna.

Álver fá niðurgreidda orku sem landsmenn og annað atvinnulíf verða að borga fullu verði. Slíkt stórvirki er því ekki einkamál einstakra sveitarfélaga. Með hvaða rétti og sanngirni fer fram íbúakosning í Hafnarfirði um stækkun álvers sem krefst orku úr Þjórsá eða jarðhita á Reykjanesi? Hefur Orkuveita Reykjavíkur eitthvert sjálfdæmi til að ráðstafa orku til álvera úr sameiginlegri orkuauðlind landsmanna á Hellisheiði og það á spottprís á meðan fiskvinnslan á Vestfjörðum – já um land allt – borgar margfalt hærra verð fyrir orkuna? Er það ekki brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar?

### Fiskvinnslan fái álverstaxta

Óbreytt stóriðjustefna ríkisins og atgangur einstakra sveitarfélaga á suðvesturhorninu í álæðinu mun áfram ryðja burt atvinnulífi og búsetu, t.d. á Vestfjörðum og í öðrum sjávarbyggðum á landsbyggðinni. Eiga ekki Vestfirðingar og Norðlendingar nákvæmlega sama rétt til orkunnar á Hellisheiði, Reykjanesskaga eða í Þjórsá? Sveitarstjóri Ölfushrepps taldi í fréttum nýverið nær að sú sveit fengi orkuna úr Þjórsá í álver hjá sér frekar en Hafnfirðingar eða Reyknesingar!

Álverin fá samningsbundinn rétt til sameiginlegrar orku landsmanna til næstu áratuga á spottprís eða 0,80 til 1,50 kr./kWst. Nýjustu samningar Orkuveitunnar við óbyggt álver er að sögn um 2 kr./kWst. úr auðteknasta orkugjafa landsins.

Fiskvinnslan er aftur á móti að borga fjórfaldan til sexfaldan álverstaxta, þ.e. 5,50 – 6 kr./kWst. og sumir meir. Nú, þegar horft er til aukinnar hagkvæmni sjávarútvegs og bættra rekstrarskilyrða til að viðhalda og efla byggðir landsins, þurfa þær að fá til sín aukinn hlut virðisaukans. Fiskvinnslan og sjávarbyggðirnar niðurgreiða orkuna til stóriðjunnar og taka á sig vaxtaokrið og hátt gengi krónunnar sem eru fylgifiskar stóriðjuþenslunnar.

Það er skýlaus krafa sjávarbyggðanna og hreint sanngirnismál að fiskvinnslan fái rafmagn á álverstaxta!

### Fiskurinn er jafn sameiginleg auðlind og orkan

Gefum okkur nú að allt sé þetta eðlilegt og sanngjarnt, sem ég er ekki sammála:

- Þjóðin sé sátt við að erlendir auðhringar fái hér raforku á spottprís úr sameiginlegum náttúruauðlindum landsmanna.
- Slíkar ákvarðanir megi þvinga fram með ákvörðun einstakra sveitarfélaga, hvort sem það er gert með íbúakosningu eða ekki

Þá geta íbúar á Vestfjörðum eða Skagaströnd með sama hætti látið fara fram íbúakosningu um sjálftökurétt þeirra til fiskveiðiauðlindarinnar, a.m.k. allt að tvöhundruð mílum úti fyrir ströndinni. Fiskurinn í sjónum er takmörkuð auðlind í þeirra heimabyggð, í þeirra heimasjó, þótt hún sé sameign þjóðarinnar. Sama er um orkuna og mengunarkvótann sem sveitarfélögin á suðvesturhorninu vilja hrifsa til sín, hvort heldur með íbúakosningu eða ekki, en aðrir blæða.

Landsmenn góðir! Er ekki rétt að staldra við áður en því er varpað á einstök sveitarfélög að greiða atkvæði um sölu á sameign þjóðarinnar til útlendra auðherra?

*Höfundur er alþingismaður.*

# Stórskipahöfn á Kársnesi

**UMRÆÐAN**

Skipulagsmál

Íbúar í vesturbæ Kópavogs hafa á undanförnum mánuðum mótmælt væntanlegum skipulagsbreytingum á Kársnesi. Þar er gert ráð fyrir talsverðri þéttingu byggðar ásamt stórskipahöfn með tilheyrandi þungaflutningum. Í fréttum ríkissjónvarpsins þann 1. júlí var viðtal við íbúa í vesturbæ Kópavogs sem kvaðst þreyttur á að minnihlutinn í bæjarstjórn Kópavogs hefði meiri áhuga á ferðum bæjarstjórans í Kópavogi á súlustaði en væntanlegri stórskipahöfn á Kársnesi. Þessi ummæli þykir mér ástæða til að leiðrétta enda um rakin misskilning að ræða.



**GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR**

Fulltrúar Samfylkingarinnar í Kópavogi hafa aldrei tjáð sig um meint tengsl bæjarstjórans við súlustaði bæjarins, hvorki á bæjarstjórnarfundum eða í fjölmiðlum. Undirrituð hefur hins vegar fjallað um meint lögbrot á næturklúbbnum Goldfinger í Kópavogi þegar málefnið var til umfjöllunar í fjölmiðlum. Hins vegar hafa allir bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar ásamt fulltrúum í skipulagsnefnd ítrekað lýst sig andvíga stórskipahöfn í Kópavogi bæði í fjölmiðlum og í umræðu í bæjarstjórn Kópavogs. Í fundargerðum sem eru aðgengilegar á netinu má sjá fjölmargar bókanir þar að lútandi.

Samfylkingin í Kópavogi lýsti því yfir fyrir síðustu kosningar að við myndum leggjast alfarið gegn frekari uppbyggingu hafnar á Kársnesi og því höfum við fylgt staðfastlega eftir allt síðasta ár. Enn fremur höfum við lýst yfir miklum áhyggjum af þeirri miklu uppbyggingu sem fyrirhuguð er á Kársnesinu með tilheyrandi umferðarþunga og höfum beitt okkur gegn svo þéttu skipulagi sem fyrstu tillögur gerðu ráð fyrir.

Hvað fjölmiðlar telja svo fréttamat, er þeirra að ákveða, en þótt einstaka mál sem eru til umfjöllunar í bæjarstjórn Kópavogs rati ekki í fjölmiðla þýðir það ekki að við vinnum ekki af fullum krafti að þeim málum, bæði stórum og smáum.

Væntanlegar skipulagsbreytingar í vesturbæ Kópavogs ásamt stórskipahöfn er alfarið á ábyrgð sjálfstæðis- og framsóknarmanna í Kópavogi. Það eru þeir tveir flokkar sem mynda meirihluta í bæjarstjórn og því er ákvörðunarvaldið þeirra. Samfylkingin mun nú sem fyrr veita þeim kröftugt aðhald í öllum málum, hvort sem sá málflutningur okkar ratar í fjölmiðla eða ekki.

*Höfundur er oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi.*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.317 **+0,22%**

**Fjöldi viðskipta:** 398
**Velta:** 21.393 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **ATLANTIC PETROLE.** | 10.00% |
| **MOSAIC FASHIONS** | 3,64% |
| **ALFESCA** | 1,85% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **ÖSSUR** | 0,94% |
| **365** | 0,87% |
| **FÖROYA BANKI** | 0,86% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,43 -0,87% ... Actavis 89,60 +0,00% ... Alfesca 5,52 +1,85% ... Atlantic Petroleum 1.100 +10,00% ... Atorka 8,38 -0,24% ... Bakkavör 69,00 -0,58% ... Eimskipafélagið 40,20 -0,25% ... FL Group 29,50 +0,00% ... Glitnir 28,95 +0,00% ... Kaupþing 1.132 +0,62% ... Landsbankinn 38,20 +0,26% ... Marel 84,90 +0,24% ... Mosaic Fashions 17,10 +3,64% ... Straumur-Burðarás 21,75 -0,23% ... Össur 105,00 -0,94%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Verðmæti framleiðslu eykst milli ára

Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara í fyrra jókst að raungildi um 3,3 prósent milli ára. Verðmætið nam, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands, 357 milljörðum króna, en það er aukning um tæplega 61 milljarð frá árinu 2005.

Án fiskvinnslu nam heildarverðmæti seldra framleiðsluvara 242 milljörðum króna árið 2006, miðað við 195 milljarða árið áður. Þar nemur aukningin milli ára 47 milljörðum. „Í þrettán atvinnugreinum af sautján jókst verðmæti seldra framleiðsluvara. Hlutdeild atvinnugreina í söluverðmæti framleiðsluvara er stöðug milli áranna 2005 til 2006 þar sem hlutdeild matvæla- og drykkjarvöruiðnaðar vegur þyngst með 49,5 prósent af heildarverðmæti árið 2006, þar af 32,2 prósent vegna fiskvinnslu," segir Hagstof-



**MÁLMSMÍÐANEMI** Málm- og vélsmíðar, útgáfustarfsemi, gler-, leir-, steinefna, matvæla- og drykkjarvöruiðnaður, auk margvíslegrar starfsemi annarrar fellur undir skilgreiningu á framleiðsluvarningi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Rarik stígur fyrsta skrefið í útrás sinni

**Ríkisorkurisinn Rarik hefur keypt hlut í norska orkufyrirtækinu Blåfells Energi af Landsbanka Íslands. Eðlilegt að spurningar vakni um fjárfestingar ríkisfyrirtækja segir forstjórinn. Bankinn heldur eftir 17,5 prósenta hlut í fyrirtækinu.**

Rarik hefur keypt 10,5 prósenta hlut í norska orkufyrirtækinu Blåfells Energi af Landsbankanum. Eftir kaupin á Landsbankinn 17,5 prósenta hlut í fyrirtækinu.

Blåfell Energi er skráð á hlutabréfamarkað í Ósló með eigið fé upp á tæplega 1,7 milljarða íslenskra króna. Finnska orkufyrirtækið Kymopvioima Hydro Oy á helmingshlut í Bláfelli og hið hollenska Koop Duurzame Energi rúmlega tuttugu og tvö prósent.

Rarik er opinbert hlutafélag að fullu í eigu íslenska ríkisins og er fjárfestingin sú fyrsta sem félagið ræðst í utan landsteinanna. Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri Rarik, segir eðlilegt að spurningar vakni um hvort eðlilegt sé að fyrirtæki, sem er að fullu í eigu ríkisins, leggist í fjárfestingar sem þessar. „Þetta eru spurningar sem við höfum spurt okkur í mörg ár. Nú er Rarik orðið að hlutafélagi og stjórn fyrirtækisins taldi að þetta væri leið sem rétt væri að fara."

Tryggvi telur fjárfestinguna samræmast yfirlýstri stefnu Rarik: að veita sem besta þjónustu með þarfir og óskir viðskiptavina sinna að leiðarljósi „Við teljum að með því að miðla okkar þekkingu og sækja nýja getum við bætt okkar þjónustu."

Tryggvi játar að stjórn Rarik hugi að frekari útrásarskrefum en segir ekki tímabært að tjá sig frekar eins og mál standa. „Stefna stjórnarinnar er að nýta þá þekkingu sem er í fyrirtækinu, en takmarka hana ekki við heimahagana. Íslendingar eru þekktir fyrir hreina orku og við búum yfir áralangri reynslu og þekkingu sem eðlilegt er að miðla."

Ætlunin er að Rarik og Landsbankinn komi að gerð 45 vatnsaflsvirkjana í Noregi í gegnum Blåfall Energi og er áætlað að heildarfjárfestingin nemi rúmum 10,8 milljörðum íslenskra króna. Reiknað er með að fjárfestingin geti skilað sextán til tuttugu prósenta ávöxtun á ári „Við förum í þetta verkefni með aðilum sem hafa hagnaðarsjónarmið að leiðarljósi, rétt eins og við," segir Tryggvi Þór Haraldsson.

Ætlunin er að skilja útrásarmálin frá hefðbundnum rekstri Rarik og stofna sjálfstætt hlutafélag um erlendar fjárfestingar félagsins.

jsk@frettabladid.is



**SAMNINGAR HANDSALAÐIR** Kaup Rarik á 10,5 prósenta hlut í Blåfell Energi eru fyrsta útrásarskref fyrirtækisins. Stefnt er að því að stofna sérstakt hlutafélag um erlendar fjárfestingar Rarik. Hér skrifa þeir Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri Rarik, og Smári Þorvaldsson frá Landsbankanum undir kaupsamning.



**RÓBERT WESSMAN** Róbert, sem er forstjóri Actavis, selur Novator eign sína í félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Selja hlutinn til Novators

**Róbert Wessman, forstjóri Actavis, og Sindri Sindrason, stjórnarformaður Actavis, hafa báðir tilkynnt að þeir ætli að selja alla hluti þeim tengdum í félaginu til Novators, sem hefur gert yfirtökutilboð í Actavis.**

**Róbert á 136.732.633 hluti að nafnverði í Actavis og ætti andvirði hans að nema rúmum 12,3 milljörðum króna miðað við tilboð Novators í Actavis upp á 1,07 evrur á hlut. Sindri á 21.658.059 hluti að nafnverði. Miðað við tilboð Novators nemur söluandvirði hlutarins tæpum tveimur milljörðum króna.**

**Í tilkynningu frá Kauphöllinni eru fyrirvarar samkvæmt tilboði Novator í gildi þannig að sala hlutabréfanna hefur ekki átt sér stað.** - jab

## Óbreyttir vextir vestra



**BEN BERNANKE**

Seðlabanki Bandaríkjanna ákvað fyrir helgi að halda stýrivöxtum óbreyttum í 5,25 prósentum.

Þetta er í takt við spár greinenda en stýrivextir hafa staðið óbreyttir vestanhafs í ár, eða frá því Ben Bernanke seðlabankastjóri batt í júní í fyrra endi á samfellt hækkanaferli sem staðið hafði yfir tvö undangengin ár.

Greinendur telja líkur á að vextir verði óbreyttir út árið. - jab




**JIM MORRISON LÉST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1971**

*„Ástin getur ekki bjargað þér frá örlögum þínum.“*

***James Douglas Morrison, söngvari hljómsveitarinnar Doors, lést aðeins 27 ára gamall. Hann er grafinn í Père Lachaise kirkjugarðinum í París þar sem fjöldi fólks kemur daglega að votta honum virðingu sína.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 3. JÚLÍ 1921:

## *Íslenska fálkaorðan stofnuð*



Fálkaorðan er íslensk heiðursviðurkenning sem veitt er bæði íslenskum og erlendum einstaklingum. Hún var stofnuð 3. júlí 1921 af Kristjáni X „til að sæma þá sem öðrum fremur hafa eflt hag og heiður Íslands. Nýjum orðuhöfum er oftast veitt viðurkenningin á nýársdag eða á þjóðhátíðardaginn 17. júní af forseta Íslands. Öllum er frjálst að tilnefna einstaklinga sem þeir telja verðuga orðuþega. Sérstök nefnd fjallar um tilnefningarnar og gerir tillögur til forseta um hverjir skuli hljóta orðu. Oftast er það riflegur tugur hverju sinni.

Orðustigin eru fimm: Fyrsta stig orðunnar er riddarakrossinn og flestir orðuþegar eru sæmdir honum. Annað stigið er stórriddarakross, síðan stórriddarakross með stjörnu og loks stórkross. Æðsta stig orðunnar er keðja ásamt stórkrossstjörnu en hana bera einungis þjóðhöfðingjar.

Gefist tilefni til getur orðunefnd hækkað einstakling um orðustig.

Við andlát orðuhafa ber afkomendum að skila orðunni. Ein orða nýtur þó undantekningar á þessu, stórkross sem átti að veita Jóhannesi Kjarval 1965 en hann afþakkaði. Sættir náðust þó með því að orðan var varðveitt í Listasafni Íslands en Jóhannes vildi aldrei fá hana í hendur.

**MERKISATBURÐIR**

**1886** Karl Benz ók fyrstu bifreiðinni í Þýskalandi.

**1928** Farið var á bíl yfir Öxnadalsheiði í fyrsta skipti. Þar var um mikið torleiði að fara og tók ferðin frá Blönduósi til Akureyrar fimmtán klukkustundir.

**1948** Samningur um nær 39 milljón dollara aðstoð Bandaríkjanna við Ísland var undirritaður. Sá stuðningur hefur ávallt verið nefnd Marshallaðstoð.

**1954** Dregið var í fyrsta sinn í happdrætti DAS. Aðalvinningurinn var Chevrolet fólksbifreið.

**1986** Sjálfvirkt farsímakerfi var formlega tekið í notkun. Þá hafði verið komið upp þjónustustöðvum á svæðinu frá Vík í Mýrdal vestur um land til Vestfjarða.



†

*Elskuleg fóstursystir mín og frænka okkar,*

**Marfríður Sigurðardóttir**

lést á Landspítalanum við Hringbraut, föstudaginn 29. júní. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Smári Karlsson**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sverrir Norland**
Sunnuvegi 5, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, þriðjudaginn 26. júní. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni, fimmtudaginn 5. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Margrét Norland**
**Kristín Norland**
**Jón Norland** **Sigríður Signarsdóttir**
**Halla Norland** **Valdimar Sigurðsson**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hermann Heiðar Jónsson**
úrsmíðameistari, Byggðarenda 21,

andaðist laugardaginn 30. júní á gjörgæsludeild Landspítala Fossvogi. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Sjöfn Bjarnadóttir**
**Sigríður Hermannsdóttir** **Árni H. Róbertsson**
**Guðmundur B. Hermannsson** **Guðrún Bjarnþórsdóttir**
**Sváfnir Hermannsson** **Katrín Jónsdóttir**
**Jón Ágúst Hermannsson** **Birna S. Björgvinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sesselja Kristinsdóttir**
Glaðheimum 22,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli laugardaginn 30. júní. Útförin verður auglýst síðar.

**Þorgeir Guðmundsson**
**Herborg Þorgeirsdóttir** **Heimir Sigtryggsson**
**Ragnhildur Þorgeirsdóttir** **Jóhannes Árnason**
**Kristín Þorgeirsdóttir** **Einar F. Hjartarson**
**Óli Vilhjálmur Þorgeirsson** **Bodil W. Vestergaard**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



**HOLLUSTA** „Gaman að nota sumarið til að hugsa aðeins um útivistina, líðanina og útlitið,“ segir Sigurlaug Viborg, formaður Kvenfélagasambands Íslands sem vinnur að landsátaki um bætta heilsu.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

SIGURLAUG VIBORG: LANDSÁTAK KÍ UM BÆTTA HEILSU

# Við konur höfum mikil völd

Hollmeti og létt golfþjálfun stendur borgfirskum konum til boða í kvöld á púttvellinum á Hamri. Þetta er fyrsti fundur Kvenfélagasambands Íslands í landsátaki um aukna hreyfingu og hollt mataræði.

„Við konurnar höfum ansi mikil völd, bæði hvað snertir matarinnkaup til heimilisins og hvað borið er þar á borð. Því getum við margt gert til að breyta mataræði þjóðarinnar til hins betra,“ segir Sigurlaug Viborg Garðarsdóttir, forseti sambandsins. „Við vitum að Lýðheilsustöð er líka að vinna að þessu markmiði en þetta er verkefni sem við þurfum öll að sameinast um. Velsældin á Vesturlöndum setur orðið mikinn svip á holdafar fólks og offitan er vaxandi vandamál sem verður að beina sjónum að. Það er nefnilega svo margs að njóta sem ekki er allt til bóta. Meiningin er að fara sem víðast um landið og hvetja konur til að gera eitthvað í matar- og hreyfingarmálum, hverja í sínum ranni.“

Sigurlaug segir landsátakið byrja í Borgarfirði í kvöld. „Við vonum að borgfirskar kvenfélagskonur á öllum aldri mæti á púttvellinum á Hamri. Þar verður eitthvað hollt á borðum og hægt að æfa golf í góðum félagsskap,“ segir hún. „Við vitum ekki hvort það gengur að halda svona fundi um hásumarið, samt ætlum við að kýla á það. Auðvitað er líka skemmtilegt að nota sumarið til að hugsa aðeins um útivistina, líðanina og útlitið. En aðalátakið byrjar í haust um leið og starfsemi kvenfélaganna fer í gang í september til október.“

Spurð hvort fundirnir verði í fyrirlestraformi svarar Sigurlaug: „Ja, við munum rabba saman og hvetja félögin til að fá næringarráðgjafa, íþróttakennara og aðra fagaðila á sínu svæði til að hjálpa til. Við bendum á að líkamsrækt er fólgin í svo mörgu, til dæmis eru gönguklúbbar víða starfandi. Sumir fara í ræktina en aðrir eiga ekki hægt um vik að stunda slíka staði. Hver og einn verður að sníða sér stakk eftir vexti og miða við eigin aðstæður.“ **gun@frettabladid.is**



## 90 ára afmæli

**Georg Jónsson**
**blikksmíðameistari**

**er níræður á morgun 4. júlí. Hann tekur á móti vinum og ættingjum í Safnaðarheimili Bústaðarkirkju miðvikudaginn 4. júlí frá kl. 15-17.**


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**


Sverrir Einarsson · Hermann Jónasson · Geir Harðarson · Bryndís Valbjarnardóttir

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

# Bambusstangir og límmiðar á veggi

***Ný íslensk vefverslun selur ýmsa muni til heimilisins.***

Living.is er ný netverslun með gjafavöru, muni til heimilisins og vörur fyrir börn. Úrvalið er fjölbreytt, allt frá litlum pappahúsum upp í límmiða á veggi. Mikið af þeim munum sem eru þar til sölu hafa sést á síðum glanstímarita þar sem fjallað er sérstaklega um heimili og hönnun.




Merkimiði á ferðatöskuna. Bleikt leðurhulstur utan um vegabréfið fæst einnig á living.is.



Ilmolía í glasi með bamusstöngum. Living.is 2.590 kr.

Fatastandurinn er límmiði sem límdur er á vegginn. Honum fylgir einn snagi til að skrúfa á vegg. Living.is 11.900 kr.






Gunnhildur, fremst til vinstri, sést hér við æfingar í Laugardal ásamt hópnum Göngum saman. Nánar á www.gongumsaman.is
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Göngum saman í New York og Reykjavík

***Hópur íslenskra kvenna gengur 63 km í New York til styrktar rannsóknum og meðferð við brjóstakrabbameini.***

„Við erum hópur kvenna sem kallast Göngum saman og ætlum að fara í Avon-gönguna í New York í október til styrktar rannsóknum og meðferð við brjóstakrabbameini," segir Gunnhildur Óskarsdóttir, dósent við Kennaraháskólann og forsprakki gönguhópsins. „Þetta er eitt og hálft maraþon eða 63 kílómetrar sem gengnir eru á tveimur dögum."

Að sögn Gunnhildar, sem greindist sjálf með brjóstakrabbamein auk tveggja annarra kvenna í hópnum, kviknaði hugmyndin að göngunni út frá þátttöku sex íslenskra kvenna í Avon-göngunni í fyrra. Það hafi valdið því að þær ákváðu að fara til New York, bæði til að vekja athygli á málstaðnum og styrkja framtakið með fjárframlögum.

Hver þátttakandi þarf nefnilega að greiða 1.800 dala þátttökugjald, sem fer í rannsóknir á brjóstakrabbameini í Bandaríkjunum. Konurnar hafa því staðið í ströngu undanfarið við að safna fyrir gjaldinu og annarri eins upphæð, sem þær ætla að gefa í grunnrannsóknir á brjóstakrabbameini á Íslandi.

„Við erum á fullu að safna fyrir þátttökugjaldinu með hjálp fyrirtækja og einstaklinga," segir Gunnhildur. „Svo ætlum við af stað með söfnun fyrir íslensku rannsóknirnar og ætlum meðal annars að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis, þar sem hægt verður að styrkja ákveðin málefni."

Fyrir utan vinnuna sem farið hefur í söfnunina, hefur hópurinn varið miklum undirbúningstíma í strangri þjálfun í Laugardal. Gunnhildur segir ekki veita af enda bíði þeirra það þrekvirki að ganga kílómetrana 63 á malbiki í kringum Manhattan. Vonandi verði það til að vekja athygli og samkennd.

*roald@frettabladid.is*





**Tærnar** upp í loft er ágæt iðja í sumarfríinu. Ferðir til fjarlægra landa eru ekki endilega það besta. Stundum er ágætt að gera ekki neitt og fá góða hvíld og hlaða batteríin.

# Skemmtileg og einföld íþrótt fyrir almenning

***Frisbígolf, folf, er fyrirbæri sem fer ekki mikið fyrir á Íslandi þótt það sé bráðskemmtileg íþrótt sem allir ættu að geta stundað.***

„Frisbígolf er golf sem hefur verið yfirfært á frisbídiska og er orðið alþjóðlegt fyrirbæri sem keppt er í á heimsvísu. Í fyrrasumar var haldið alþjóðlegt mót hérna á Íslandi og svo hafa nokkrir Íslendingar farið utan að keppa fyrir hönd landsins. Þetta er ekki orðið eins þekkt og golfið en það er til heimslisti þannig að allar svoleiðis græjur eru í gangi,“ segir Ásgeir Hreiðarsson framkvæmdastjóri Hamra, útilífs- og umhverfismiðstöðvar skáta. Á tjaldsvæði Hamra er frísbígolfvöllur.

Grundvallarreglurnar eru nokkuð svipaðar venjulegum golfreglum. Frisbígolf er þó þægilegra að því leytinu til að ekki þarf að leigja eða kaupa mikinn búnað til þess að geta spilað. „Það er hægt að spila þetta með venjulegum frisbídiskum en það er samt betra að vera með sérhannaða diska. Það er mikið úrval til af slíkum diskum og það kostar á bilinu þrjú til fimm þúsund krónur að koma sér upp grunnsetti til þess að fara að spila þetta af alvöru,“ segir Ásgeir.

Nokkrum frisbígolfvöllum hefur verið komið upp á síðastliðnum árum og viðræður eru í gangi um að gera fleiri, að sögn Birgis Þórs Ómarssonar, formanns Íslenska frisbígolfsambandsins. Vellirnir eru umhverfisvænir þar sem notast er við náttúrulegt umhverfi og til dæmis eru tré og runnar notuð sem náttúrulegar hindranir í brautunum.

Ókeypis er að spila á frisbígolfvöllum og þeir eru öllum opnir. Bæði börn og fullorðnir eiga að geta spilað án teljandi vandkvæða. Folf er því tilvalin almenningsíþrótt þar sem sameinast skemmtileg og góð hreyfing, útivist og samvera með öðrum.

Í sumar geta þeir sem vilja kynnast þessu sporti komið á laugardagsmorgnum á milli 10-12 á völlinn í Gufunesi og fengið leiðsögn.

*thorunn@frettabladid.is*



Púttað í sérstaka frisbígolfkörfu. MYND/BIRGIR ÞÓR ÓMARSSON



Allir frisbígolfvellir eru í náttúrulegu umhverfi og geta því hindranirnar oft verið erfiðar. Tekið á frisbígolfvellinum á Akureyri. MYND/BIRGIR ÞÓR ÓMARSSON



Aðstæðurnar eru oft erfiðar á vellinum og vandasamt að ná góðum köstum úr aðstæðum sem þessum. MYND/BIRGIR ÞÓR ÓMARSSON

# Silikonbrjóst í skiptum fyrir dónamyndir

***Vefsíða sætir gagnrýni fyrir að notfæra sér neyð kvenna.***

Bresk heilbrigðisyfirvöld hafa fordæmt vefsíðu sem hvetur konur til að safna peningum fyrir brjóstastækkunaraðgerð í skiptum fyrir eggjandi myndir, spjall við karla á rásum, gjafir og aðra þjónustu.

Vefsíðunni, sem er bandarísk, er ætlað að hjálpa konum sem ekki eiga peninga fyrir brjóstaaðgerð. Verða þær að vera minnst 18 ára og eru dónamyndirnar algjört skilyrði fyrir því að þær skrái sig á síðuna.

Á móti kemur að konurnar mega skýla sér á bak við dulnefni. Þannig greinir bresk kona, sem notar dulnefnið Morgan, frá því hvernig henni tókst að safna fyrir tæplega hálfrar milljónar króna brjóstastækkun, með aðstoð karlkyns „velgjörðarmanna“ sinna. En karlarnir þurfa allir að greiða fyrir aðgang að lokuðum svæðum á síðunni.

Breskir lýtalæknar hafa gengið hvað harðast í að gagnrýna vefsíðuna og segja hana siðlausa og lítillækkandi fyrir konurnar sem skrá sig á hana. Svo ekki sé talað um hversu afbakaða mynd þetta gefi af hinu langa og stranga ferli, sem fylgir ákvörðuninni um að fara í brjóstastækkun.

-rve



Á bandarískri vefsíðu eru konur hvattar til að senda inn eggjandi myndir af sér, til að fjármagna brjóstastækkunaraðgerðir.



















**Röð og regla** áður en haldið er í fríið, er lykillinn að góðu fríi. Þegar heim er komið nennir enginn að byrja á að taka til og vaska upp. Gott er að muna að slökkva á öllu, fara út með rusl og skrúfa fyrir krana.





## Í sama dúr

Í STÍL Í ELDHÚSINU.

Skemmtilegt getur verið að velja aukahluti í eldhúsið sem passa saman. Til dæmis getur verið mun meira fjör að baka köku með skrautlega svuntu framan á sér og samstæðan pottalepp á hendi.



Klukka þar sem gríska goðsögnin um Pegasus er tvinnuð saman við art deco stílinn.

## Art deco

***Ópólitísk skreytilist.***

Art deco var vinsæl hönnunarstefna á árunum 1920 til 1939. Hafði hún áhrif víða, meðal annars á arkitektúr, innanhússhönnun og iðnhönnun. Einnig á tísku, málaralist og kvikmyndir.

Að vissu leiti var Art deco samkrull nokkurra mismunandi stefna. Þar mættust kúbismi, módernismi, bauhaus, art nouveau og framtíðarstefna. Þó margar hönnunarstefnur eigi rætur að rekja til pólitíkur eða heimspeki var art deco fyrst og fremst til skrauts. Á sínum tíma var stíllinn álitinn fágaður, hagnýtur og mjög nútímalegur.



Manhattan-bókastoð.

Auglýsingasími
512 5050




– Mest lesið



Hugmyndina að skálunum fengu Tine og Karen frá ólíkum hárgreiðslum.

# Höfuðföt Leirhildar

***Claydies er nafn dansk hönnunartvíeykis sem sérhæfir sig í leirverkum.***

Hinar dönsku Tine Broksø og Karen Kjældgård-Larsen mynda hönnunartvíeykið Claydies. Þær hafa starfað saman frá því þær útskrifuðust á sama tíma úr danska hönnunarskólanum árið 2000. Þær segjast vera tveir einstaklingar sem saman myndi einn leirlistamann, eina veru með tvö höfuð og fjórar hendur.

Þekktust er Leirhildur líklega fyrir blómavasa sína sem líkjast grasi. Blómunum er þá stundið í vasana líkast því að þau vaxi upp úr grasinu líkt og blóm úti á engi.

Önnur skemmtileg lína frá þeim stöllum eru skálarnar sem sjást á þessum myndum. Hugmyndirnar að skálunum fengu þær Tine og Karen út frá hárgreiðslum og er það ástæðan fyrir því að skálarnar eru myndaðar á hausum fyrirsætanna.

Meira á www.claydies.dk



Rauðhærð með fléttur.



Þessi minnir á íslenska skautbúninginn.

Hvað er að frétta?

Beint í farsímann eða í vefpósti_




www.visir.is



Garmin nüvi 670 | GPS leiðsögutæki sem inniheldur meðal annars:

GARMIN

KORT AF EVRÓPU, USA OG KANADA. · ÍSLANDSKORT FÁANLEGT · MP3 SPILARI · BREIÐSKJÁR · SNERTISKJÁR · RADD-LEIÐBEININGAR · UPPLÝSINGA-GRUNNUR · HRAÐAMYNDA-VÉLAR · BLUETOOTH · FM SENDIR

R. SIGMUNDSSON

Umboðsmenn | **Akureyri:** Haftækni · **Blönduós:** Krákur · **Egilsstaðir:** N1 · **Grundarfjörður:** Mareind · **Ísafjörður:** Bensínstöðin · **Reyðarfjörður:** Veiðiflugan · **Selfoss:** Hársnyrtistofa Leifs
**Vestmannaeyjar:** Geisli · **Reykjavík:** Arctic Trucks, Eico, Elko, Everest, Hlað, Intersport, Max raftæki, Motormax, N1, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst · **Fríhöfnin**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is



# norðurland

ÞRIÐJUDAGUR 3. JÚLÍ 2007




FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL


„Hvað er í gangi?“

**www.akureyri.is**

*Allt sem er að gerast á Akureyri í viðburðadagatalinu á www.akureyri.is!*
*Hefur þú kynnt þér málið?*

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



*Upplýsingamiðstöðin á Akureyri*
Hafnarstræti 82 • 600 Akureyri • Sími 5500720

# Óvenju gott veður í ár

Ásbyrgi er vinsæll viðkomustaður ferðamanna, íslenskra sem erlendra, enda einstök náttúruperla. Ísak Sigurgeirsson rekur verslunina í Ásbyrgi og hann segir nóg að gera á sumrin. „Aðaltíminn er á sumrin en það er svona minna á veturna svo ég er bara farinn að hafa lokað þá,“ segir hann.

Ísak er mjög ánægður með þetta sumar því ferðamannastraumurinn hófst óvenju snemma í ár að hans sögn. „Við komum vel undan vetri og lítið um snjó við Dettifoss svo um miðjan apríl var farið að keyra úr Norrænu beint hingað framhjá Dettifossi. Þetta er einum og hálfum mánuði á undan því sem er í venjulegu árferði svo það munar okkur alveg gríðarmiklu.“

Verslunin í Ásbyrgi er í nágrenni byrgisins en þar er einnig bensínstöð og veitingasala. „Við reynum að anna eftirspurn með það helsta og erum með allar helstu grillvörur og grillkjöt. Við erum fyrst og fremst verslun en erum líka með veitingar í ódýrari kantinum eins og súpu, lambasteik, ýsu og náttúrlega hamborgara. Verst er að þegar veðurfarið er búið að vera eins og núna í vor selst sólarvörnin alltaf upp svo ég verð að panta nýjan gám til þess að geta annað eftirspurn eftir henni.“

Gestastofa fyrir Ásbyrgi var nýlega opnuð rétt við verslunina og segist Ísak benda öllum á að kíkja þangað inn. „Þar eru ljósmyndir úr þjóðgarðinum og sögusýning sem var opnuð 19. apríl og er mjög sniðug. Gestastofan er í gamalli hlöðu og fjárhúsi sem voru gerð upp sem sýningarsalur og skrifstofa Umhverfisstofnunar og þar má fá allar upplýsingar um þjóðgarðinn og tjaldsvæðin í Ásbyrgi.“ *- eö*



Ísak segir ferðamannastrauminn hafa hafist snemma þetta árið þar sem veður hafi verið óvenju gott.



Reyktur lundi með bláberjasósu úr skyri er meðal rétta í veislunum „að handan Vatna hætti“.

# Kúmenkaffi og prestate

„Að handan Vatna hætti“ er heiti á veislum sem haldnar eru í Áskaffi við Glaumbæ í Skagafirði. „Það er hefðbundinn, íslenskur matur í nútíma útfærslu sem borinn er á borð í veislunum. Svolítið sérviskulegur kvöldverður með mörgum réttum,“ segir Sigríður Sigurðardóttir, safnstjóri í Glaumbæ. Hráefnið segir hún allt komið úr hinni skagfirsku matarkistu en hvaðan er nafnið fengið? „Héraðsvötnin skipta byggðarlaginu og sú málvenja hefur skapast að tala um að þeir sem eru hinum megin við þau séu „handan vatna“. Alveg sama hvoru megin þeir eru. Svo þegar þeir fara yfir vötnin þá fara þeir yfir um. Alveg sama hvor leiðin er farin.“

Sigríður segir Áskaffi rekið í gömlu húsi sem staðið hafi í Ási í Hegranesi og tilheyri nú safninu í Glaumbæ. Þar sé haldið uppi stemningu að hætti ömmu og langömmu og kaffistofan sé opin alla daga. Hins vegar séu matarveislurnar „Að handan Vatna hætti“ bundnar ákveðnum dagsetningum. Sú næsta er 14. júlí og búið er að fastsetja veislur 28. júlí, og 4. og 18. ágúst. Í lokin er hún beðin að lýsa matseðlinum aðeins. „Fyrst er boðið upp á geysigóða fiskisúpu því við erum með mikla fiskvinnslu í Skagafirði. Svo eru landbúnaðarvörur í mörgum myndum bornar fram og á eftir er boðið upp á kúmenkaffi og prestate.“ Þetta síðasta verður hún að útskýra aðeins nánar. „Prestate er kaffi sem hefur verið aðeins styrkt, svo þeir haldi nú betri ræðu, prestarnir! – Það er auðvitað eitt af því sem heyrir fortíðinni til.“ *gun@frettabladid.is*



Áskaffi er í húsi sem flutt var frá Ási í Hegranesi og tilheyrir nú safninu í Glaumbæ.



Allt úr hinni skagfirsku matarkistu.



# OPNUM Á NÝJUM STAÐ Í HJARTA AKUREYRAR

**Þann 12. júlí næstkomandi opnar Friðrik V veitingastað í nýuppgerðu 100 ára gömlu húsi í Grófargili á Akureyri.**

**Rúmgóður veitingasalur, veislusalur, bar, sælkeraverslun og hádegisverðarstaður. Okkar rómaði matseðill á sínum stað og svo miklu, miklu fleira. Sjón er sögu ríkari og eyfirski maturinn ennþá fjölbreyttari!**




EFFEKT - www.effekt.is

~1907~



~2007~



## Nýuppgert og í nýju hlutverki!

Kaupvangsstræti 6 var byggt árið 1907 og hýsti fjölþætta iðnaðarstarfsemi Kaupfélags Eyfirðinga, bæði sem sláturhús, mjólkurbú, bögglageymsla og verslun. Húsið hefur staðið ónotað um áratuga skeið allt þar til hafist var handa við endurbætur síðastliðinn vetur.

Við erum stolt af því hvernig til hefur tekist og þökkum öllum sem að framkvæmdinni hafa komið fyrir vandaða og faglega vinnu.

FRIÐRIK V • RESTAURANT • AKUREYRI 2001

**Verið velkomin!**

**RESTAURANT** FRIÐRIK V **DELICATESSEN**

KAUPVANGSSTRÆTI 6 - 600 AKUREYRI - SÍMI 461 5775 - FRIDRIKV@FRIDRIKV.IS - WWW.FRIDRIKV.IS

# Hátíð fyrir fjölskylduna

Hátíðin Ein með öllu verður haldin á Akureyri um verslunarmannahelgina, sjöunda árið í röð undir þessu nafni, og hefur Bragi Bergmann hjá Fremri haldið utan um hátíðina öll árin.

„Þetta verður fyrst og fremst fjölskylduhátíð enda höfum við alltaf verið að leggja meiri og meiri áherslu á hinn fjölskylduvæna hluta hátíðarinnar," segir Bragi og bætir því við að þeir verði með meira framboð á afþreyingu fyrir alla fjölskylduna en nokkru sinni áður. „Það verður lista- og menningarhátíð barna inni í hátíðinni þar sem boðið verður upp á listasmiðju og fleira fyrir börnin í kringum dagskrána. Svo verður auðvitað dagskrá á sviði alla helgina á Ráðhústorgi en á sunnudagskvöldið verður svo lokahátíðin á Akureyrarvelli með tilheyrandi brekku- og stúkusöng, flugeldasýningu og fleiru," segir Bragi.

Bragi segir að mörg af stærstu númerunum í skemmtanabransanum verði á svæðinu og skemmti þar bæði börnum og fullorðnum en einnig verður tívolíið á sínum stað. „Það verður í hjarta miðbæjarins, á bílaplaninu við Skipagötu, eins og í fyrra enda mæltist það mjög vel fyrir," segir Bragi og nefnir að lokum að tjaldstæðið við Þórunnarstræti verði opið fyrir ferðamenn og fjölskyldufólk alla helgina en það sé átján ára aldurstakmark á öll tjaldsvæði bæjarins um verslunarmannahelgina. „Við stöndum mjög fast á þeirri reglu," segir Bragi Bergmann.

*sigridurh@frettabladid.is*



Það er jafnan mikið líf á Ráðhústorgi á Akureyri um verslunarmannahelgar og segir Bragi Bergmann að atriði á sviði verði samtals í fimmtán klukkustundir á hátíðinni í sumar.


**Sérfræðingar í saltfiski**

**Ekta fiskur**
Sælgæti úr sjónum
Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is

Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.

Fyrir verslanir:

Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi

Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur

Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl

Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita




Sporthúsið frá Pinc House í Svíþjóð, hönnunarstofu sem hefur hlotið sérstök hönnunarverðlaun fyrir sína línu. Þetta er sumarhúsalínan.

# Einingar í íbúðarhús og hesthús á sama stað

Timburhús úr tilbúnum einingum eru fáanleg hjá fyrirtækinu Modul-hús á Hvammstanga. Þar ræður Guðmundur Helgason ríkjum.

„Hjá okkur er ekki um að ræða neinar sérstakar gerðir húsa heldur eru þau teiknuð eftir óskum kaupenda. Þar sem einingarnar eru allt niður í 30 cm á breidd bjóða þær upp á ótal möguleika á grunnútliti hússins en þó þarf teikningin auðvitað að taka mið af hinum stöðluðu breiddum," útskýrir Guðmundur. Hann segir einingarnar bjóða upp á að vera notaðar í fleira en íbúðarhús og sumarbústaði, þær séu til dæmis upplagðar í hesthús. „Nú eru hinar svokölluðu búgarðabyggðir að ryðja sér til rúms og það felst ótvíræð hagræðing í því að kaupa efni í bæði íbúðarhúsið og hesthúsið á sama stað," bendir hann á. „Auk þess getum við svo útvegað tvöfaldar, lárétt skiptar gönguhurðir í hesthúsin á fínu verði."

Guðmundur segir einingarnar í húsin heita Tomuku og vera frá Svíþjóð, nánar tiltekið úr Dölunum. Verksmiðjurnar þar eru í samstarfi við ýmsa aðila á sænska byggingarvörumarkaðinum og því kveðst hann geta útvegað hvaðeina, til dæmis allar inni- og útihurðir, efni í milliveggi og pallaefni. „Síðan getum við útvegað timbur af öllu tagi tilsagað, timburklæðningu bæði lárétta og lóðrétta sem og bjálkaklæðningu."

Að sögn Guðmundar eru menn mjög ánægðir með einingarnar og það timbur sem fæst aukalega með. „Til dæmis er smiður á Austurlandi svo hrifinn af þessu efni að hann hringir í mig öðru hvoru til að nánast í hvert sinn sem ég tala við hann, minnist hann á það hversu undrandi hann varð þegar hann handlék það í fyrsta sinn. Hann er bara enn að ná sér!"

Gerðar hafa verið styrkleikaprófanir á Tomoku-einingunum og segir Guðmundur þær hafa komið mjög vel út. „Einingarnar eru þannig úr garði gerðar að mjög fljótlegt er að setja þær upp og því er fokheldisstigi náð tiltölulega snemma. Þá er gefið út fokheldisvottorð og eftir það er hægt að fá lán út á bygginguna." Heimasíðan er www.modulhus.is

*gun@frettabladid.is*



Guðmundur Helgason í Modul-húsum á Hvammstanga.



# PHILIPS SUMARTILBOÐ Á LCD OG PLASMA




HD ready · PIXEL PLUS 2 HD · DIGITAL NATURAL MOTION · HDMI

**Philips 32PFL7332**
32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD myndtækni, HD Ready, 5.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 20w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi USB tengi, heyrnartólstengi og textavarpi.

**TILBOÐ 139.995**
FULLT VERÐ 179.995




PIXEL PLUS 2 HD · HD ready · ambi light 2 · USB · HDMI

**Philips 32PF9541**
32" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD myndtækni, Ambilight baklýsing, Digital Natural Motion, HD Ready, Dynamic Contrast og Active Control, 2 x 16w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, 2 coax (1 inn, 1 út) og USB tengi, textavarpi með 1.200 síðna minni og fjarstýringu.

**TILBOÐ 169.995**
FULLT VERÐ 219.995




**Philips 37PF5321**
37" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, 1.200:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control sem minnkar glampa, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, PC tengingu í gegnum HDMI, textavarpi og fjarstýringu.

HD ready · HDMI

**TILBOÐ 149.995**
FULLT VERÐ 199.995




**Philips 37PF9641D**
37" LCD Full HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD myndtækni, Ambilight 2 baklјósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 6.000:1 skerpu, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, 2 coax (1 inn og 1 út), textavarpi og fjarstýringu.

HD ready · HDMI · PIXEL PLUS 2 HD · ambi light 2

**TILBOÐ 249.995**
FULLT VERÐ 339.995




**Philips 42PF5331**
42" HD Plasma BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1024x1080i punkta upplausn með Skerpu 3.000:1, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, Contrast Plus og Active Control, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

HD ready · HDMI

**TILBOÐ 149.995**
FULLT VERÐ 199.995




**Philips 42PF5421**
42" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, 800:1skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

HD ready · HDMI

**TILBOÐ 169.995**
FULLT VERÐ 199.995




**Philips 42PFL7332**
32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD myndtækni, HD Ready, 5.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 20w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi USB tengi, heyrnartólstengi og textavarpi.

PIXEL PLUS 2 HD · HDMI · DIGITAL NATURAL MOTION · HD ready

**TILBOÐ 219.995**
FULLT VERÐ 249.995




**Philips 42PF9641D**
42" LCD Full HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD myndtækni, Ambilight 2 baklјósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 4.000:1 skerpu, Active Control og ljósskynjara, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi með wOOx bassa, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, Audio inn/út, PC tenging gegnum HDMI (styður XGA), textavarpi og fjarstýringu.

USB · PIXEL PLUS 2 HD · HDMI · ambi light 2 · HD ready

**TILBOÐ 289.995**
FULLT VERÐ 369.995

**PHILIPS**
**LCD** ALLAR STÆRÐIR

PIXEL PLUS
PIXEL PLUS MYNDTÆKNI
EYKUR LÍNUFJÖLDA OG SKERPU

**Heimilistæki**
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SÆTÚNI 8 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR



# Menningarhátíð á Húsavík

Mærudagar verða haldnir vikuna 22.-29. júlí á Húsavík í bland við sænska daga.

Mikið verður um að vera í bænum þessa viku sem hátíðahöldin standa yfir og sameinar hátíðin það besta sem heimamenn hafa upp á að bjóða auk þess að rækta samband við Svíþjóð.

Tilgangur hátíðarinnar er að standa fyrir dagskrá sem vísar til menningarsögu svæðisins og auðga þá menningartengdu ferðaþjónustu sem fyrir er á svæðinu. Fjöldi menningarviðburða verður á Húsavík á hátíðinni og reikna má með að bærinn muni fyllast af heimamönnum, brottfluttum Húsvíkingum og innlendum sem erlendum ferðamönnum sem munu skemmta sér saman í húsvískri stemningu. *- sig*

**Fólk á öllum aldri tekur þátt í Mærudögum og sænskum dögum á Húsavík þar sem menning og önnur skemmtun er höfð í hávegum.**




# Landslag Georgs Guðna á Akureyri

Sumarsýning Listasafnsins á Akureyri er helguð verkum myndlistarmannsins Georgs Guðna Haukssonar.

Listasafnið á Akureyri opnaði sumarsýningu sína um helgina. Sýningin er helguð verkum myndlistarmannsins Georgs Guðna Haukssonar sem hefur einbeitt sér alfarið að landslagsverkum síðastliðin ár.

Abstrakt-konseptlist hafði verið ríkjandi í meira en tvo áratugi þegar Georg Guðni sýndi sín fyrstu landslagsverk árið 1985. Persónuleg efnistök og sérstæð nálgun heillaði áhorfendur og er talið að Georg Guðni hafði enduruppgötvað íslenska landslagshefðina. Hefð sem íslenski listheimurinn var búin að afskrifa.

Síðan þá hafa margir íslenskir myndlistarmenn fetað í fótspor Georgs Guðna. Í tilefni sýningarinnar gefur Listasafn Akureyrar út glæsilega 180 blaðsíðna bók, skreytta myndum af verkum Georgs Guðna ásamt ítarlegri ritgerð um listamanninn eftir Hannes Sigurðsson, forstöðumann safnsins. Georg Guðni hefur selt verk sín og sýnt víða um heim. Einn helsti aðdáandi hans er stórleikarinn Viggo Mortensen og héldu þeir sýningu saman í Bandaríkjunum á verkum Georgs Guðna og ljósmyndum Mortensen.

Sýningunni lýkur 19. ágúst. *- rh*



**Það er jafnan vinsælt á Síldarævintýrinu að fylgjast með verkun síldarinnar við bryggjuna á Siglufirði.**

# Síldarævintýri í sautjánda sinn

Um verslunarmannahelgina verður Síldarævintýrið haldið í sautjánda sinn en hátíðin hefur verið vel sótt frá upphafi.

Siglufjarðarbær hefur upp á heilmargt að bjóða til afþreyingar og skemmtunar auk þess sem fjörðurinn státar af mikilli náttúrufegurð og veðursæld. Hátíðin hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem frábær fjölskylduhátíð þar sem ungir sem gamlir geta allir fundið sér eitthvað við sitt hæfi. Fjöldi tónlistaratriða verður á hátíðinni auk leiktækja og skemmtiatriða fyrir börnin, bryggjuballs og fleira. *- sig*




# 4ra rétta veisla





HUMARSÚPA
rjómalöguð með grilluðum kóngarækjum
*1 glas af Tokay Pinot Gris Reserve, Lucien Albrect, Frakkland.*

PÖNNUKAKA
fyllt með skógarsveppum og mozzarella-osti
*1 glas af Macon Chaintré, Domaine de Lalande Dominique Cornin, Frakkland.*

LAMBAHRYGGUR
fillet með steinseljurótarmauki og rósmarínsósu
*1 glas af Chianti Riserva Sensi, Toskana, Ítalía.*

ÍSLENSKT VANILLUSKYR
með pistasíufroðu og sólberjakrapi
*1 glas af Vino Santo Del Chianti Sensi, Toskana, Ítalía.*

**5.950 kr.**

*Með fjórum glösum af víni: 8.790 kr.*

## *Nýr A la Carte*

Hinir margverðlaunuðu matreiðslumeistarar Perlunnar hafa búið til einstakan A la Carte matseðil sem þú verður að prófa.

*Gjafabréf Perlunnar*
*Góð tækifærisgjöf!*

PERLAN

Veitingahúsið Perlan · Öskjuhlíð · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 · Tölvupóstur: perlan@perlan.is · Vefur: www.perlan.is

# 300 tímar fara í hvern bíl

**Nýjum sjúkrabílum Rauða krossins er breytt úr sendibílum í sjúkrabíla á Ólafsfirði. Breytingarnar fara fram hjá Sigurjóni Magnússyni ehf.**

Í vetur tókust samningar milli Sigurjóns Magnússonar ehf. og Rauða kross Íslands um smíði á nítján sjúkrabílum. Þar að auki gerði fyrirtækið samning við Brunamálastofnun um smíði á þrjátíu yfirbyggðum kerrum. Heilmikil vinna liggur að baki hverjum bíl og hverri kerru, enda þurfa farartækin að þola mikið álag.

Þegar sjúkrabílarnir koma norður á Ólafsfjörð er fátt sem bendir til að hér séu sjúkrabílar framtíðar á ferð. Þeir eru að vísu með breyttri afl- og drifrein en að öðru leyti er um venjulega sendibíla að ræða.

Þegar umbreytingin hefst er fyrsta verk Sigurjóns og félaga að klippa þakið af bílunum og koma fyrir innréttingunum sem nauðsynlegar eru í bílana. „Við framleiðum allar innréttingar sjálfir. Þær eru smíðaðar í samráði við sjúkraflutningamenn því þeir vita nákvæmlega hvað þarf að vera í bílunum og hvað ekki,“ segir Sigurjón Magnússon, framkvæmdastjóri og einn aðaleigandi Sigurjóns Magnússonar ehf. „Reynsla þeirra er notuð til grundvallar allri vinnuvistfræði í bílnum.“

Rafkerfið í bílunum þarf einnig að endurnýja og koma fyrir bæði 220 og 12 volta kerfi. „Það liggur um 250 til 300 tíma vinna í hverjum bíl,“ segir Sigurjón. „Þetta er því nokkur vinna.“

Kerrurnar fyrir Brunamálastofnun eru byggðar hjá Sigurjóni frá grunni. Um kerrur fyrir mengunarvarnabúnað og reykkafara er að ræða en þeim verður dreift til slökkviliða um land allt. „Við sjáum líka um smíði tveggja slökkvibíla og það er heilmikil vinna,“ segir Sigurjón. „Við fáum grindina að bílunum en húsin eru smíðuð úr trefjaplasti hjá okkur.“

Eðlilega er mikil lyftistöng fyrir lítið fyrirtæki að fá svo stóran samning. „Þetta er harður bransi og síðast er við buðum í smíði slökkviliðsbíla munaði 0,027 prósentum á bíl, sem er eiginlega hvort maður skilar þeim með fullum eða tómum bensíntanki,“ segir Sigurjón og hlær. „En grínlaust þá finnst mér sorglegt að sveitarfélög séu að leita beint út fyrir landsteinana eftir tilboðum í stað þess að leita hér heima þar sem hægt er að fá vöruna á sambærilegu ef ekki miklu betra verði.“

*tryggvi@frettabladid.is*



Sigurjón Magnússon gerði samning upp á 97 milljónir um smíði sjúkrabíla. Heilmikil vinna liggur í hverjum bíl.



Þessar kerrur munu flytja mengunarvarnabúnað og reykkafaratæki slökkviliða.



Sigurjón Magnússon stofnaði fyrirtæki sitt á síðasta ári og hefur haft í nógu að snúast síðan.



Byrjað er að skera ofan af sjúkrabílunum til að koma innréttingunni fyrir.


## Framtíðartækifæri hjá Alcoa Fjarðaáli

### Upp á hvað hefur Alcoa Fjarðaál að bjóða sem framtíðarvinnustaður?

**Áhugaverð störf í hvetjandi umhverfi**
Störfin í álverinu eru fjölbreytt og örugg. Vinnustaðurinn er hannaður með það í huga að öll störf henti jafnt konum sem körlum. Unnið er í teymum og mikið er lagt upp úr góðum starfsanda. Starfsumhverfið býður víðtæka þjálfun, meðal annars á ýmiss konar farartæki og tölvubúnað. Tækifæri til símenntunar og starfsþróunar eru óvíða fleiri.

**Góð laun og gott vinnufyrirkomulag**
Byrjunarlaun framleiðslustarfsmanns eru frá 3.739.000 kr. á ári, miðað 15 tólf tíma vaktir á mánuði og 15% árangursávinning, sem jafngildir 312.000 kr. á mánuði.
Byrjunarlaun iðnaðarmanns með réttindi eru frá 5.401.253 kr. á ári, miðað við 15 tólf tíma vaktir á mánuði og 15% árangursávinning. Það jafngildir 433.000 kr. á mánuði fyrir 40 stunda vinnuviku að meðaltali. Vaktafyrirkomulagið veitir góða möguleika á aukavöktum og viðbótartekjum fyrir þá sem óska þess.

**Fríar ferðir, fæði og klæði**
Fjarðaál býður upp á rútuferðir frá Reyðarfirði, Eskifirði, Norðfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Egilsstöðum. Starfsmenn fá hollar og góðar máltíðir í glæsilegu mötuneyti. Fyrirtækið útvegar og þvær allan vinnufatnað starfsmönnum að kostnaðarlausu.

**Heilbrigði og velferð**
Fjarðaál greiðir hverjum starfsmanni 12.000 kr. líkamsræktarstyrk árlega og leigir tvo tíma á viku fyrir starfsmenn í Fjarðabyggðarhöllinni. Iðjuþjálfi leiðbeinir um rétta líkamsbeitingu og nuddari heimsækir vinnustaðinn tvisvar í viku. Starfsmenn hafa greiðan aðgang að öflugri velferðarþjónustu sem nær meðal annars til læknisþjónustu og ráðgjafar á ýmsum sviðum.

**Kostnaðarlaus og auðveldur flutningur inn á svæðið**
Þurfi starfsmaður að flytja inn á svæðið úr meira en 100 km fjarlægð frá vinnustaðnum greiðir Fjarðaál kostnað við kaup og sölu fasteigna, svo sem sölulaun, lántökugjald og stimpilgjöld. Fyrirtækið sér um að pakka búslóð, flytja hana og koma fyrir á nýju heimili. Með fyrsta launaseðli fær starfsmaður 200.000 kr. greiðslu til að koma sér fyrir á svæðinu. Fyrirtækið aðstoðar einnig nýja íbúa á svæðinu við að leigja húsnæði. Starfsmenn fá jafnframt tiltekinn fjölda flugmiða með Flugfélagi Íslands á mjög hagstæðum kjörum.

ÍSLENSKA/SIA.IS ALC 38182 06/07

capacent RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu tækifæri ættir þú hiklaust að hafa samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur hjá Capacent (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is eða í síma 540-7117) eða skrá umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál ALCOA


Bylting í amerískum heilsudýnum
Nýjar Chiropractic 2007
heilsudýnur
Sú besta
samkvæmt stærstu samtökum
Kírópraktora í heimi
Mikið úrval af hágæða
sængurverasettum í gjafaöskjum
Frí þrýstijöfnunarmæling
sem greinir hvaða dýna
hentar þér best
Veldu þinn stíl,
hannaðu þitt eigið útlit!
Hágæða sængur frá Betty
Fallegir svefnsófar
með góðum dýnum
SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI
Dalsbraut 1
Svefn & heilsa
AKUREYRI
EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR
Listhúsinu Laugardal
Svefn & heilsa
REYKJAVÍK
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 15:00
www.svefn.is



Það er jafnan líf og fjör á Skagaströnd þegar kúrekar og kántríáhugafólk hittist og gerir sér glaðan dag.

# Kántrídagar á Skagaströnd

Á Skagaströnd verða kántrídagar haldnir helgina 17.-19. ágúst en þetta er annað árið í röð sem kántríhátíðin er ekki haldin um verslunarmannahelgina eins og áður var.

Gils Jóhannsson kántrísöngvari kemur frá Los Angeles og heldur uppi stuði bæði úti og inni. Það verða að sjálfsögðu dansaðir línudansar og almenn kántrístemning mun ríkja á hátíðinni sem endar með gospelmessu utandyra á sunnudeginum 19. ágúst. *- sig*

# Te og kaffi norðan heiða

Te og kaffi hefur opnað nýtt kaffihús í Pennanum Eymundsson á Akureyri.

Bókaverslunin Bókval í göngugötunni á Akureyri er mörgum kunnug. Verslunin er nú undir merkjum Pennans Eymundssonar og býður viðskiptavinum upp á kaffi eins og margar systurverslanir Pennans Eymundssonar á höfuðborgarsvæðinu.

Hildur Friðriksdóttir framkvæmdastjóri hefur rekið Te og kaffi í göngugötunni á Akureyri síðastliðið eitt og hálft ár. Á þjóðhátíðardaginn opnaði hún nýtt Te og kaffi kaffihús í verslun Pennans Eymundssonar. Þaðan er útsýni bæði upp að Akureyrarkirkju og inn göngugötuna. Verslunin er opin mánudaga til föstudaga frá kl.9.00-22.00 og frá kl.10.00-22.00 um helgar.



# Litlir víkingar á flandri

Börn á Akureyri eru komin í víkingaham og verða í landnámsstellingum í allt sumar.

Listasmiðja barna á Akureyri er á vegum Menningarmiðstöðvar Akureyrar og Listasumars. Um þessar mundir eru börnin í sannkölluðum víkingaham og hafa ferðast mörg hundruð ár aftur í tímann.

Í listasmiðjunni velja krakkarnir sér persónu úr Íslendingasögunum og fræðast um þær. Börnin vinna út frá bókum Brynhildar Þórarinsdóttur, bæjarlistamanns Akureyrar, sem skrifaði barnaútgáfu Njálu, Egilssögu og Laxdælu. Bækurnar voru skrifaðar á árunum 2002-2006 og hlaut Brynhildur norrænu barnabókaverðlaunin fyrir skrifin fyrr í ár. Nánari upplýsingar: www.akureyri.is *- rh*



Kristín Þöll Þórsdóttir klæðskeri hefur í nógu að snúast þessa dagana því auk þess sem hún er að sauma á fullu þá starfar hún sem verslunarstjóri í Gardínubúðinni á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Saumar búninga og brúðarkjóla

**Kristín Þöll Þórsdóttir lauk klæðskeranámi árið 2003 og hefur starfað sem klæðskeri á Akureyri meðfram annarri vinnu síðan. Hún er verslunarstjóri í Gardínubúðinni og saumar þess utan búninga fyrir Leikfélag Akureyrar og sérsaumar brúðarkjóla.**

Kristín Þöll hefur saumað um fimmtán brúðarkjóla undanfarin ár og eru þeir með mjög sérstöku útliti því hún notast gjarnan við þæfða ull í silkiefni. „Ég hef unnið svolítið með Önnu Gunnarsdóttur textílhönnuði sem vinnur mikið með þæfða ull á silki,“ segir Kristín og bætir við: „Ég hef verið að nota svoleiðis efni dálítið mikið síðustu tvö til þrjú árin og það hefur vakið gríðarlega lukku. Mér datt þetta í hug þegar ég sá fyrst þæfða ull á silki á sýningu sem ég tók þátt í á Akureyrarvöku árið 2003.“

Kristín segist hrifin af að nota þetta grófa efni með silkinu. „Þær sem vilja á annað borð láta sauma á sig brúðarkjól vilja gjarnan hafa kjólinn sinn öðruvísi en þessa hefðbundnu,“ segir Kristín sem leggur línurnar um útlit hvers kjóls ásamt brúðinni en fær síðan frjálsar hendur út frá því.

„Saumaskapurinn hefur verið gæluverkefni hjá mér undanfarin ár en draumurinn er náttúrlega að geta einbeitt mér algjörlega að því. Það er einhver smá hræðsla í mér með það en miðað við eftirspurn ætti mér nú alveg að takast að hafa saumaskapinn að aðalstarfi,“ segir klæðskerinn Kristín Þöll sem er einmitt að vinna við stórt verkefni fyrir Leikfélag Akureyrar. „Ég er að sauma búninga fyrir uppsetningu leikfélagsins á Óvitunum í haust þannig að það er nóg að gera þessa dagana.“



Þennan glæsilega brúðarkjól saumaði Kristín Þöll fyrir Moniku, vinkonu sína. Kjóllinn er úr silki með þæfðri ull.

*sigridurh@frettabladid.is*


# Hundagallerí

Smáhundaræktun



Við ræktum: Papillon, Chihuahua, Pomeranian, Japanese Chin, Pug, French bulldog, Cavalier King Charles, Spaniel, Miniature Pinscher, Miniature Púðli, Pekingese, Silky Terrier

Dalsmynni *116 Reykjavík, Sími:566-8417 Fax:5668457 hundagalleri@simnet.is, www.dalsmynni.is

# Húnavakan vakin

Húnavaka verður haldin á Blönduósi í sumar en á síðasta ári var hún endurvakin með breyttu sniði eftir að hafa legið niðri í hátt í tuttugu ár. Vakan hefst óformlega fimmtudaginn 12. júlí en eiginleg dagskrá hefst kvöldið eftir.

Dagskráin verður þétt föstudag og laugardag en lýkur svo með tónleikum í Blönduóskirkju á sunnudeginum.

Meðal efnis á dagskrá helgarinnar er sundlaugarpartí, Míkróhúnninn, söngkeppni ungmenna, Blönduhlaupið, dansleikur og fjöldi skemmtiatriða auk leiktækja fyrir börnin.



**Það var líf og fjör á Húnavökunni á síðasta ári þegar hún var endurvakin eftir langt hlé.**

# Heitur fimmtudagsdjass á Akureyri

Listasumar á Akureyri býður upp á djassveislu á fimmtudögum í sumar.

Heitir fimmtudagar er djassdagskrá Listasumars á Akureyri. Djassinn er rauði þráðurinn í dagskrá Listasumars á Akureyri og nær dagskráin yfir nær tvo mánuði. Hátíðin er að verða ein sú stærsta á landinu og hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinana.

Í sumar verður bæði boðið upp á þá bestu í flokki íslenskra djassara og einnig spennandi erlenda djasstónlistarmenn. Alls koma fram 40-50 tónlistarmenn á níu tónleikum.

Tónleikagestir geta fengið aðgangskort fyrir sex tónleika með 50 % afslætti og velja þeir sjálfir á hvaða tónleika þeir vilja sækja. Aðgöngumiðasala er við innganginn og hefst kl. 20.15 tónleikadaginn. Sjá nánar: www.listasumar.blog.is

*-rh*



**Djasstónleikar á Listasumri á Akureyri eru haldnir í Deiglunni ofan Kaffi Karólínu, í Listagilinu.**



**Það er líf og fjör á Dalvík þegar bærinn fyllist af gestum sem gæða sér á veitingum heimamanna.**

# Fiskunnendur fjölmenna

Á Dalvík hefur Fiskidagurinn mikli verið haldinn hátíðlegur undanfarin ár og verður einnig þetta árið fyrsta laugardag eftir verslunarmannahelgi.

Á Fiskideginum mikla bjóða fiskverkendur og fleiri aðilar á Dalvík gestum bæjarins í margréttaða fisk- og menningarveislu og verður mikið um dýrðir á þessum degi.

Hátíðahöldin hefjast kvöldið fyrir fiskidaginn því þá opna bæjarbúar heimili sín og bjóða gestum og gangandi upp á rjúkandi fiskisúpu. Fiskidagurinn mikli hefur vakið mikla lukku undanfarin ár og ættu allir fisk- og menningarunnendur að fjölmenna á Dalvík helgina 10.-12. ágúst.

*-sig*




Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




24

flýttu þér hægt...

# opið allan sólarhringinn...

**10-11 Kaupangi við Mýrarveg og Hafnarstræti, Akureyri**







10-11

...alltaf opið!

www.10-11.is



Til sölu Yamaha V MAX. Mjög vel með farið og glæsilegt hjól árg. '04 Uppl. í s. 822 4440.

**www.mxsport.is**
Motorcross & Enduro hlífðarbúnaður og fatnaður, verkfæri, olíur ofl. Skoðaðu www.mxsport.is í dag eða hringdu í s. 862 5679.

SUZUKI M1800 Árg '07, ek. 2 þús., svartsans. Silfursett fylgir þ.e.a.s. tankur +allar hlífar. Uppl. í s. 896 6366.

## Kerrur



**Sumarútsala á kerrum**
Brenderup 2 hesta kerra - Innanm. 284x162x222 cm - Burðarg. 1325 kg - Dekk 14". Listaverð: 740.000 TILBOÐSVERÐ: 695.000 Lyfta.is - 421 4037 - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbæ

## Hjólhýsi






Nýtt Hobby 540UK, árg. '07, kojuhús. Var að klára að standsetja kojuhús, tilbúið beint í útileguna með sólarsellu, loftneti, ultraheater og fl. Gott verð. Uppl. Ingvar í s. 893 2878 eða igudmundsson@simnet.is



Hjólhýsi Árg.06. Til sölu, sem nýtt, 3 fullorðn+barn, 2gask, rafg, fortj, hjólagr, ferðakl+klósettjald. Verð. 1.09 millj. Uppl. í s. 892 3458.




**Hjólhýsi til sölu! 2007**
Hefurðu séð ódýra og fallega Delta Euroliner 4400 FB hjólhýsið hjá okkur? U sófi og hjónarúm. Verð aðeins 1.797.240 kr. Ótrúlegir möguleikar. Allt að 100% lán. Fortjald á hálfvirði s: 587-2200, 898-4500 www.vagnasmidjan.is

Hobby 4 m. 700kg árg. 91. Nýtt fortjald, vel með farið hús. V 790þús. S:8918518

## Fellihýsi









Til sölu Coleman Fleetwood árg '97, 10 fet, miðstöð, 220v, vaskur m/rafmagnsdælu. Verð 700 þús. Uppl. í síma 696 1600/696 1602.

Coleman Santa Fe 10 f. Árgerð 2001. Ísskápur. Rafmagns vatnsdæla. 220w rafmagn. s. 896 2006.

Til sölu fellihýsi Fleetwood Bayside 12" '06 ónotað með loftpúðum, cellu, útvarpi ofl. Ónotað fellihýsi í toppstandi eins og nýtt. Kostar nýtt ca. 2350þús, ásett verð 1990 þús. Agust 8935414

Til sölu Palomino Colt Árg.'05. Eitt með öllu, lítið notað og vel með farinn. Uppl. í s. 898 0250, svg@internet.is

## Tjaldvagnar

Til sölu tjaldvagn Holydaycamp Ægir, árg.'05. Meðfylg. Yfirbreiðsla, geymslukassi og grjótgrind. Lítið notaður. Verð 520 þús. Uppl. í s. 895 7474.

Combi camp 93' með öllu, þar á meðal hitara og eldavél uppl s: 861-1718 verð 150.000 þúsund

Til sölu Holycamb tjaldn. Árg'03 Mjög lítið notaður. Uppl. í s. 893 7827.

## Aukahlutir í bíla



2 stakir magnarar í bíl, alveg nýir. Einn 2 rása, 500+500 V og 4 rása, 600 V. 2 stakar DLS keilur. Hvor keila er 500 W. S. 846 9806.

## Hjólbarðar

4 stk. 31x10,5 15" á 15 þ. 4 stk. 14" dekk á Legacy fel. á 8 þ. 4stk. 165/70/13" á 8 þ. 4. stk. 255/60 18" á 15.Þ. 4 stk 15" Astra felgur á 5 þ. S. 896 8568.

## Varahlutir

**Bílapartar ehf
S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. bilapartar@bilapartar.is www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Partasalan Sími 557 7740**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14,
S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Japanskar Vélar,
Bílapartasala**
Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla ofl, auk flestra gerða af Fiat og VW. S. 893 2284 & 565 3400.

Varahlutir í Lancer '98 station, Sunny árg. '93, Legacy '92, Accent '95. S. 896 8568.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**EG Tónar**
**Úrval af harmonikum í ýmsum stærðum og gerðum, auk fylgihluta, ólar, pokar, harmonikunótur, harmoniku og geisladiskar. Mjög hagstæð verð!
Sími Akureyri 462 7374 & 660 1648. Sími Reykjavík 568 3670 & 824 7610.**

Hvítur Bosch ísskápur 54 cm, 15 þ. Gamalt Rococco sófasett, sófi og 2 stólar, 25 þ. Gömul hillusamtæða, verðtilbð. Gamalt skrifborð, 3 þ. S. 661 4320.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Barkalaus þurrkari á 12 þ. Rafmagnskrakkabílar á 30 þ. Tölva á 10 þ. Tölvuflatskjár á 5 þ. Nýr Pioneer bílacd-spilari á 10 þ. 28" tv á 10 þ. 20" á 5 þ. Barnakerra á 3 þ. Leðurstóll á 5 þ. Kommóða á 3 þ. Olíufylltur rafmagnsofn á 3 þ. Línuskautar á 3 þ. Þvottavél á 10 þ. Eldavél á 8 þ. Gasgrill á 5 þ. Barstólar á 3 þ. S. 896 8568.

Electrolux þvottavél til sölu 2 ára. Verð 40 þ. Uppl. í s. 857 2406.

## Til bygginga

**Krossviður til sölu**
Úrvals vatnslímdur krossviður, 6,5 mm, 9 mm og 12 mm. Takmarkað magn. Besta verðið... Uppl. í s. 895 6594

## Hljóðfæri



Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilliflauta. Kr.15.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Kársnessbraut 114.

## Vélar og verkfæri

**STÓRÚTSALA**
20-80% afsl. Af öllu þessa viku. Handverkshúsið Hólshrauni 7, Hafnarfirði. Handverkshusid.is s. 555 1212.

## Verslun







## Tölvur




TVÆR GÓÐAR makka tölvur til sölu. POWER BOOK G4 15", 1.33ghz Ram 2 gb, vel með farin, selst á kr. 60 þús IBOOK G4 12", 1.2 ghz 256 mb minni, næstum ónotuð selst á kr. 30 þús. Upplýsingar í síma 856 0015.

# BÍLAR TIL SÖLU




www.bilamarkadurinn.is
Smiðjuvegur 46-e
s: 567-1800 GUL GATA



TILBOÐ 100% LÁN TILBOÐ
TOYOTA AYGO 1,0 06/06 Ek.8 þ.km



DIESEL MOLI M.ÖLLU BMW 530 D E60 12/04 Ek.61þ.km Leður, lúga, 19" Álf. Xenon, Rafm. Í öllu Gott lán getur fylgt, skipti ódýrari



AUDI A4 SEDAN 1,6 04/02 Ek.66 þ.km Góður bíll V.1750,- Lán kr.780,-



HYUNDAI STAREX 4X4 7 MANNA 07/98 Ek.140 þ. V.885,- Lán 630,- 16 þ.pr. mán Ný smurður, góð dekk, Snyrtilegur bíll



CAMPER SHADOW CRUISER 8,6 FET '05 mjög vel búinn. Eigum á Staðnum nokkra campera.



AUDI A4 2,0 AVANT 08/02 Ek.95.þ.km. Sjálfskiptur. V.1,890,- Lán.1,500,- afb.28.þ



GALLOPER GALLOPER TDI 12/99 Ek.124.þ. 9 MANNA BÍLL. V.690,- Lán.620,- 21.þ.á mán.



CHEVROLET LACETTI 1,8 04/06 Ek.7 þ.km. 5.gíra. V.1,690,- Lán.1,320,- Afb.26.þ.per.mán.



TOYOTA RAV4 LANGUR 2WD 03/03 Ek.80.þ.km. 5.gíra. V.1,490,-



GULLMOLI - GULLMOLI LINCOLN MARK V´77 FRÁBÆRT EINTAK SJÓN ER SÖGU RÍKARI.

**Erum með fjölda bifreiða á staðnum á góðu tilboðsverði!**

**Opnunartími:
Mánud.-Föstud. 10:00 - 19:00
Laugard. 10:00 - 17:00
Sunnud. 13:00 - 17:00**

***Skoðið myndirnar á www.bilamarkadurinn.is***

## Veislulist og Skútan

**Óskum eftir að ráða í eftirtalin störf:**

Vanan matreiðslumann sem getur unnið sjálfstætt. Vaktavinna mest dagvinna. Aðstoð í eldhús.vinnutími er frá kl. 8 - 4.
Matreiðslunema. Vaktavinna mest dagvinna.
Umsóknir sendist á e.mail skutan@skutan.is eða hringið í s. 555 1810 Sigurpáll.

## Reykjanesbær

**Kranamaður.** Vantar vanan kranamann frá 15. ágúst. Upplýsingar Vigfús 840-6104

**Pípulagnir.** Vantar mann vanan pípulögnum sem fyrst. Upplýsingar Gulli 840-6115

**Flísalagnir.** Vantar vanan flísalagningamann sem fyrst. Upplýsingar Tómas 840-6121

**Gifsveggir.** Vantar mann vanan uppsetningu gifsveggja. Upplýsingar Kalin 840-6102

Nesbyggð ehf.

## LAUGAR

**Við erum að leita að starfsfólki**

… sem býr yfir framúrskarandi þjónustulund, er jákvætt, sýnir frumkvæði, tekur ábyrgð á starfi sínu og leitar bestu lausna fyrir viðskiptavini!

LAUGAR café

**óskar eftir matreiðslumanni sem fyrst**
og aðstoð í eldhús í sumarafleysingar.
Einnig starfsmann í sal.

Umsjón með ráðningu hefur
Logi Liljendal Hilmarsson í síma 693 7176
eða logi@worldclass.is

Í Laugum eru starfrækt fimm fyrirtæki.
Fjöldi gesta í Laugum er um 2000 daglega
svo um líflegan vinnustað er að ræða.




FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

FASTEIGNIR

## Skrifstofuherbergi við Grensásveg

Til leigu skrifstofuherbergi,
með aðgangi að snyrtingu og eldhúsi.
Rafmagn og hiti innifalinn.

***Upplýsingar í síma 824 6610***

Frum

## EIGNIR ÓSKAST!

**Erum með ákveðna kaupendur að eftirtöldum eignum:**

- Sérhæð (efsta hæð) í Rvk., eða Kóp. Allt að 40 millj.
- 4ra herb. í hverfi 104 allt að 30 millj. helst til uppgerðar.
- Lagerhúsnæði 100-150 fm í Garðabæ eða Hafnarfirði.

Frum

**LÖGMAÐUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MEÐ ÞÉR ALLA LEIÐ!**

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN
Félag Fasteignasala



**Jón Bjarni Jónsson**
Sölufulltrúi
**GSM: 896 1067**
jonbjarni@logheimili.is



**Jónas Örn Jónasson**
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
**GSM: 698 3600**
jonas@logheimili.is

Skipholti 15 • 105 Reykjavík • Sími: 512 3600 • www.logheimili.is

Félag Fasteignasala







Frum

**OPIÐ HÚS Í DAG 3. júlí, milli kl. 17-18**
**Vesturberg 78, 1D - 111 RVK**

Góð 73,2 fm 3ja herb. íbúð á 1. hæð. Forstofa með fatahengi, eldhús með ágætri innréttingu. Rúmgóð stofa og borðstofa. Útgengi á svalir frá stofu. Hjóna- og barnaherb. Ágætt baðh. með baðkari. Nýl. búið að taka húsið í gegn að utan. Barnvænt hverfi. **Verð 16,9 millj.**

***Nánari uppl. hjá sölufulltrúa Akkurat, Ásdís sími 898 3474***

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

TILKYNNINGAR

# Auglýsing um skipulag í Kópavogi.
## Kársnes - hafnarsvæði. Breytt skipulag.

**A.**
**Breytt aðalskipulag.**
Tillaga að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 auglýsist hér með skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tillagan nær til 27 ha svæðis vestast á Kársnesi og afmarkast af hafi til norðurs og vesturs, núverandi athafnahúsum við Vesturvör 29 og 36 til austurs og fyrirhuguðum viðlegukanti Kópavogshafnar til suðurs. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir landfyllingu fyrir hafnarsvæði til norðurs og vesturs frá núverandi strönd um 4.8 ha að stærð. Umrædd breyting er liður í markmiðum bæjaryfirvalda að greiða fyrir þeim breytingum að íbúðum fjölgi á endurbótasvæðum (redevelopment area) Kársness. Með landfyllingu gefst kostur á að flytja hafnsækna athafnastarfsemi af endurbótasvæðum Kársness til umræddra landfyllingarsvæða. Tollsvæði (hugsanlega yfirbyggt að hluta) í tengslum við höfn verði um 7.000 m2. Áætlað er að á svæðinu verði byggðir um 54.000 m2 í húsnæði sem verður á einni til tveimur hæðum. Hæst verður byggð um 12 metrar vestast á svæðinu þar sem gert er ráð fyrir tveimur vöruskemmum. Annars fer hæð húsa ekki yfir 8 metra. Áætluð nýting einstakra lóða á svæðinu verður um 0.6. Áætlað er að á svæðinu verði um 880 bílastæði eða 1 stæði á hverja 50 m2 til 75 m2 í húsnæði. Gönguleiðir breytast.
Breytingin er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000 ásamt greinargerð dags. í október 2006 og breytt í júní 2007. Einnig er gerð grein fyrir breytingunni í: Kársnes - hafnarsvæði. Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012. Umhverfisskýrsla gert af verkfræðistofunni VGK-Hönnun. dags. í júní 2007.

**B.**
**Breyting á svæðisskipulagi.**
Í tillögunni felst að tölur um stærð atvinnuhúsnæðis, eins og þær eru birtar í töflu 3.2 á bls. 48 í greinargerð Svæðisskipulagsins breytast, þannig að heildarstærð atvinnuhúsnæðis þ.m.t sérhæfðar byggingar í Kópavogi vestur ( svæði 15) stækkar úr 623.000 m2 í 670.000 m2 árið 2024. ( Skekkja í útreikningum upprunalegrar töflu 3.2 valda misræmi um 7.000 m2.)
Tillagan er sett fram á uppdráttum, töflum og greinargerð dags. í nóvember 2006.
Í samræmi við 14. gr. skipulags- og byggingarlaga hefur umrædd breyting verið kynnt þeim sveitarstjórnum sem stóðu að gerð svæðisskipulagsins. Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu. Einnig er gerð grein fyrir breytingunni í: Kársnes - hafnarsvæði. Breyting á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Umhverfisskýrsla gert af verkfræðistofunni VGK-Hönnun. dags. í júní 2007.
Nánar vísast til kynningargagna.

**C.**
**Kársnes - hafnarsvæði. Deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist tillaga að deiliskipulagi Kársnes - hafnarsvæði. Deiliskipulagssvæðið nær til 13.8 ha lands og afmarkast af hafi til norðurs og vesturs, núverandi atvinnuhúsum við Vesturvör 29 og 36 til austurs og fyrirhuguðum viðlegukanti Kópavogshafnar til suðurs. Í tillögunni felst að gerðar verða tvær nýjar byggingarlóðir sem að hluta til verða á landfyllingu sem er um 4.8 ha að stærð auk þriggja lóða sem að mestu eru á núverandi landi norðan Vesturvarar 29 til 36. Gert er ráð fyrir 5 atvinnuhúsum sem tengd eru hafnsækinni starfsemi. Áætlað er að á svæðinu verði byggðir um 54.000 m2 í húsnæði sem verður á einni til tveimur hæðum. Hæst verður byggð um 12 metrar vestast á svæðinu þar sem gert er ráð fyrir tveimur vöruskemmum. Annars fer hæð húsa ekki yfir 8 metra. Samanlagt flatarmál lóða er áætlað um 102.000 m2. Nýtingarhlutfall fyrir einstaka lóðir er áætlað um 0.6. Frá Bakkabraut og Vesturvör eru megin aðkomur að hafnarsvæðinu auk aðkomu frá sjó þar sem skipum er lagt að nýrri viðlegu. Gert er ráð fyrir tollsvæði (yfirbyggt að hluta) sem er um 7.000 m2. Áætlað er að á svæðinu verði um 880 bílastæði eða 1 stæði á hverja 50 m2 til 75 m2 í húsnæði. Gönguleiðir liggja um svæðið og eru hluti af stærra heildarskipulagi stíga á Kársnesi. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 dags. 7. nóvember 2006 og breytt 11. júní 2007.
Einnig er gerð grein fyrir breytingunni í: Kársnes - hafnarsvæði. Deiliskipulag. Umhverfisskýrsla gert af verkfræðistofunni VGK-Hönnun. dags. í júní 2007. Nánar vísast til kynningargagna.

Tillögurnar verða til sýnis hjá Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 6. júlí 2007 til 7. ágúst 2007. Einnig má sjá tillögunar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is . Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist Bæjarskipulagi skriflega, eigi síðar en kl. 15:00 fimmtudaginn 21. ágúst 2007. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**


Hannaðu þinn eigin sófa
Láttu drauminn rætast og hannaðu sófann sem þig hefur lengi dreymt um. Möguleikarnir eru nánast óendanlegir.
Þú velur form / stærð / áklæði / leður
1 sæti
2 sæti
2,5 sæti
3 sæti
Skemill
Horn 45°
Horn 90°
Horn maxi
Horn vinstra multi
Horn hægra multi
Tunga vinstri
Tunga hægri
Sæti vinstra
Sæti hægra
2 sæta horn
Þú velur arma
Brazil
Cajun
Jamaica
Kave
Kenya
Minas
Robusta
Þú velur auka púða
Þú velur fætur
Cylinder
Tapered mjó
Tapered breið
Bow
Málmur
Verðdæmi
2,5 sæti, 2 Cajun armar, 4 Tapered fætur frá kr. 81.620
Skemill, 4 Tapered fætur frá kr. 25.820
LÍNAN
HÚSGÖGN
SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 553 7100 • www.linan.is






## STUÐ MILLI STRÍÐA Welcome to the countryside

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** TALAR ENSKU Í SVEITINNI



Sveitamenning Íslendinga hefur verið samofin íslenskum hugsunarhætti bæði nú og þá. Víkingarnir riðu ekki um borgir heldur sveitanna á milli og rændu og rupluðu milli þess sem þeir létu háfleygar setningar falla um leið og þeir hjuggu menn í herðar niður. Og ekki skánaði það þegar aldavinirnir héldu saman matarboð og eiginkonurnar deildu um hvar ætti að sitja og hvernig borðhaldinu skyldi háttað. Að ekki sé talað um rætnar pillur um matinn, hvort hann væri ætur.

Að ekki sé nú minnst á kveðskapinn og níðvísur um næsta mann sem ortar eru á bóndabæjum. Og svo hittast menn í félagsheimilinu og leyfa sveitungum sínum að njóta snilldarinnar. Oft getur verið heitt í kolunum þegar bændurnir (lesist sem ljóðskáldin) nýta sér hinar krassandi sögur Gróu á Leiti. En hvorki kvæðin né mannvíg komast í hálfkvisti við það sem borgarbarninu finnst hin eina og sanna sveit. Og það eru vegasjoppurnar sem hafa sprottið upp við þjóðveg 1 eins og gorkúlur. Stuðmenn færðu þessa stemningu í lag þegar þeir sungu um franskar, sósu og salat. Borgararnir hafa eitthvað sérstakt bragð sem einungis reyndustu grillurunum á mölinni dreymir um að ná.

Þegar öllu þessu er blandað saman í einn graut, þar sem málvernd sveitarinnar og fitugir borgararnir verða að einu, kemur það ferðalangnum óneitanlega spánskt fyrir sjónir þegar hann biður um einn barnaborgara og þrjá með osti en afgreiðslustúlkan spyr: „Could you speak English.“ Þá rennur á bílstjórann tvær grímur og hann veltir því fyrir sér hvað forfeður hans á Hlíðarenda eða Bergþórshvoli hefðu gert ef írski, rauðhærði þrællinn hefðu beðið þá um að mæla á aðra tungu en hina norrænu. Sem betur fer hefur þrælahald verið lagt af á landinu og kristin trú forðar öllum frá hefndinni þannig að íslenskir ferðamenn verða bara að gjöra svo vel og biðja um: „one babyburger and three with cheese.“

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# TIGER

**Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri**



**Það er bjart yfir þér ...**
... ef þú ert með ljósker á enninu. Þetta ennisljós er með LED-peru og kostar 400 krónur.



**Vasalaser**
Eiginlega er þetta vasaljós en það er með leysigeisla sem getur komið sér vel. 400 krónur.



**Ljós í vasann**
Vasaljós úr málmi – það kostar 200 krónur og svo fylgja þrjár LED-perur með.



**Skordýr í návígi**
Þessi smásjá hentar sannarlega vel fyrir unga sem aldna náttúruskoðendur. Hún stækkar 30 sinnum og kóngulærnar geta orðið dálítið ógnvekjandi ... 400 krónur.



**Setið á rökstólum**
Dökkgrænn kollur sem hægt er að leggja saman. Tilvalinn í tjaldferðir og á útihátíðir – til dæmis á 17. júní-skemmtunina. 400 krónur.



**Lýs, milda ljós**
Það er ekki nema rétt um Jónsmessuna sem er bjart allan sólarhringinn. Annars er nauðsynlegt að hafa ljós á tjaldstæðinu. 400 krónur.



**Kaffi undir beru lofti**
Kaffibrúsakarlarnir hefðu kunnað að meta hann þennan. Hitabrúsi úr stáli á 800 krónur.



**Klassík úr Tiger**
Svartur og ljósblár bakpoki fyrir hjól-reiðamenn. 400 krónur.



**Regla á hnífapörunum**
Þú púslar saman hníf, gaffal og skeið og allt er á sínum stað. Hnífapörin eru úr ryðfríu stáli og settið kostar 200 krónur.



**Vatn á tjaldstæðið**
Þessi vatnsbrúsi tekur heila 15 lítra af vatni en þegar hann er tómur er hægt að leggja hann saman. 400 krónur.



**Færðu þig nær!**
Það geturðu gert án þess að hreyfa þig úr stað með því að horfa í þennan sjónauka, sem er 12x25 cm og kostar 800 krónur.



**Flott axlartaska**
Fæst í gráu, ljósbrúnu og bláu og kostar 400 krónur.

**TIGER**
**Villidýr í verði**

Menningar-
hátíð í Salnum
föstudaginn 6. júlí kl. 17
Velkomin á Landsmót
- frábær fjölskylduhátíð fyrir alla
http://landsmot.kopavogur.is
LANDSMÓT UMFÍ 2007
KÓPAVOGI 5.–8.JÚLÍ

Sýningar á söguloft

MR. SKALLAGRÍMSSON
Júlí: 5. kl.20 uppselt, 13. kl.20 uppselt,
14. kl.15 laus sæti
14. kl. 20 uppselt

Ágúst: 11. kl.20, laus sæti
12. kl.20, laus sæti
18. kl.20, laus sæti
19. kl.20, laus sæti
25. kl. 20 laus sæti
26. kl. 20
30. kl.20, laus sæti
31. kl.20 laus sæti

Leikhústilboð í mat:
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

# Sigurjónssýning í Friðriksborgarhöll

**Mannamyndir Sigurjóns Ólafssonar verða efni í sýningu haustið 2008 á Nationalhistorisk Museum á Friðriksborgarsloti. Hingað komu í liðinni viku þrír sérfræðingar á vegum safnsins í Hilleröd til að velja verkin í samráði við Birgitte Spur, forstöðukonu Sigurjónssafns í Laugarnesi og ekkju Sigurjóns.**

Safn Sigurjóns er eitt besta skráða safn íslensk myndlistarmanns og hefur Birgitte lagt mikla áherslu á að ná saman fullkominni skrá yfir verk listamannsins. Er framtak hennar til fyrirmyndar íslenskum söfnum. Sú heildarskrá verka Sigurjóns gerir enda eftirleikinn auðveldari: valið var erfitt en áhersla er lögð á verk úr steini og málmum, einkum standverk, bæði brjóstmyndir og stærri styttur. Sigurjón var afkastamikill á þessu sérstaka sviði höggmyndalistarinnar en mannamyndir og portrett eru algengari hér á landi en marga grunar. Þeim hefur ekki verið hampað sérstaklega og fræðingar ekki lagt sig eftir að greina þróun þeirra og viðgang utan lítillar sýningar sem tekin var saman fyrir fáum árum á vegum Hafnarborgar.


**SIGURJÓN ÓLAFSSON** 1908-1982

**MANNAMYNDASAFNIÐ Á FRIÐRIKSBORG**

Sögusafnið á Friðriksborgarsloti geymir mikið safnefni frá eldri tíma en þar er einnig mannamyndadeild sem tekur til verka frá upphafi tuttugustu aldar til okkar daga. Hingað er væntanleg í haust stór sýning sem sýnir mannamyndir frá öllum Norðurlöndunum sem efnt var til síðla vetrar en hér verður hún í Hafnarborg á komandi hausti og heldur síðan ferð áfram til allra Norðurlandanna. Kom þeim í Nationalhistorisk-safninu á óvart hvað mikið barst af mannamyndum frá ungum og eldri myndlistarmönnum, þar á meðal íslenskum. Gera menn þar á bæ sér vonir um að hægt verði að efna til slíkrar samnorrænnar sýningar reglulega og hafa enda góða reynslu af mannamyndasöfnum víða í Evrópu þar sem þessi grein er virtari en hún er hér á landi. Sagði Mette Skovgaard, einn þremenninganna að nefna mætti frábæra aðsókn á National Potrait Museum í London.

**GEYMSLA Á EYRARBAKKA**

Sigurjónssafn verður opið í sumar og má búast við að þar verði tónleikahald eins og fyrri sumur. Að sögn Birgitte standa starfsmenn safnins, sem er sjálfseignarstofnun, nú í stórræðum: verið er að leggja af eldri geymslu þess og koma verkum fyrir í nýrri geymslu á Eyrarbakka, fæðingarstað Sigurjóns, þar sem menn tóku fyrst eftir óvenjulegum teiknigáfum hans.

Viðfangsefni Sigurjóns í höggmyndum af lifandi mönnum voru margs konar, sumar unnar beint í stein eins og fræg mynd hans af Sigurði Nordal, aðrar unnar í mýkri efni, gifs og leir en síðan umsteyptar í málm. Það má teljast mikill heiður að Sigurjónssafni skuli boðið að setja sýningu upp á Friðriksborgarsloti: höllin stendur á fornum grunni og geymir ekki aðeins stórkostlega minjar um tíð fyrri konunga okkar, veldi þeirra og ríkidæmi, heldur líka afar forvitnilegt safn málverka af mönnum sem margir Íslendingar þekkja.

pbb@frettabladid.is


**MYNDLIST** Sigurjón Ólafsson í vinnustofu sinni í Laugarnesi 1977.
LJÓSMYND: MATS VIBE LUND. MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI SIGURJÓNSSAFNS




## *Rokk og ról hjá Cartier í París*

Cartier-snyrtifyrirtækið rekur stórt safn í Paris á Boulevard Raspail. Húsið er hannað af Jean Nouvel arkitekt, þeim sem datt út í lokaumferð keppninnar um Tónlistarhúsið í Reykjavík. Þar eru jafnan forvitnilegar sýningar: nýlega lauk þar stórri yfirlitssýningu á myndlist David Lynch. Nú er þar komin upp sýning sem kallast Rock an' Roll og rekur í máli og myndum upphaf rokksins 1939-1959.

Þar er í máli, myndum, fornmunum og innsetningum gerð grein fyrir því hvernig ný tíska í tónlist varð til, ekki úr engu enda rekur sýningin tilhneigingu í dægurtónlist vestanhafs allt aftur fyrir stríð. Kemur engum á óvart: Nat King Cole sög Route 66 löngu á undan ungu rokkurunum. Hér er sýnt hvernig James Brown sótti minni í tónsmiðinni Night Train til Dukes Ellington. Sýningunni fylgir glæsileg bók sem rekur upphafið til hraðari blúsópusa jassgeggjara Hamptons, Jordans og fleiri.

Fari menn um París á næstu mánuðum geta áhugamenn sótt upp á Boulevard Raspail og fundið upphaf rokksins og endalok fyrsta kaflans í langri sögu þess: þar hangir uppi jakkinn sem Presley fór úr í frægu atriði í Ed Sullivan show. -pbb


**TÓNLIST** Upphaf rokksins vilja Frakkar rekja til 1939.

## Gögn um listir á Artprice

Veffyrirtækið Artprice og hagsmunasamtök myndréttarhafa ADAGP hafa gengið frá samkomulagi sín á milli um gjald fyrir birtingu mynda af listaverkum á vefsíðu Artprice. Artprice heldur úti vefsíðum á fimm tungumálum þar sem myndlist gengur kaupum og sölum. Birt er mynd af verki og nú hefur ADAGP náð að knýja fram greiðslur til myndlistarmannanna fyrir birtingu á verkinu í auglýsingu fyrir þriðja aðila.

ADAGP var sett á fót 1953 og fer með rétt 48.000 myndlistarmanna. Það starfar gegnum systursamtök sín og safnar réttindagreiðslu í 43 þjóðlöndum.

Artprice er leiðandi fyrirtæki í dreifingu upplýsinga um vefsíður um viðskipti með myndlist: frá 1997 hefur fyrirtækið skráð uppboð á 2.900 uppboðshúsum um heim allan. Í gagnageymslum sínum geymir Artprice myndir af 290.000 uppboðsgripum frá 1700 til okkar daga og um 25 milljón sölum frá þessu tímabili. Sá galli hefur verið á gjöf Njarðar að fyrirtækið hefur ekki mátt birta myndir af verkum nema í litlum mæli en nú verða breytingar á: nú geta viðskiptamenn Artprice séð myndir af verkum 370.000 listamanna úr myndsafni sínu. Artprice getur þannig þjónað þeim 45 milljónum listunnenda sem taldir eru leita á vef fyrirtækisins að staðaldri úr öllum heiminum. - pbb


**PABLO PICASSO**



Gerum gott úr þessu
Árlega berst mikið af prentuðum pappír inn á heimilin í landinu en kosturinn er sá að hann má endurnýta. Leggjum okkar af mörkum fyrir náttúruna og skilum honum í næsta pappírsgám eða endurvinnslutunnu.
Gott til endurvinnslu
Samtök iðnaðarins og SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu / Sjá nánar um endurvinnslu prentmiðla á www.si.is – Hönnun Hvíta húsið/ SÍA

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Kate Moss hætt með Pete Doherty

Kate Moss er flúin til Parísar eftir að hafa fengið fréttir af meintu framhjáhaldi Pete Doherty. Hin þrjátíu og þriggja ára gamla Kate er miður sín en Pete hélt víst framhjá henni með suður-afrískri fyrirsætu að nafni Lindy. Kate náði ekki í Pete í marga daga eftir að hann fór á fyllirí og sást hann kela og knúsast með hinni dökkhærðu Lindy.

„Kate er algjörlega í öngum sínum en reynir að halda andlitinu fyrir dóttur sína, Lilu Grace. Hún hefur grátið stanslaust um helgina," sagði heimildarmaður. „Hún hefur fengið nóg og nú er komið að því að taka erfiðar ákvarðanir um framtíð sambands þeirra."

Ekki er langt síðan fréttist að parið hygðist gifta sig og hafa þau plön varla auðveldað Kate að sætta sig við þessar slæmu fréttir.

Breskir fjölmiðlar hafa sömuleiðis nýlega greint frá því að Moss hafi farið í megrun til að reyna að halda í Pete. Í þeim fréttum kom fram að hún væri hrædd um ásókn grúppía í kærastann. Kate mun hafa látið þau orð falla að hún væri að eldast og ætti ekki roð við ungu dömurnar. Nú virðist þó sem versti ótti hennar hafi orðið að veruleika.



**KATE MOSS OG PETE DOHERTY** Svo virðist vera sem sambandinu sé lokið enda hefur Pete haldið framhjá ofurfyrirsætunni frægu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ungstirnið **Daniel Radcliffe** verður yngsti meðlimur vaxmyndasafns Madame Tussauds í London. Harry Potter-leikaranum verður stillt upp við hlið stórstjarna á borð við **Juliu Roberts**, **Brad Pitt** og **Tom Cruise** en Radcliffe er að öllum líkindum einn frægasti táningur sögunnar. Vaxmyndin verður af sjálfum leikaranum en ekki Harry Potter og því verður hann klæddur í látlaus jakkaföt með bindi. Í tilkynningu frá safninu kom fram að vaxmyndagerðarmennirnir væru mjög spenntir fyrir þessu verkefni enda væri leikarinn einn fárra sem heimurinn hefði fengið að fylgjast með vaxa úr grasi á hvíta tjaldinu.





**MIKIÐ SPRELL** Þær Sædís og Þóra urðu vitni að fjölbreyttum tónleikum sveitarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**MIKIL TILÞRIF** Eins og sjá má sýndi Oddur Bjarni lipur tilþrif á sviðinu og gaf sig allan í sönginn.

# Glaðir og fjörugir hálfvitar

**Gleðisveitin Ljótu hálfvitarnir gerði allt brjálað í Borgarleikhúsinu á föstudaginn þegar sveitin hélt útgáfutónleika en hún gaf nýlega út disk sem ber nafn sveitarinnar.**

Arngrímur Arnarson var ákaflega sáttur með tónleikana enda fór ansi nærri því að fullt væri út úr dyrum í Borgarleikhúsinu. Liðsmenn sveitarinnar spiluðu nánast samfleytt í tvo og hálfan tíma og var mikið sprellað á milli laga. Að sögn Arngríms var góður rómur gerður að leik sveitarinnar og fóru gestir velflestir út í sumarnóttina með bros á vör. „Þetta var alveg gríðarleg stemning," segir Arngrímur en sveitin hyggst blása til álíka mikillar veislu um næstu helgi. „Þá förum við norður og spilum í Ýdölum í Aðaldal," segir Arngrímur, liðsmaður Ljótu hálfvitanna.



**FJÖRUGT** Þær Kristín og Birna tóku þátt í fjörinu en tónleikarnir stóðu yfir í tvo og hálfan tíma.



**SKEMMTU SÉR KONUNGLEGA** Þau Jenný Lára og Ágúst skemmtu sér konunglega á tónleikunum í Borgarleikhúsinu.



**NÁNAST HÚSFYLLIR** Þær Hildur, Guðný, Unnur, Sædís og Birna létu sig ekki vanta á útgáfutónleika Ljótu hálfvitanna.

# Útgáfu Rafskinnu fagnað

DVD-Sjónritið Rafskinna kom út í fyrsta sinn nú á laugardaginn. Rafskinna er sambland af hefðbundnu pappírstímariti og alls konar efni á DVD-diski, myndböndum, viðtölum og öðru.

Í tilefni af útkomunni var haldið heljarinnar partí í garðinum við Sirkus á laugardaginn. Hljómsveitirnar FM Belfast og Retro Stefson spiluðu fyrir gesti og vöktu mikla lukku viðstaddra. Um kvöldmatarleytið var slegið upp mikilli fiskigrillveislu í góða veðrinu, en þema fyrstu Rafskinnu er einmitt fiskur, og svo var glaðst fram eftir nóttu.



**BELFASTBLÍÐA Á SIRKUS** Steinunn og Gyða Bergs hlýddu á FM Belfast í góða veðrinu.



**SÓL Á SIRKUS** Sindri úr Seabear, Bjössi, Jónsi úr Sigur Rós og Alex unnusti hans fagna útkomu Rafskinnu í sólinni á Sirkus á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn **Christian Bale** segir góðar líkur á því að hann leiki titilhlutverkið í þriðju myndinni um **Batman** en nú standa yfir tökur á annarri myndinni sem Bale leikur í, en hún ber titilinn The Dark Knight. Bale þótti standa sig afar vel sem söguhetjan í myndinni Batman Begins og segir hann að handritið að næstu mynd gefi möguleika á mjög forvitnilegri þriðju mynd. „Það verður mörgum spurningum ósvarað eftir þessa mynd og ef aðstæður eru réttar myndi ég vilja reyna að svara þessum spurningum í einni mynd til viðbótar," segir Bale.



**Harry Bretaprins** segir það af og frá að hann sé í fýlu út í Kryddpíurnar fyrir að vilja ekki koma fram á styrktartónleikunum sem þeir bræður skipulögðu til heiðurs minningu móður sinnar um helgina. Eins og kunnugt er tilkynntu **Kryddpíurnar** í síðustu viku að þær hygðu á endurkomu og mun stutt tónleikaferðalag þeirra hefjast í desember á þessu ári. Fjölmiðlar ytra héldu því fram að þeir bræður hefðu beðið stúlkurnar að koma fram á tónleikunum en þær neitað og þau svör hefði Harry ekki verið sáttur við. Sjálfur segir hann þennan fréttaflutning alrangan og bætti við: „Mér finnst frábært að þær séu komnar saman á ný."



28 ára gömul kona hefur verið fundin sek um að ofsækja **Chester Bennington**, söngvara bandarísku rokksveitarinnar Linkin Park, og á yfir höfði sér allt að fimm ára fangelsi. **Devon Townsend** vann hjá tölvufyrirtæki og náði í gegnum stöðu sína þar að hakka sig inn í síma og tölvupósta Bennington og eiginkonu hans. Hún lýsti yfir aðdáun sinni á söngvaranum með ýmsum leiðum og hótaði meðal annars eiginkonu söngvarans líkamsmeiðingum ef hún færi ekki fram á skilnað. Bennington kærði Townsend og fékk nálgunarbann á hana áður en hún játaði á sig allar sakir fyrir dómi í vikunni.




Veislusetrið



Erfidrykkjur
Smurt brauð
Kaffihlaðborð
Veisluþjónusta
Veislusalur
Borgartúni 6
S. 699-1653 • 517-0102

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is





Nýtt tákn um gæði




**Tékkaðu á hvernig þú eignast Ford Ka @ 1.189.900***

**Komdu í Brimborg. Prófaðu Ford Ka.**

# Ef þú finnur betra verð á „eins bíl“ þá skaltu bara kaupa hann ;-)



**Taktu Ka þrisvar á dag (sex á dag ef vel liggur á þér).**
**Komdu í Brimborg. Prófaðu Ford Ka í dag.**

Ka er vistmildur. Ford Ka er lítill, sparneytinn og léttur smábíll sem tekur lítið pláss í umferðinni. Berðu saman fíl og kött. Hvor heldurðu að sé mildari gagnvart umhverfi sínu þegar litið er til dæmis þyngdar og matarþarfar? Svarið er augljóst, auðvitað Ford Ka!

taktu ka

GCI GROUP ALMANNATENGSL

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Villi verður pabbi

Naglbíturinn Vilhelm Anton Jónsson og unnusta hans til margra ára, Þórdís Jónsdóttir birtingastjóri hjá Auglýsingamiðlun, eiga von á sínu fyrsta barni í nóvember. Villi er að vonum spenntur og segist hlakka mikið til þess að takast á við föðurhlutverkið. „En þetta er fyrsta barn og maður veit náttúrulega ekkert um hvað þetta snýst,“ segir hann og hlær. „Ég þekki hins vegar nóg af fólki sem á börn og ég get hringt í!“ Villi og Þórdís hafa ekki fengið að vita kyn barnsins. „Enda skiptir það ekki nokkru máli, það koma ekki það mörg til greina.“



**KYNIÐ SKIPTIR EKKI MÁLI** Villi Naglbítur á von á sínu fyrsta barni. Hann segir kynið ekki skipta nokkru máli.

Það er nóg að gera hjá Villa þessa dagana. Hans fyrsta sólóplata, The Midnight Circus, kemur út 24. júlí næstkomandi en plötunni lýsir hann sem „rólegri plötu með sorglegum ástarlögum“. Auk þess málar hann „heit og lostafull“ olíumálverk og vinnur að tónlist fyrir barnaefni Sveppa á Stöð 2. Villi lætur ekki þar við sitja því hann mun einnig leika í sömu þáttum. „Ég reikna með að halda sýningu á olíumálverkunum í Deiglunni á Akureyri. Hún verður opnuð í lok september og verður mín fjórða einkasýning.“ Hann segist síður reikna með áherslubreytingum í listinni með tilkomu erfingjans. „Ég fer að minnsta kosti ekki að gera lög um að barnið mitt sé það fegursta og besta í heimi. Þetta verður kannski frekar til þess að maður verður að standa sig betur í því sem maður er að gera.“ **- sók**



**MÝRIN** Fékk góðar viðtökur hjá frumsýningargestum í Tékklandi.

# Mýrin í nýju ljósi

**Tékkneska kvikmyndahátíðin í Karlovy Vary stendur nú sem hæst og eru Íslendingar áberandi þetta árið. Kvikmyndin Mýrin eftir Baltasar Kormák keppir um aðalverðlaun hátíðarinnar.**

„Kannski má segja að kvikmyndin Mýrin sé í keppninni á eigin forsendum. Heima voru flestir búnir að lesa bókina og gera sér einhverjar hugmyndir um hvernig persónurnar áttu að vera en hérna horfir fólk bara á kvikmyndina sem slíka,“ segir Baltasar Kormákur sem hefur dustað rykið af Mýrinni en kvikmyndin fer nú í ferðalag á kvikmyndahátíðir víða um heim. „Ég er búinn að vera að vinna í öðrum verkefnum og það er óneitanlega svolítið sérstakt að frumsýna hana aftur,“ bætir Baltasar við en í kringum tólf hundruð manns voru viðstaddir frumsýninguna. Með Baltasar í för eru Ingvar E. Sigurðsson og Atli Rafn Sigurðarson sem báðir fóru á kostum í kvikmyndinni. Þeir félagar hafa verið önnum kafnir síðan þeir komu út en tékkneskir fjölmiðlar hafa sýnt þeim og myndinni mikinn áhuga.

Mýrin hlaut hreint út sagt ótrúlega aðsókn hér á landi og sló öll aðsóknarmet. Baltasar segir að henni hafi verið tekið mjög vel en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er að vænta umfjöllunar um Mýrina í kvikmyndabiblíunni Variety á næstu dögum. Baltasar hafði ekki heyrt af því en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst verður sú gagnrýni á mjög jákvæðum nótum. Framundan hjá Mýrinni eru að minnsta kosti tíu kvikmyndahátíðir sem Mýrin fer á, þar á meðal í Danmörku en þar hefur Arnaldur Indriðason, höfundur bókarinnar, notið töluverðrar hylli. „Líf kvikmynda í sjálfstæða kvikmyndageiranum er svona, þær lifa hjá leikstjóranum í mörg ár á eftir frumsýningu,“ segir Baltasar en til marks um það er leikstjórinn á leið til Spánar á næstunni til að vera viðstaddur frumsýningu á A Little Trip to Heaven.

Gestir Karlovy Vary fá að sjá mikið af íslenskum kvikmyndum að þessu sinni því auk Mýrinnar eru kvikmyndirnar Börn og Foreldrar eftir Ragnar Bragason sýndar sem og stuttmyndin Anna.

**freyrgigja@frettabladid.is**

# *Vinnumiðlunin Future Future*

„Ég held að það sé hinn óþrjótandi brunnur sköpunar hljómsveitarmeðlima Future Future sem veldur þessu,“ segir Siggi Oddsson, söngvari Future Future.

Glöggir menn hafa tekið eftir því að hljómsveitin Future Future virðist vera orðin eins konar vinnumiðlun fyrir starfandi íslenskar hljómsveitir.

Árni Hjörvar, bassaleikari sveitarinnar, gekk til liðs við hljómsveitina Kimono fyrir nokkrum mánuðum þegar Dóri bassaleikari hætti. Siggi Oddsson, söngvari Future Future, tók nýverið við bassanum af Þresti í Mínus eftir miklar mannabreytingar þar. Einnig er trommarinn Arnar Ingi byrjaður að spila með hljómsveitinni Retron.

„Það er kannski hægt að líta á Future Future sem ágætis stökkpall til að koma sér í þekktar íslenskar hljómsveitir,“ segir Sigurður og hlær. Hann tók þó fram að ekki stæði til að hafa áheyrnarprufur fyrir nýja hljómsveitarmeðlimi í bráð.

Gítarleikari Future Future er þó enn á lausu og skemmtilegt að velta því fyrir sér hvaða hljómsveit grípi hann næst þegar staða losnar. Kannski Björk endurupptökvi gítarsólóið og fái Eið með sér í lið fyrir næstu plötu. **- jar**



**VINNUMIÐLUN** Hljómsveitin Future Future er öðrum hljómsveitum gnægtabrunnur.


2 fyrir 1 í bíó



Námufélagar fá tvo miða á verði eins í Smárabíó, Regnboganum, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri mánudaga til fimmtudaga ef þeir greiða með nýja Námukortinu í gallabuxnaútlitinu.

Tilboðið gildir hvorki í lúxussal né á íslenskar myndir.

Landsbankinn



SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BLIND DATING | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | 10 |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| SHREK 3 VIP | kl. 8 - 10:10 | |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 12 - 2 - 4 - 6 | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 6 - 8 - 10:30 | 7 |
| OCEAN´S 13 VIP | kl. 3 - 5:30 | |
| PIRATES 3 | kl. 2 - 5:30 - 9 | 10 |
| ZODIAC | kl. 9 | 16 |
| ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL DIGITAL | kl. 12 - 2:15 - 4:15 - 6:15 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL DIGITAL | kl. 12 - 3 - 8:15 - 10:20 | L |
| CODE NAME CLEANER | kl. 12-2 -4 - 6 - 8 - 10:10 | 10 |
| OCEAN´S 13 DIGITAL | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| PIRATES 3 DIGITAL | kl. 5 | 10 |

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS ER STAÐSETTUR Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 6 - 8 - 10:10 | L |
| BLIND DATING | kl. 8 - 10:10 | 10 |
| PIRATES 3 | kl. 2 | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| SHREK HINN ÞRIÐJI | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | L |
| FANTASTIC FOUR | kl. 2 | L |
| HOSTEL 2 | kl. 10 | 16 |



Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4.0 | kl. 4.30, 7.30 og 10-POWER | 14 |
| SHREK 3 enskt tal | kl. 4, 8 og 10 | L |
| SHREK 3 íslenskt tal | kl. 4, 6 og 8 | L |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 10 | L |

www.laugarasbio.is



NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4.0 | kl. 5 - 8 - 10.45 | 14 |
| DIE HARD 4.0 LÚXUS | kl. 5 - 8 - 10.45 | |
| SHREK THE THIRD | kl. 3 - 5 - 7 - 9.10 - 11.10 | |
| SHREK HINN ÞRIÐJI (ÍSL TAL) | kl. 3 - 5 - 7 | |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 9 | 18 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.40 - 8.20 - 11 | 14 |
| PREMONITION | kl. 5.45 - 8 -10.15 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8.20 -10.30 | |
| THE HOAX | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 10.30 | 16 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.15 - 8 - 10.45 | 14 |
| PREMONITION | kl. 5.45 - 8 -10.15 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8 - 10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 8 - 10 | 18 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| PREMONITION | kl. 8 - 10 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 | |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS



EMMA WATSON Sagt er að leikkonan unga sé orðin svolítil díva í sér en hún virðist þó vera hógværðin uppmáluð.

# Dívustælar Hermione

Harry Potter stjarnan Emma Watson er víst örlítil díva í sér. Hin sextán ára gamla leikkona sem fer með hlutverk Hermione er dugleg við að kvarta undan álagi og þrætir við framleiðendurna.

Emma er sögð hafa farið á fund leikstjóra Harry Potter og Fönixreglunnar, David Yates, og spurt hann hvort hún þyrfti virkilega að leika í svo mörgum tökum. Yates er mikill fullkomnunarsinni og vill helst taka 30 tökur af hverju atriði til þess að ná örugglega öllu rétt. Hann svaraði Emmu því bara að hún þyrfti að sætta sig við þetta.

Hin unga Emma hafði víst hótað að hætta að leika í myndunum en var lokkuð til baka með hærri launum.

„Um leið og ég fór út í leiklistina fór ég beint á toppinn,“ sagði Emma ráðvillt. „Hvert fer ég þaðan? Mér finnst eins og ég þurfi að fara aftur í gegnum það sem ég hef gert. Ég hefði mikinn áhuga á að þjálfa mig almennilega í leiklistinni af því að mér líður svolítið eins og ég eigi þetta ekki skilið. Ég ætti að vera búin að gera svo miklu meira á undan þessu,“ sagði Emma.

**LEIKARAR FRAMTÍÐARINNAR** Anna Svafa Knútsdóttir

# Getur síst verið án gormabókarinnar

**Níu leikarar útskrifuðust frá Listaháskóla Íslands fyrir skemmstu. Á næstu dögum munu þessir nýjustu leikarar landsins sitja fyrir svörum hjá Fréttablaðinu, hver í sínu lagi.**



ANNA SVAVA KNÚTSDÓTTIR Býr yfir þeim eiginleikum að geta lagað sig að hvaða aðstæðum sem er. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Aldur:** 30 ára.
**Bókin á náttborðinu?** „Ég var bara að byrja á nýrri bók sem heitir The Secret.“
**Hverjum er það að kenna að þú fórst í leiklist?** „Mömmu minni.“
**Besta æskuminningin?** „17. júní þegar ég var sjö ára. Þá fór ég á háhest á risastórum manni.“
**Ef ekki leikari hvað þá?** „Ofurmódel... nei. Þá væri ég bókmenntafræðingur.“
**Þú sérð gamla konu missa 5.000 kall. Hvað gerir þú?** „Ég pikka í hana og segi: Hei, þú misstir fimm þúsund kall.“
**Með eða á móti kvótakerfinu?** „Það fer alveg eftir vikudögum.“
**Hvar er best að vera?** „Að teygja á þegar maður er búinn að púla geðveikt mikið.“
**Þú ert orðin of sein á æfingu. Það er rautt ljós en enga löggu að sjá. Hvað gerir þú?** „Ég bíð og hugsa: Ég verð að leggja fyrr af stað á morgun.“
**Hvers getur þú síst verið án?** „Litlu gormabókarinnar minnar.“
**Versta starf sem þú hefur unnið?** „Þegar ég var að setja í umslög hjá Gulu línunni.“
**Ef þú værir síamstvíburi, hver ætti að vera fastur við þig?** „Hundurinn Gutti.“
**Ef þú værir ein í heiminum, hvað myndir þú gera?** „Ég myndi leggjast niður og fara að grenja.“
**Hvar pantar þú pitsuna þína?** „Ég panta speltpitsu frá Reykjavík Pizza Company.“
**Hvar er besta vídeóleigan?** „Krambúðin. Þrjú hundruð kall spólan!“
**Hvernig týpa ertu?** „Ég laga mig að aðstæðum.“

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fanginn fyrrverandi, **París Hilton,** ætlar að flytja frá Hollywood þar sem of mikið er um freistingar og svall tengt næturlífinu. Allir helstu næturklúbbar Los Angeles eru í nágrenni við núverandi heimili hótelerfingjans og síðan hún losnaði úr fangelsi á dögunum hefur tilboðum um djammtúra rignt yfir hana. Af þessum sökum ætlar París að flytjast til Beverly Hills. „Hún vill sýna fram á að henni sé alvara með því að taka sig saman í andlitinu. Það eru bara of margar freistingar þar sem hún býr núna,“ segir vinur Parísar. París dvelur nú á Hawaii í frí og hefur falið pabba sínum að selja húsið.



**Eva Longoria** og **Tony Parker** ganga í heilagt hjónaband um næstu helgi. Þau ákváðu að halda ekki gæsapartí og steggjaveislu fyrir brúðkaup sitt. Þess í stað héldu þau sameiginlegt fyrirpartí þar sem vinir hans lögðu undir sig helming ónefnds skemmtistaðar í Frakklandi og vinir hennar hinn helminginn.



**Jade Jagger** hefur látið framleiða svaka flotta strandatösku fyrir sig sem mun verða seld undir lífsstíls merkinu hennar, Jezebel. „Mín fullkomna strandataska er kynþokkafull, flott og praktísk, segir Jaggeer sem starfar sem skartgripahönnuður. „Þetta er nauðsynlegur fylgihlutur fyrir sumarið.“ Í töskunni er sérstakur vasi sem ver verðmæti manns frá sandi og sjó.



**Kevin Federline,** fyrrverandi eiginmaður **Britney** er eitthvað ragur við að skrifa undir skilnaðarappírana og segist hafa áhyggjur af hegðun Britney að undanförnu. „Lögfræðingar Britney eru æstir í að Kevin skrifi undir en Kev er ekkert að flýta sér. „Lögfræðingur Kevins vill hafa það á hreinu í samningunum að Britney fái minnkandi forræði ef hún heldur áfram að haga sér illa,“ sagði heimildarmaður. Lögfræðingur Britney neitaði að kommenta.






## > Tap hjá stúlkunum á NM

Íslenska kvennalandsliðið, skipað leikmönnum sautján ára og yngri, tapaði í gær sínum fyrsta leik á Norðurlandamótinu í knattspyrnu. Mótið fer fram í Noregi en í gær mætti Ísland liði Svíþjóðar sem bar 3-0 sigur úr býtum eftir að hafa leitt, 1-0, í hálfleik. Næsti leikur fer fram í dag klukkan 17 og er gegn heimamönnum frá Noregi.



**sport**

sport@frettabladid.is

**ÁRMANN SMÁRI BJÖRNSSON**: MEIDDIST EN ER ALLUR AÐ KOMA TIL

# *Verð orðinn klár þegar sumarfríinu lýkur*

Ármann Smári Björnsson er kominn hingað til lands í sumarfrí en hlé var gert á norsku úrvalsdeildinni í gær. Hann hefur reyndar ekki getað leikið með Brann í síðustu leikjum liðsins en hann meiddist fyrir nokkrum vikum í leik liðsins gegn Lyn.

„Ég er allur að skríða saman og er orðinn miklu betri," sagði Ármann Smári. Hann meiddist þegar hann yfirrétti hnéð í leiknum en til allra lukku sköddudust ekki krossbönd. „Ég fékk skemmdir á brjósk og það hefur fengið góðan bata."

Leikurinn var reyndar hrein martröð fyrir Ármann Smára og aðra leikmenn Brann þar sem Lyn vann leikinn 6-0. „Það er óhætt að segja að þetta hafi verið hreinasta martröð. Leikurinn var skelfilegur og voru allir leikmenn okkar lélegir í þessum leik."

Hann segir að norska pressan hafi ekki setið á sér með gagnrýni á leikmenn Brann. „Þeir tóku leikmenn einfaldlega af lífi. Ég slapp þó ágætlega," sagði hann og hló.

Ármann Smári var búinn að vera í byrjunarliði Brann í tvo leiki á kostnað Ólafs Arnar Bjarnasonar og virtist því hafa verið á góðri leið með að tryggja sæti sitt í byrjunarliði Brann.

„Það er þó aldrei að vita í þessum efnum. Þjálfarinn hefur til að mynda aldrei stillt upp sama liðinu tvisvar í röð allt tímabilið," sagði hann.

Á milli þessara tveggja leikja gerði hann sér þó lítið fyrir og skoraði þrennu í norsku bikarkeppninni. „Framherjunum gekk illa að skora og ákvað þjálfarinn að setja mig í sóknina. Mér leiddist það auðvitað ekki að skora en annars hef ég ekkert spilað í sókninni síðan ég gerði það með FH á sínum tíma," sagði hann.

Ármann Smári verður klár í slaginn þegar sumarfríinu lýkur í Noregi en sunnudaginn 22. júlí er sannkallaður toppslagur er Brann tekur á móti toppliði Stabæk. Brann er í öðru sæti deildarinnar sem stendur.





**BIRGIR LEIFUR** Verður ekki með á einu af stærstu mótum ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Birgir Leifur Hafþórsson:

# Ekki í forkeppni Opna breska

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson komst ekki inn á Opna breska meistaramótið í golfi sem fer fram 19.-22. júlí. Birgir var fimmti á biðlista inn í forkeppni mótsins en komst ekki að. Margir af sterkustu kylfingum Evrópu leika í forkeppninni sem hófst í gær. - hþh

Milos Glogovac:

# Gæti verið í hóp í kvöld

**FÓTBOLTI** **Svo gæti farið að varnarmaðurinn sterki, Milos Glogovac, verði í leikmannahópi Víkings í kvöld í fyrsta sinn á leiktíðinni. Hann meiddist skömmu fyrir upphaf móts en Víkingur mætir FH í kvöld.**



**MILOS GLOGOVAC**

**„Hann er allur að koma til og er það dagaspursmál hvenær hann getur spilað. Hann er allavega byrjaður að æfa á fullu með okkur," sagði Magnús Gylfason, þjálfari Víkings.**

**Þá gæti verið að Serbinn Dragan Galic spili með Víkingum í kvöld en hann er nýgenginn til liðs við félagið. Galic er framherji.** - esá



WOLF Garten
Rafm.sláttuvélar
Vandaðar vélar og öflugir mótorar
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070


# Ég læt engan Kamara ýta mér í burtu frá Fulham

**Enska úrvalsdeildarliðið Fulham hefur komist að samkomulagi við WBA um kaup á Diomansy Kamara. Heiðar Helguson er hluti af pakkanum. Dalvíkinginn langar alls ekki að fara frá Fulham en hann hefur viðræður við WBA í dag.**

**FÓTBOLTI** Umboðsmaður Heiðars Helgusonar mun í dag hefja viðræður fyrir hans hönd við enska 1. deildarliðið West Bromwich Albion. Lawrie Sanchez, stjóri Fulham, talaði við Heiðar í gær og lét hann vita að félögin tvö hefðu komist að samkomulagi um kaup Fulham á Diomansy Kamara og að Heiðar væri hluti af kaupverðinu sem Fulham greiðir.

Heiðar er ekki spenntur fyrir því að fara frá Fulham sem hann gekk í raðir fyrir tveimur árum frá Watford. Heiðar átti erfitt uppdráttar á síðasta tímabili en með baráttu sinni vann hann hug og hjarta stuðningsmanna liðsins. Heiðar spilaði sextán leiki í byrjunarliðinu og kom fjórtán sinnum inn á sem varamaður.

„Ég er ekki að fara neitt nema mig langi til þess, það fer eftir því hvernig þetta fer. Mig langar ekkert til að fara, ég er ánægður þar sem ég er og mér hefur liðið vel hjá Fulham. Þetta verður bara að koma í ljós og allt fer eftir því hvernig mér líst á þetta hjá WBA," sagði Heiðar við Fréttablaðið í gær.

„Ég veit lítið annað en að umboðsmaðurinn mun ræða við WBA á morgun. Ég hef ekkert þangað að gera fyrr en það er búið að semja og þegar ég hef heyrt aftur frá honum þarf ég að ákveða mig," sagði Heiðar en heyra mátti á framherjanum að hann væri ekki ýkja spenntur fyrir því eins og staðan er í dag að færa sig niður um deild.

Það gæti þó verið skynsamlegur kostur þar sem Senchez sagði Heiðari að hann yrði ekki fyrsti valkostur sinn í framlínuna, langan veg frá því. „Ég verð ekki fyrsti kostur, annar eða þriðji kostur ef ég verð áfram. Margur leikmaðurinn hefur samt sem áður fengið að heyra þetta en síðan spilað alveg helling. Það koma upp meiðsli og annað og það þarf ekki mikið að breytast til að maður fái leik," sagði Heiðar.

Heiðar sagði fyrr í sumar að hann vilji gjarnan reyna að vinna sér inn sæti í framlínu Fulham. „Ég er leikmaður Fulham þar til annað kemur í ljós. Ég læt engan Kamara ýta mér burtu frá Fulham og ég læt ekki neyða mig til WBA nema ég hafi áhuga á því," sagði Heiðar Helguson. hjalti@frettabladid.is





**HEIÐAR** Skoraði fjögur mörk fyrir Fulham á síðasta tímabili þegar hann byrjaði sextán leiki í deildinni en kom fjórtán sinnum inn á sem varamaður. Umboðsmaður hans hefur viðræður við WBA í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

Lyn búið að samþykkja kauptilboð Bröndby í Stefán Gíslason:

# Stefán til Bröndby í vikunni

**FÓTBOLTI** Allar líkur eru á því að Stefán Gíslason, leikmaður Lyn í Noregi, gangi til liðs við danska úrvalsdeildarliðið Bröndby á allra næstu dögum, jafnvel í þessari viku. Lyn hefur þegar staðfest kauptilboð Bröndby eftir því sem Arnór Guðjohnsen, umboðsmaður Stefáns, sagði við Fréttablaðið í gær.

Stefán kom hingað til lands í frí í gær og hafði þá sjálfur ekki heyrt í forráðamönnum Lyn um söluna. „Ef gengið verður frá því í dag eða á morgun getur það vel farið svo að ég gangi frá mínum málum jafnvel í þessari viku," sagði hann. „Mér líst auðvitað afskaplega vel á Bröndby og væri spenntur fyrir því að fara þangað."

Það eru því allar líkur á því að Stefán hafi leikið sinn síðasta leik með Lyn en hann hefur leikið með félaginu í tvö ár. Hann hefur þótt skara fram úr á þessu tímabili og er meðal hæstu leikmanna deildarinnar í einkunnagjöf norsku fjölmiðlanna.

Stefán skoraði eftirminnilega þrennu í ótrúlegum 6-0 sigurleik á Brann í síðasta mánuði en Brann var þá á toppi deildarinnar. Lyn vann Start á útivelli um helgina, 1-0, og er í fimmta sæti deildarinnar sem stendur, sjö stigum á eftir toppliði Stabæk. Stefán lék ekki með Lyn í leiknum þar sem hann var í leikbanni. Fram að því hafði hann leikið alla leiki Lyn í deildinni, ávallt í byrjunarliði.

Samingur Stefáns við Lyn rennur út í lok leiktíðar en félagið ákvað frekar að selja hann nú í stað þess að hann færi frítt frá því í lok leiktíðar. Danskir miðlar greindu frá því í síðustu viku að kaupverðið væri um 110 milljónir króna en Arnór sagði það vera ýkta tölu. - esá



**STEFÁN GÍSLASON** Hefur farið á kostum með norska úrvalsdeildarliðinu Lyn á leiktíðinni og skorað fjögur mörk í tólf leikjum það sem af er sumri. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX





**EIÐUR SMÁRI** Vill sanna sig hjá Barcelona. NORDIC PHOTOS/AFP

Arnór Guðjohnsen:

# Eiður betri fyrir Henry en Eto'o

**FÓTBOLTI** **Haft er eftir Arnóri Guðjohnsen, umboðsmanni Eiðs Smára Guðjohnsen, á fréttavef BBC í gær að mörg félög hafi sýnt syni sínum áhuga. „En hann er ákveðinn í að sanna sig hjá Barcelona. Hann og Henry myndu passa vel saman þar sem leikstíll þeirra er ólíkur," sagði Arnór en Thierry Henry gekk til liðs við Barcelona í síðustu viku.**

**„Ég efast um að samvinna þeirra Henry og Samuel Eto'o myndi virka eins vel," bætti hann við.** - esá



**RÚRIK GÍSLASON** Hér á fullri ferð með U-21 landsliði Íslands gegn Ítalíu FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stjórnarformaður Viborg:

# Vongóður um að landa Rúrik

**FÓTBOLTI** Rúrik Gíslason liggur nú undir feldi með tilboð frá danska úrvalsdeildarliðinu Viborg í farteskinu. Morten Jensen, stjórnarformaður félagsins, sagði við Fréttablaðið í gær að hann væri vongóður um að landa Rúrik sem hann hældi í hástert.

„Hann stóð sig frábærlega þessa fjóra daga sem hann æfði með okkur. Hann er ungur leikmaður og virkilega efnilegur en hefur þrátt fyrir það töluverða reynslu. Hann hefur alla burði til að verða framúrskarandi leikmaður," sagði Jensen.

Stjórnarformaðurinn sparaði ekki stóru orðin þegar hann lýsti Rúrik. „Það myndi koma mér á óvart ef hann yrði ekki í íslenska landsliðinu á næstu mánuðum og burðarás á næstu árum," sagði Jensen. - hþh


Samkenndin er ótrúlega sterk enda mjög margir sem eiga von á sér.
HANN ER SETTUR
11. ÁGÚST
VERÐ FRÁ 2.368 KR.
512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE
enski boltinn



**FÓTBOLTAÖL** Sérstök útgáfa af Viking-bjór hefur verið gefinn út vegna old-boys landsleiks Íslands og Dana um helgina. Er hann þegar kominn í sölu á Akureyri þar sem leikurinn verður háður í tengslum við Pollamót Þórs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Old-boys landsleikurinn:

# Óvíst um komu Schmeichel

**FÓTBOLTI** Í gær var haldinn blaðamannafundur á Laugardalsvelli í tengslum við old-boys landsleik Íslands og Danmerkur sem verður haldinn á Akureyri á laugardagskvöldið í tengslum við Pollamót Þórs.

Undirbúningur hefur staðið lengi yfir en margir af þekktustu knattspyrnuköppum Dana frá fyrri tíð verða með. Þó er nú óvíst hvort að markvörðurinn Peter Schmeichel geti komið með danska liðinu en Halldór Áskelsson, aðalskipuleggjandi leiksins og leikmaður íslenska liðsins, sagði að verið væri að vinna í því máli.

Þá verða einnig vitanlega mörg vel þekkt andlit úr íslenska knattspyrnuheiminum í liði heimamanna.

\- esá



**ÍSLENSKU KEMPURNAR** Margir af þeim leikmönnum sem spila gegn Dönum fyrir Íslands hönd um helgina stilltu sér upp fyrir ljósmyndara í húsakynnum KSÍ í Laugardal í gær. Efri röð frá vinstri: Guðmundur Torfason, Sigurður Grétarsson, Arnór Guðjohnsen, Atli Eðvaldsson, Sævar Jónsson, Þorgrímur Þráinsson, Guðni Bergsson og Pétur Ormslev. Neðri röð frá vinstri: Friðrik Friðriksson, Birkir Kristinsson, Guðmundur Steinarsson, Siguróli Kristjánsson, Halldór Áskelsson og Ómar Torfason FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Valsstúlkur verðlaunaðar myndarlega

**Í gær voru veitt verðlaun fyrir umferðir 1-6 í Landsbankadeild kvenna. Ekkert kom á óvart í liði umferðanna þar sem Valur á sex leikmenn, né heldur að Margrét Lára Viðarsdóttir skyldi vera besti leikmaðurinn.**

**FÓTBOLTI** Sérstök valnefnd, skipuð fólki úr landsliðs- og unglinganefnd kvenna, kvað í gær upp úrskurð sinn yfir þá sem skarað hafa fram úr í fyrstu sex umferðum Landsbankadeildar kvenna. Margrét Lára Viðarsdóttir var valin besti leikmaðurinn en hún hefur farið fyrir Valsliðinu sem situr á toppi deildarinnar ásamt KR. Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, er besti þjálfarinn.

Alls á Valur sex leikmenn í ellefu manna liði umferðanna en KR á þrjá. Keflavík og Fylkir eiga hvort sinn fullltrúann. „Það kom mér á óvart að eiga svona marga leikmenn en þetta er mjög ánægjulegt. Við erum með gott lið og höfum staðið okkur vel og það er alltaf gaman að fá viðurkenningar. Við höfum sýnt jafnvægi, liðsheildin hefur verið frábær og við höfum unnið okkar leiki sannfærandi,“ sagði Elísabet og játti því að eins og staðan væri núna stefndi allt í einvígi Vals og KR um titilinn.

**LIÐ UMFERÐA 1-6**

| | |
|---|---|
| Guðbjörg Gunnarsdóttir | (Valur) |
| Guðný Óðinsdóttir | (Valur) |
| Embla Grétarsdóttir | (KR) |
| Ásta Árnadóttir | (Valur) |
| Katrín Jónsdóttir | (Valur) |
| Edda Garðarsdóttir | (KR) |
| Katrín Ómarsdóttir | (KR) |
| Dóra María Lárusdóttir | (Valur) |
| Guðný Petrína Þórðardóttir | (Keflavík) |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | (Valur) |
| Anna Björg Björnsdóttir | (Fylkir) |



**ELÍSABET** Var valin besti þjálfarinn. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Katrín Ómarsdóttir, miðjumaður KR, var valin í lið umferðarinnar en þessi tvítuga stúlka hefur átt gott tímabil með liðinu. „Mér finnst enginn í rauninni hafa skarað fram úr í deildinni. Ég hefði viljað sjá Agnesi í KR þarna, hún er góður varnarmaður. Það mætti alveg fækka Valsstelpunum aðeins,“ sagði Katrín glettin og glaðbeitt við Fréttablaðið í gær um valið. Stórleikur Vals og KR á föstudaginn næstkomandi var henni ofarlega í huga en hún segir góðan ríg ríkja milli stelpnanna í Reykjavíkurstórveldunum.

„Þessi leikur skiptir höfuðmáli fyrir deildina. Það er svolítið skrýtið að sjá allar Valsstelpurnar hérna í kringum mig, við þekkjumst allar vel utan vallar. Ég bauð þeim til dæmis öllum í afmælið mitt um daginn en maður þarf að vita hvenær þær eru vinir manns og hvenær ekki,“ sagði Katrín. Deildin í sumar hefur verið sýnu jafnari en síðasta sumar og er landsliðsstúlkan ánægð með framfarirnar.

„Þetta mót er miklu skemmtilegra. Maður þarf að mæta í alla leiki tilbúin, það þýðir ekkert hálfkák, maður veit aldrei við hverju á að búast. Það er jafnara á milli liðanna en nú kveður við annan tón. Stelpurnar eru komnar með meiri reynslu og sterkir útlendingar hafa bæst í hópana. Við rétt náðum að vinna Fjölni, sem stóð líka í hárinu á Val, og við unnum Stjörnuna 3-2. Mótið í fyrra var búið fyrir okkur eftir tap í fyrstu tveimur leikjunum, við megum ekkert við því. Við þurfum að vinna alla okkar leiki og innbyrðisviðureignirnar við Val, það er bara staðreynd,“ sagði Katrín.

hjalti@frettabladid.is



**BESTAR** Lið umferða 1-6 í Landsbankadeild kvenna stillti sér upp í myndatöku ásamt fulltrúum Landsbankans og KSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**GRÉTAR** Gæti farið til Englands nái Boro og Alkmaar samkomulagi. NORDICPHOTOS/GETTY

Grétar Rafn Steinsson:

# Kostar fjórar milljónir punda

**FÓTBOLTI Hollenska félagið AZ Alkmaar vill ekki fyrir nokkra muni missa Grétar Rafn Steinsson til Middlesbrough. Alkmaar hefur samkvæmt enskum fjölmiðlum skellt fjögurra milljón punda verðmiða á Grétar sem átti gott tímabil í Hollandi.**

**Talið er að Middlesbrough sé aðeins tilbúið að greiða um tvær milljónir punda fyrir Grétar. Gareth Southgate, stjóri Boro, hefur staðfest áhuga félagsins á Grétari en nái félagið ekki samkomulagi við Alkmaar er talið að það snúi sér til Philipp Degen, leikmanns Dortmund.**

\- hþh

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*Landsbankadeild kvenna*

| | |
|---|---|
| KR-ÍR | 6-1 |
| FYLKIR-VALUR | 1-3 |
| FJÖLNIR-KEFLAVÍK | 1-0 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **VALUR** | **6** | **6** | **0** | **0** | **25-3** | **18** |
| KR | 6 | 6 | 0 | 0 | 23-7 | 18 |
| **FJÖLNIR** | **7** | **3** | **2** | **2** | **7-7** | **11** |
| KEFLAVÍK | 6 | 3 | 0 | 3 | 18-9 | 9 |
| **BREIÐABLIK** | **6** | **2** | **1** | **3** | **9-15** | **7** |
| STJARNAN | 6 | 1 | 3 | 2 | 9-12 | 6 |
| **FYLKIR** | **6** | **0** | **3** | **3** | **8-13** | **3** |
| ÞÓR/KA | 5 | 1 | 0 | 4 | 6-19 | 3 |
| **ÍR** | **6** | **0** | **1** | **5** | **7-27** | **1** |

*1. deild karla*

| | |
|---|---|
| GRINDAVÍK-ÍBV | 3-1 |
| KA-STJARNAN | 2-4 |
| VÍKINGUR ÓLAFSVÍK-FJARÐABYGGÐ | 3-0 |
| NJARÐVÍK-REYNIR SANDGERÐI | 2-2 |
| ÞRÓTTUR-FJÖLNIR | 3-4 |
| LEIKNIR-ÞÓR | 2-2 |

Níunda umferð Landsbankadeildar karla hefst með tveimur leikjum í kvöld:

# FH getur komið sér á réttan kjöl

**FÓTBOLTI** Í kvöld fara fram tveir leikir í Landsbankadeild karla. Íslandsmeistarar FH taka á móti Víkingum og Fram mætir Breiðabliki á Laugardalsvelli. Báðir leikirnir hefjast klukkan 19.15.

FH tapaði stórt fyrir Val í síðustu umferð, 4-1, og getur með sigri í kvöld endurheimt fimm stiga forskot á toppi deildarinnar, um stundarsakir að minnsta kosti.

Magnús Gylfason, þjálfari Víkings, er þó hvergi banginn. „Þetta verður eðlilega erfitt en okkur líst vel á þennan leik rétt eins og alla aðra. Við verðum að taka okkur saman í andlitinu og fara að vinna leiki og mér finnst engin ástæða til annars en að byrja í þessum,“ sagði Magnús. Víkingar fengu aðeins eitt stig í júnímánuði, fæst allra liða í deildinni.

Fram vann sinn fyrsta leik í síðasta heimaleik sínum og í kvöld mætir það Blikum sem hefur unnið tvo heimaleiki í röð, báða 3-0.

„Fram kom sér í vinningsstöðu gegn KR í síðasta leik en töpuðu og eru því særðir. En við þurfum fyrst og fremst að hugsa um okkur og förum í leikinn til að vinna hann,“ sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika. „Sjálfstraustið í liðinu er gott og sjáum við ákveðna möguleika á móti Fram sem við ætlum að nýta okkur. Ef við náum að gera það sem lagt er upp með er ég ekki hræddur.“

Ólafur Þórðarson, þjálfari Fram, átti von á hörkuslag. „Ég hef séð Blikana spila og hafa þeir staðið sig vel. Úrslitin eru kannski ekki eins og þeir hafa sjálfir viljað hafa þau en Breiðablik er með það gott lið að það getur unnið öll lið í deildinni á góðum degi. Við sjálfir höfum verið klaufar að klára ekki nógu marga leiki en við bætum vonandi úr því.“

\- esá



**FH OG BREIÐABLIK** Mættust fyrir stuttu en liðin verða í eldlínunni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




LAUGAVEGURINN
ULTRA MARAÞON
HEFUR ÞÚ HLAUPIÐ LAUGAVEGINN?
Laugavegshlaupið er 55 km langt, frá Landmannalaugum inn í Þórsmörk og verður haldið þann 14. júlí 2007.
Skráning og upplýsingar á **maraton.is**
Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR
ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS
POWERADE.
CINTAMANI

## > ANNE HECHE

Anne hefur ekki verið mjög heppin í fjölskyldumálum. Faðir hennar, sem var kórstjóri og prestur, beitti hana kynferðislegu ofbeldi á unglingsárunum og smitaði hana af herpes. Hann kom síðar út úr skápnum og lést fljótlega upp úr því úr HIV-veirunni. Sama ár lést bróðir Anne í bílslysi og í fyrra dó systir hennar eftir langa baráttu við krabbamein í heila.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR ÁTTI HJARTNÆMA ENDURFUNDI VIÐ SJÓNVARPSSÓFANN

# *Raunverulegir hæfileikar í veruleikaþætti*

Í tæpra fjögurra vikna sumarfríi mínu var fjarvera mín úr sjónvarpssófanum næstum því jafn löng. Ég sá samtals hálftíma af sjónvarpsefni: brot úr sænskum fréttatíma, nokkrar mínútur af BBC World og nokkur hálfrugluð tónlistarmyndbönd á króatískri tónlistarstöð. Ég spjaraði mig ágætlega á þessum hálftíma og komst fyrir vikið að því að ég er ekki sjónvarpsfíkill.



Hins vegar voru endurfundir mínir og sjónvarpssófans líka ansi hjartnæmir. Miðað við ástandið á mér eftir samanlagt 21 tíma ferðalag hefði ég gúdderað hvað sem er, en dagskráin kom bara þægilega á óvart.

Í fjarveru minni úr sófanum hefur veruleikaþáttur að nafni Design star hafið göngu sína á Skjá einum. Það hefur mikið verið skrifað og skrafað um tilgangsleysi slíkra þátta, og ég hef ekki látið þá óáreitta heldur. En mér þykir Design star ágætis dæmi um hvernig má gera slíkan þátt skemmtilegan. Þar þurfa keppendur að búa yfir raunverulegum hæfileikum – öðrum en að vera sætir, eins og í America's Next Top Model, stelpur, eins og í Bachelor, eða... ja, ég veit ekki einu sinni hvað keppendur í Pirate Master eða Survivor eiga að vera.

Afrakstur hönnuðanna í Design star var vissulega misvel lukkaður, en allir höfðu þó lagt sitt af mörkum til að leysa verkefnin frumlega af hendi.

Það sem meira var, var hreint og beint skemmtilegt að fylgjast með vinnuferlinu. Meira svona, segi ég bara. Þá skal ég hætta að rægja veruleikaþætti.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.05** Everwood SJÓNVARPIÐ



▶ **21.35** The Shield STÖÐ 2



▶ **20.00** Bruce Almighty STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** George Lopez Show SIRKUS



▶ **18.15** Rachael Ray SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Út og suður** (5:16) e.
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Geirharður bojng bojng** (3:26)
**18.22 Sögurnar hennar Sölku** (1:13)
**18.30 Váboði** (3:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**

▶**20.05 Everwood** (20:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado. Aðalhlutverk leika Treat Williams, Gregory Smith, Emily Van Camp, Debra Mooney, John Beasley og Vivien Cardone.

**20.50 Lithvörf** (5:12) Stuttir þættir um íslenska myndlistarmenn. Að þessu sinni er rætt við Hafstein Austmann vatnslitamálara. Dagskrárgerð: Jón Axel Egilsson. e.

**20.55 Á flakki um Norðurlönd** (3:8) (På luffen Norden) Í þessum þætti fara þau Joakim og Sonja um Jótland.

**21.25 Danskir nýbúar - Jihong Dong** (Nye danskere: Jihong Dong) Danskur þáttur um kínverska stúlku sem fluttist til Danmerkur.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Jericho lögreglufulltrúi** (1:4) Breskur spennumyndaflokkur um lögreglufulltrúann Michael Jericho og samstarfsmenn hans sem glíma við erfið mál. 00.00 Lögmál Murphys (4:6) e.

**00.55 Kastljós**
**01.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Not Without My Daughter** (e)
**08.00 Blue Sky** (e)
**10.00 One Fine Day**
**12.00 Bruce Almighty**
**14.00 Not Without My Daughter** (e)
**16.00 Blue Sky** (e)
**18.00 One Fine Day**

▶**20.00 Bruce Almighty** Rómantísk gamanmynd með ævintýralegu ívafi. Aðalhlutverk. Jim Carrey, Jennifer Aniston, Morgan Freeman. Leyfð öllum aldurshópum.

**22.00 Taking Lives**
**00.00 Darkwolf**
**02.00 They**
**04.00 Taking Lives**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð** (82.114)
**10.15 Grey´s Anatomy** (5.25)
**11.00 Fresh Prince of Bel Air** (3.24)
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Homefront** (1.18)
**14.05 Las Vegas** (23.23)
**14.50 According to Bex** (3.8)
**15.20 Whose Line Is it Anyway? 4**
**15.50 Barnatími Stöðvar 2** (4.22)
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð**
**19.40 Simpsons** (10.21)

**20.05 Extreme Makeover. Home Edition** (4.32) Harrison-fjölskyldan hefur upplifað erfiða tíma en fjölskyldufaðirinn greindist með krabbamein stuttu eftir að hann stofnaði nýtt fyrirtæki. Í veikindum sínum aðstoðaði hann nágranna sína við að endurinnrétta eldhúsin hjá þeim en nú er röðin komin að honum að fá nýtt heimili. 2006.

**20.50 Las Vegas** (11.17) Spennandi bandarísk þáttaröð sem gerist í partíborginni Las Vegas.

▶**21.35 The Shield** (4.10)

**22.20 The Unit** (9.23) Önnur þáttaröð þessara vinsælu þátta sem fjalla um störf leynilegrar úrvalsveitar bandaríska hersins sem hefur það hlutverk að fara í hættulegustu og leynilegustu ferðir sem upp koma.

**23.05 Cold Case** (22.24) Lily Rush er rannsóknarmaður hjá lögreglunni í Fíladelfíu sem rannsakar gömul mál sem aldrei hafa verið leyst og þarf að beita kænsku og klókindum við lausn þeirra. Bönnuð börnum.

**23.50 Hotel Babylon** (1.8)
**00.45 Life Less Ordinary**
**02.25 Thanksgiving Family Reunion** (National Lampoon)
**03.55 The Shield** (4.10)
**04.40 Simpsons** (10.21)
**05.05 Fréttir og Ísland í dag**
**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Entertainment Tonight**

**20.10 George Lopez Show, The** (1.18) Bráðskemmtilegur gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna með grínistanum George Lopez í aðalhlutverki.

**20.40 Kitchen Confidential** (7.13) Gamanþættir um Jack Bourdain var eitt sinn þekktur kokkur en eftir eina villta nótt tókst honum að klúðra öllu því sem hann hafði afrekað. Einn daginn fær hann upp úr þurru tilboð og er boðin staða yfirkokks á flottum veitingastað í New York.

▶**21.10 Young Blades** (9.13) Spennandi þáttaröð þar sem sögusviðið er Frakkland á miðöldum og svokallaðar skyttur sjá um að verja landið gegn illum öflum. Ný kynslóð af skyttum eru í þjálfun og meðal þeirra er sonur hinnar þekktu skyttu D´Artagnan. Hinn ungi D´Artagnan og félagar hans þurfa að leggja allt undir til að verja konung sinn gegn hinum illa kardínála Mazarin sem gerir hvað sem er til að komast til valda. Hörkuspennandi þættir sem eru byggðir á sögunni um Skytturnar Þrjár.

**22.00 Men In Trees** (3.17) Bráðkemmtileg, ný þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki.

**22.45 Pirate Master** (5.14) Hörkuspennandi raunveruleikaþáttur í anda Survivor sem gerist um borð í alvöru sjóræningjaskipi. Keppendum er engin miskunn sýnd en þeir þurfa að leysa þrautir og gátur á sjó og landi til að koma í veg fyrir að verða sendir burt. Eftir margra vikna baráttu sem einkennist af baktjaldamakki og svikum mun einn standa uppi sem sjóræningjameistari og hljóta milljón dollara í verðlaun. 2007. Leyfð öllum aldurshópum.

**23.30 True Hollywood Stories** (1.8) (e)
**00.15 Entertainment Tonight** (e)
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.25 Vörutorg**
**16.25 Tabloid wars** (e)
**17.15 On the Lot** (e)
▶**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 According to Jim** (e)

**20.00 All of Us** (9.22) Fjölmiðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrrverandi.

**20.30 How Clean is Your House?** (5.13) Bresku heinlætisdívurnar Kim Woodburn og Aggie MacKenzie þefa uppi subbuleg heimili og taka til hendinni. Þessar bresku kjarnakonur skúra, skrúbba og bóna auk þess sem þær gefa sóðunum góð ráð. Kim og Aggie taka til hendinni hjá 26 ára kokki sem selur veitingar úr ógeðslegu eldhúsi.

**21.00 Design Star** (4.10) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. Hönnuðirnir sex sem eftir eru þurfa að endurhanna eldhús og sá sem stendur sig ekki í stykkinu verður sendur heim.

**22.00 Angela's Eyes** (6.13) Bandarísk þáttaröð um konu sem les í lygar fólks og er besti lygamælir bandarísku alríkislögreglunnar. Angela eyðir afmælisdeginum sínum í að leita týndrar óperustjörnu. Þegar rómantísk tengsl stjörnunnar við giftan stjórnmálamann koma í ljós flækist mannshvarfið til mikilla muna.

**22.50 Everybody Loves Raymond**

**23.15 Tabloid wars** (2.6) Áhugaverð heimildaþáttaröð þar sem áhorfendur fá að kynnast lífi starfsmanna á slúðurblaðinu New York Daily News. Þar gengur á ýmsu og það er mikil pressa á blaðamönnum og ljósmyndurum að ná í heitustu fréttirnar. Í hverjum þætti er fylgst með 4 til 5 starfsmönnum blaðsins í kapphlaupi við tímann og í bullandi samkeppni við önnur blöð um bitastæðustu fréttirnar. Þetta er fólkið sem er í eldlínunni alla daga að fjalla um glæpi, spillingu og líf fína og fræga fólksins í New York.

**00.05 Runaway** (e)
**01.00 Jericho** (e)
**01.50 Vörutorg**
**02.50 Óstöðvandi tónlist**

NÝ SÍMANÚMER HJÁ 365 MIÐLUM

Nýtt aðalnúmer
512 5000

Þjónustuver
512 5100



365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05 Extreme Makeover: Home Edition



Í kvöld er það Harrison-heimilið sem fær allsherjar útlitsbreytingu. Fjölskyldan hefur upplifað mjög erfiða tíma en fjölskyldufaðirinn greindist með krabbamein stuttu eftir að hann stofnaði nýtt fyrirtæki. Í veikindum sínum aðstoðaði hann nágranna sína við að endurinnrétta eldhúsin þeirra en nú er röðin komin að honum að fá nýtt heimili.

### VIÐ MÆLUM MEÐ Jericho lögreglufulltrúi Sjónvarpið kl. 22.25

Nýr, breskur spennumyndaflokkur um lögreglufulltrúann Michael Jericho og samstarfsmenn hans sem glíma við erfið mál. Í fyrstu myndinni rannsakar Jerico hrottalegt morð á ungum Jamaíkumanni í Notting Hill og kemst fljótt á þá skoðun að þar búi kynþáttafordómar að baki. Hann er truflaður við rannsóknina þegar auðmanni er rænt en ekki er allt sem sýnist.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn **07.05** Morgunvaktin **09.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Rokkað í Vittula
**14.30** Í grænni lautu
**15.03** Þuríður Pálsdóttir óperusöngkona
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Laufskálinn
**19.40** Sumarsaga barnanna: Borgin við sundið
**20.00** Hið fagra mun sigra að lokum
**21.40** Slæðingur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Útlendingurinn
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Hvítu svingdívurnar
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**08.40 Copa America 2007** (Bandaríkin - Paragvæ)

**10.20 Copa America 2007** (Argentína - Colombía)

**12.00 Wimbledon**

**17.00 PGA Tour 2007 - Highlights**

**17.55 Wimbledon** Í fyrsta skipti geta íslenskir sjónvarpsáhorfendur fylgst með útsendingum frá Wimbledon mótinu í tennis á íslenskri stöð. Wimbledon er eitt af risamótunum fjórum í tennisheiminum og einn allra stærsti árlegi íþróttaviðburðurinn á Bretlandseyjum. 128 keppa í einstaklingsgreinunum með útsláttarfyrirkomulagi, 64 af hvoru kyni.

**20.35 Sænsku nördarnir**

**21.25 KF Nörd** (15:15) Síðasti þátturinn um Knattspyrnufélagið Nörd þar sem Nördarnir fá að spreyta sig gegn Íslandsmeisturum FH frammi fyrir 7 þúsund áhorfendum á Laugardalsvellinum.

**22.20 Copa America 2007** (Perú - Bólivía)

**00.35 Copa America 2007** (Venesúela - Úrúgvæ)

## BBC PRIME

**6.15** Come Outside **6.30** Yoho Ahoy **6.35** Teletubbies **7.00** Passport to the Sun **7.30** Design Rules **8.00** The Life Laundry **8.30** Passport to the Sun **9.00** Model Gardens **9.30** Attenborough in Paradise **10.30** Yes Minister **11.00** My Hero 1**1.30** My Family **12.00** Ballykissangel **13.00** Waking the Dead **14.00** Passport to the Sun **14.30** Homes Under the Hammer **15.30** Bargain Hunt **16.00** My Hero 1**6.30** My Family **17.00** Perfect Holiday **17.30** A Life Coach Less Ordinary **18.00** Waking the Dead **19.00** Little Britain **19.30** Nighty Night **20.00** The Kumars At Number 42 **20.30** Manchild **21.00** Waking the Dead **22.00** Yes Minister **22.30** Little Britain **23.00** Nighty Night **23.30** My Hero **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Waking the Dead **2.00** Ballykissangel **3.00** Passport to the Sun **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Boogie Beebies **5.15** Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

## DR 1

**6.00** SommerSummarum **7.35** Yu-Gi-Oh! **10.3**5 Kærlighed **11.05** Ud i det blå **11.35** Et mål for livet **12.05** Dawsons Creek **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Hjerteflimmer Classic **13.30** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Anton **16.00** Når edderkoppen spinder et godt gys **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Miss Marple **18.00** Hokus Krokus 1**8.30** Smag på Danmark - med Meyer **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret på DR1 **19.45** De sorte fugle **21.15** Seinfeld **21.40** Mandeknusere **5.30** Home things **5.35** Anton **5.40** Byggemand Bob **5.50** Tagkammerater **6.00** SommerSummarum

## NRK 1

**6.00** Filip **6.20** Postmann Pat **6.35** Lykke er **6.36** Noahs dyrebare øy **7.05** Gjengen på taket **7.15** De tre vennene og Jerry **7.30** Trollz **8.00** Den dårligste heksa i klassen **8.25** Jungelens puls **8.30** Med hjartet på rette staden **9.15** Sport Jukeboks **10.00** Jukeboks: Norsk på norsk **11.05** Lunsjtrav **12.00** Wimbledon direkte **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Lille Prinsesse **16.10** Robotgjengen **16.25** Andunger **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **17.55** Nigellas kjøkken **18.25** Autofil **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Siste nytt **19.10** Sommeråpent **19.55** Romerrikets vekst og fall **20.45** Extra-trekning **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nachspiel Wimbledon **21.35** Norge i dag 21.45 Hva skjedde med Sarah? **22.55** Dorte Mandrup på nært hold **5.30** Sommermorgen **5.50** Peppa Gris **6.00** Filip

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Tintin **7.45** Blue Water High **10.00** Rapport **10.05** Gifta till sist **12.20** Lille Fridolf blir morfar **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Landet som Stalin tog **15.30** Bergen - Kirkenes t/r **16.00** Emil i Lönneberga **16.25** Bolibompas sommartips **16.30** Hej hej sommar **16.31** Tintin **17.00** Blue Water High **17.30** Rapport **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Morden i Midsomer **20.35** Livräddarna **21.05** Rapport **21.15** Six Feet Under **22.10** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige



## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er Thai Style í Kópavogi. Þetta er lítill, heimilislegur og fínn staður. Ég hélt þegar ég kom þangað fyrst að þetta væri einhver subbu-búlla en hann kom virkilega á óvart. Það er virkilega góður matur þarna.“*

Atli Rúnar Hermannsson plötusnúður.

# Tískugúrúinn Ási í útrás

Fatahönnuðurinn og stílistinn Ásgrímur Már Friðriksson, sem hefur meðal annars getið sér góðs orðs hér á landi fyrir sköpunarverk sín fyrir Silvíu Nótt, er lagstur í útrás og fluttur til Danmerkur. Þar starfar Ásgrímur, sem iðulega er kallaður Ási, á tímaritinu Cover, sem nýtur töluverðrar hylli í tískuheiminum. „Ég er aðstoðar-„fashion director“, eða tískustjórnandi,“ útskýrði Ási, sem flutti af landi brott í mars og hefur starfað á Cover síðastliðna tvo mánuði.

Ási segir danska tísku vera í uppsveiflu og hefur í nógu að snúast. „Ég er bara mjög sáttur, þótt það sé brjálað að gera,“ sagði hann og hló við. „Þetta er rosa flott tímarit, það flottasta hér. Það er meira „avant garde“ en hin blöðin. Það er um allt sem tengist sköpun; tónlist, myndlist, lífsstíl, fatahönnun og tísku,“ sagði Ási, en í verkahring hans felst stílistavinna, greinaskrif, viðtöl og skrif í vefrit blaðsins. Aðspurður hvort dönskukunnátta hans sé svona góð skellir hann upp úr. „Ég skrifa á ensku, og svo er það þýtt. Það er svo langt síðan að maður lærði dönsku,“ sagði hann sposkur.

Danmörk er þó ekki endanlegur áfangastaður hjá Ása. „Þetta er svona fyrsta stoppið. Ég ætla að hoppa á milli landa í einhvern tíma. Ég var ekkert bundinn heima og langaði að komast út og upplifa eitthvað nýtt,“ útskýrði hann. „Næst verður það London, París eða Berlín. Framtíðin leiðir það bara í ljós,“ sagði hann. - sun

**DÖNSK TÍSKA Í UPPSVEIFLU** Fatahönnuðurinn og stílistinn Ási er sáttur við danska tískuheiminn og hefur í nógu að snúast á nýjum stað.



**VIRT TÍMARIT** Að sögn Ása er Cover flottasta tímarit Dana, en það nýtur mikillar hylli í Danaveldi og þótt víðar væri leitað.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** merki **6.** kusk **8.** hrökk við **9.** fæða **11.** 999 **12.** eftirgjöf **14.** dans **16.** skóli **17.** for **18.** kærleikur **20.** hef leyfi **21.** viðlag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gan **3.** í röð **4.** umhverfis **5.** lærdómur **7.** hasast **10.** skel **13.** líða vel **15.** rænuleysi **16.** blástur **19.** drykkur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** tákn, **6.** ló, **8.** brá, **9.** ala, **11.** ím, **12.** náðun, **14.** tangó, **16.** ma, **17.** aur, **18.** ást, **20.** má, **21.** stef. **LÓÐRÉTT: 1.** flan, **3.** áb, **4.** kringum, **5.** nám, **7.** ólátast, **10.** aða, **13.** una, **15.** óráð, **16.** más, **19.** te.

## VEISTU SVARIÐ

1. Criterion-leikhúsinu
2. Krabbamein í blöðruhálskirtli
3. Ökkla sem hugsar

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ



**Í KRÖPPUM DANSI Í MOSKVU** Birgir Þórarinsson og félagar í hljómsveitinni Gus Gus lentu í óskemmtilegri lífsreynslu í Moskvu um helgina. Rýma þurfti tónleikastað þeirra eftir að sprengjuhótun barst tónleikahöldurum. Engan sakaði.

BIRGIR ÞÓRARINSSON: GUS GUS Í KRÖPPUM DANSI

# Sprengjuhótun í Moskvu

„Það fór aðeins um okkur,“ segir Birgir Þórarinsson, liðsmaður Gus Gus, en sveitin varð fyrir heldur óskemmtilegri lífsreynslu í Moskvu um helgina. Hljómsveitin átti að spila í vöruskemmu frammi fyrir sex þúsund manns þegar ljósin í húsinu voru kveikt og rödd bað alla gesti um að fara út. Hafði þá tónleikahöldurum borist sprengjuhótun en ekki er ljóst frá hverjum hún var.

Hótunin kom aðeins tíu mínútum áður en Gus Gus átti að stíga á svið. Birgir vildi hins vegar ekki meina að henni hefði verið beint gegn sveitinni. Eftir að húsið hafði verið fínkembt og lögreglan leitað af sér allan grun um að enga sprengju væri að finna héldu tónleikarnir áfram eins og ekkert hefði í skorist. „Reyndar voru þarna nýorðnar mæður sem voru ekki alveg rólegar og ekki sannfærðar um ágæti leitarinnar. Við erum hins vegar ýmsu vanir og teljum okkur nú hafa lent í svaðalegri hlutum,“ bætir Birgir við og rifjar upp æði spennuþrungna flugferð sveitarinnar með rússneskri rellu frá Mosvku til Síberíu. „Þá vorum við alveg sannfærð um að þetta væri okkar síðasta,“ segir Birgir sem vonaðist einna helst til að græjurnar þeirra myndu skila sér aftur.

Gus Gus hefur verið á ferð og flugi að undanförnu og spilaði meðal annars á hinni bresku Glastonbury. Eins og komið hefur fram var úrhellisrigning nánast allan tímann og allt svæðið eitt forarsvað. „Og sú ferð hófst reyndar ekkert alltof vel því rútan okkar bilaði og ferðaplan fór úr böndunum,“ segir Birgir. „Þegar við síðan komum á svæðið þá var úrhellisrigning allan tímann. En þegar við byrjuðum að spila þá tók sólin uppá því að fara glenna sig og Stebbi Steph bað alla um að rífa sig uppá rassgatinu og hrista á sér skrokkinn,“ segir Birgir sem taldi þetta vera eina eftirlætistónleika sína. „Það er nefnilega svolítið öðruvísi fyrir svona Nasa-sveit eins og okkur að leika fyrir tíu þúsund manns.“

Gus Gus er hvergi nærri hætt sínum ferðalögum þrátt fyrir svaðilfarirnar í Rússlandi. Hún stefnir ótrauð á að spila á tónlistarhátíðum í Austur-Evrópu og svo er stefnt á að fara í víking til Bretlands og Bandaríkjanna þegar hausta tekur. freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Umferð einkaþotna um Ísland hefur aukist til muna eftir að þoturnar urðu einn helsti ferðamáti ríka og fræga fólksins. Margir kunnir kappar hafa millilent hér á landi á síðustu mánuðum og nú hermir sagan að **50 Cent** hafi millilent á Reykjavíkurflugvelli á sunnudaginn var. Rapparinn ógurlegi stoppaði þó stutt að þessu sinni enda var hann bókaður á tónleika í Lundúnum í gær. 50 Cent er Íslendingum að góðu kunnur en hann lék á tónleikum í Egilshöll fyrir nokkru. Þá tróð hann einnig upp í fertugsafmæli **Björgólfs Thors Björgólfssonar** á Jamaíka fyrr á árinu ásamt **Jamiroquai** og **Ziggy Marley**.





Knattspyrnumaðurinn **Eiður Smári Guðjohnsen** er sem kunnugt er staddur hér á landi í sumarfríi um þessar mundir og um helgina skellti hann sér út á lífið. Kom Eiður meðal annars við á skemmtistaðnum Vegamótum ásamt veglegum vinahóp en þegar landsliðsfyrirliðann bar að garði teygði röðin á skemmtistaðinn sig langleiðina að Laugaveginum. Eiður er hins vegar flokkaður sem VIP á flestum skemmtistöðum borgarinnar og á Vegamótum um helgina þurfti ekki að spyrja að leikslokum. Þrátt fyrir mikla biðröð fékk Eiður og allt hans fylgdarlið flýtimeðferð inn á staðinn og almúginn mátti einfaldlega gjöra svo vel að bíða aðeins lengur.

Aðstoðarþjálfari íslenska handboltalandsliðsins **Guðmundur Guðmundsson** á von á barni með kærustu sinni, **Fjólu Ósland Hermannsdóttur**, fatahönnuði og hárgreiðslukonu. Guðmundur er þar með að verða faðir í fjórða sinn, en þetta er fyrsta barn Fjólu. Barnið er væntanlegt í heiminn í nóvember. -kh/vig/sók



# Lögreglan fylgist með klámframleiðslu

„Ég stefni á að byrja á miðvikudag. Við ætlum að vera í bílskúr hjá félaga mínum og nýta hann sem sviðsmynd,“ segir Sigurður Valdimar Steinþórsson, eigandi vefsíðunnar klam.is, en hann hyggst hefja framleiðslu á íslensku netklámi. Enn á þó eftir að staðfesta fjölda leikara í fyrstu myndinni en Sigurður hyggst ganga frá því á allra næstu dögum. „Það eru skiptar skoðanir um hvað má og hvað má ekki og til að mynda er klám oft skilgreint hvort kynfæri karls sést fara inn í kynfæri kvenna. BogB hefur hins vegar gert þetta og hver veit nema ég fari líka út í slíkt.“ Aðspurður hvort allir fjölskyldumeðlimir væru sáttir með starfið sagði Sigurður: „Bæði og. Mamma er ekki sátt og vill að ég hætti þessu en hún sér að það er ekkert að fara að gerast.“



**GEIR JÓN** Yfirvöld geta ekkert gert fyrr en brotið er framið.

Samkvæmt 210. grein hegningarlaga er ólöglegt að framleiða og dreifa klámi á Íslandi. Þær upplýsingar fengust hjá Geir Jóni Þórissyni yfirlögregluþjóni að yfirvöld gætu hins vegar ekkert gert fyrr en brotið hefði verið framið. Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar, sagði þá fylgjast vel með gangi mála. „Hins vegar er erfitt að aðhafast eitthvað fyrr en þetta er komið í dreifingu,“ segir Björgvin. Aðspurður hvort þeir vissu af vefsíðunni klam.is þar sem finna má klámefni sagði hann svo vera. „En lagaumhverfið hjá okkur sem og hjá öðrum vestrænum löndum bindur hendur okkar. Þetta efni er yfirleitt hýst hjá löndum þar sem yfirvöld eiga erfitt með að athafna sig,“ útskýrir Björgvin en upplýsti þó að ef umræddu efni yrði dreift á netið mætti Sigurður eiga von á heimsókn frá laganna vörðum. - fgg



**SIGURÐUR** Er borubrattur og hyggst láta löggjöf um klám sem vind um eyru þjóta.


FALLING IN BETWEEN
NBC
2B COMPANY
kynnir
TOTO
1 VIKA Í TOTO!
Ein besta hljómleikasveit í heimi:
Toto í Laugardalshöll 10.07.07
Ert þú búinn að tryggja þér miða?
Sérstakt tilboð til allra safnkorthafa N1: Miðaverð er
kr. 5.300 til safnkorthafa á kr. 3.300 + 1000 punktar.
Miðasala fyrir safnkorthafa er á tveimur þjónustustöðvum,
það eru N1 Ártúnshöfða og N1 Hringbraut.
ICELANDAIRHOTELS
N1
THULE
midi.is
www.TOTO99.com

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



FER SIGURFÖR UM HEIMINN

Wii™ LEIKJATÖLVA



Nintendo

Um 2000 vélar seldar á Íslandi

ORMSSON

ELLEFU VERSALNIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT




**BAKÞANKAR**


KARENAR D. KJARTANSDÓTTUR


## *Töffið í felulitum*

Fátt þykir karlmannlegra en að drepa fugla. Ég hef lengi haft megnasta ímugust á svokölluðum veiðimönnum. Með auknum þroska hefur hugsjónum mínum fækkað og fyrirlitning mín á hinum ýmsu þáttum mannlegrar tilveru útvatnast.

**BYSSUHVELLIR** vöktu mig eitt sinn upp af værum svefni þegar ég var barn. Þetta var á tíma fyrra Íraksstríðs. Ég bjó úti í sveit, langt frá heimsins vígaslóð. Því brá mér nokkuð við að sjá nokkra karlmenn, í kamóflas búningum að hætti bandarískra hermanna, á gangi fyrir utan herbergisgluggann minn með gúmmígæsir allt í kringum sig. Lengi á eftir fundum við systurnar tóm skothylki og dauðar gæsir sem „veiðimennirnir“ höfðu ekki haft rænu á að tína upp eftir sig. Sett var upp skilti sem á stóð að öll meðferð skotvopna væri óleyfileg á jörðinni. Svona ef ske kynni að fleiri menn, sem teldu eðlilegt að skjóta af byssum um nætur við íbúðarhús, myndu eiga leið hjá bænum.

**ÓBEIT** mín á fugladrápurum í felulitum er í rénun. Ég geri mér grein fyrir því að ekki eru allir byssukallar og -kellingar jafn miklir kjánar og þeir sem skutu fyrir utan húsið hjá mér forðum.

**STUNDUM** hefur hríslast um mig aulahrollur við að sjá fullorðið fólk í góðum holdum á ferð í jeppum með gúmmífugla og marghleypur. Samt hefur það reynt að útskýra fyrir mér að það sé mjög eðlilegt í bókstaflegri merkingu. Svokallað veiðieðli dragi það nefnilega út úr bænum með byssur. Það getur vel verið rétt. Þó kemst ég ekki hjá því að furða mig á því að veiðieðlið sé svona ríkt í nútímamanninum. Styttra er frá því mannskepnan var á akuryrkjustigi en veiðimannastigi. Því þætti mér eðlilegra að margir myndu vakna kaldsveittir um nætur af drífandi þörf fyrir að fara út og sá korni og taka upp kartöflur.

**ÉG** fann fyrir djúpstæðum skilningi á þessari tegund manna þegar byssukallar, hver á eftir öðrum, hringdu hálfskælandi í þáttinn hjá Gesti Einari árið 2003. Ástæða kveinstafa þeirra var sú að veiðibanni á rjúpu hafði verið komið á. Vesalings kallarnir voru alveg miður sín. Á þessum tíma hló ég illyrmislega yfir óförum þeirra og hlustaði á innhringingar í útvarp sem aldrei fyrr. Nú veit ég að það var rangt af mér. Svona hef ég þroskast.

**ÞAÐ** er mikilvægt að vera töff, það veit ég vel. Nú veit ég líka að töffheit eru mjög snar þáttur í svokölluðu veiðieðli. Þótt fólk megi gjarnan losna við nokkur kíló og eigi troðfullan ísskáp af matvöru hef ég fullan skilning á að það þurfi að drepa dýr. Jafnvel þótt stofnstærð svokallaðra veiðidýra sé í lágmarki. Og jafnvel þótt allar líkur séu á að björgunarsveitir verði kallaðar út á eftir örþreyttum borgarbúum á óbyggðum með veiðieðlið ólgandi í æðum, líkt og gerist hjá banhungruðum veiðihundum. Töffið útheimtir sitt.





KIA CARENS

Nýi sjö manna fjölnotabíllinn frá Kia er kominn og sameinar glæsilegt útlit, sveigjanlegt rými og frábæra aksturseiginleika.

**Ríkulegur staðalbúnaður:**

- ABS og EBD hemlakerfi
- ESP stöðugleikastýring
- Álfelgur
- Bakkskynjari
- Loftkæling
- 3ja punkta öryggisbelti fyrir sjö farþega
- Hraðastillir
- Aksturstölva
- Ræsitengd þjófavörn
- ... og margt fleira



BÍLABÍÓ

Nú bjóðum við KIA Carens með DVD bílabíói og þráðlausum heyrnartólum, ásamt 5 frábærum DVD diskum frá Senu.



HEKLA *KIA umboðið* á Íslandi er í eigu HEKLU.

**KIA** • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

KIA MOTORS *The Power to Surprise™*